

**Ársrit
Bandalags íslenskra leikfélaga
2003–2004**



Ársrit Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2003–2004

Efnisyfirlit:

Leiðari; Lárus H. Vilhjálmsson	3
Aðildarfélög	4
Stjórn, starfsmenn og nefndir	5
Leiklistarskólinn, júní og september 2003	6
Stuttverkahátíðin Margt smátt	10
Einpáttungahátíð að Húsabakka	12
Fundargerðir stjórnar 2003–2004	13
Fundargerð aðalfundar 2004	19
Ársreikningur 2003	33
Lög Bandalags íslenskra leikfélaga	42
Menningarstefna	45
Athyglisverðasta áhugaleiksýningin	46
Verkefni og skýrslur stjórna aðildarfélaganna	48
Tréhausinn; Hrund Ólafsdóttir	76
Leikferð til Litháen; Hörður Sigurðarson	79

Ritstjórn og ábyrgðarmenn:

Einar Rafn Haraldsson
Guðrún Halla Jónsdóttir
Hörður Sigurðarson
Lárus H. Vilhjálmsson
Júlíus G. Júlíusson

Uppsetning efnis:

Vilborg Árný Valgarðsdóttir

Prófarkalestur:

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir
Sævar Sigurgeirsson

Forsíðumyndin er úr sýningu Leikfélags Hörgdæla á Klerkum í klípu.

Útgefandi:

Bandalag íslenskra leikfélaga
Kt. 440169-0239
Laugavegi 96, 2. hæð, 101 Reykjavík
Símar: 551 6974 og 562 2944
Fax: 562 2984
Netfang: info@leiklist.is
Veffang: www.leiklist.is



Laugavegur 96

Leiðari

Nú í ágúst síðastliðnum var ég staddur á leiklistarhátíð norður-evrópsku áhugaleikhússamtakanna NEATA í Viljandi í Eistlandi og naut þess í fimm daga að horfa á leiksýningar og ræða um leiklist daginn út og daginn inn. Það var sérstakt ánægjuefni og fyllti mann stolti að sjá að sýning Hugleiks á „Undir hamrinum“ eftir Hildi Þórðardóttur í leikstjórn Ágústu Skúladóttur var einn af hápunktum hátíðarinnar. Það sannfærði mann um það einu sinni enn að þegar við hérna á Íslandi gerum vel þá stöndum við jafnfætis þeim bestu. Annað sem vakti athygli mína á þessari hátíð var hvað hún var vel skipulögð þótt það væri augljóst að heimamenn í Eistlandi hefðu ekki úr miklum fjármunum að spila. En það sem náttúrulega stóð upp úr var að vera þessa daga í andrúmslofti þar sem leiklistin réð ríkjum og þar sem sólarhringurinn snerist um að horfa á sýningar, tala við leikhúsfólk frá Litháen eða Svíþjóð eða taka þátt í námskeiði í slagsmálum á leiksviði. Leiklistarhátíð er frábær upplifun og maður minntist með eftirsjá og stolti hátíðarinnar okkar aldamótaárið.



Lárus H. Vilhjálmsson

Þið ykkar sem voruð á Akureyri í júní árið 2000 upplifðuð vonandi það sama. Fyrir mig var það allavega ógleymanlegur tími þar sem frábær hópur kvenna og karla úr hreyfingunni okkar vann myrkranna á milli við að gera allt sem best úr garði fyrir innlenda og erlenda hátíðargesti. Þarna sá maður frábærar sýningar út um allar trissur, í sundlaugum, fjallshlíðum og náttúrulega í félagsheimilum. Það var götuleikhús, ósýnilegt leikhús, námskeið og fjör í hátíðarklúbbi. En það sem stóð samt upp úr að lokinni fimm daga hátíð var samveran við allan þennan fjölda af skemmtilegu leikhúsfólki frá hverju landshorni og vini okkar frá Norðurlöndunum og Eystrasalti.

Núna, fimm árum síðar, er aftur blásið til hátíðar. Og aftur höldum við í höfuðstað Norðurlands og verðum á Akureyri dagana 22.–26. júní, 2005. Það er mikið lagt undir eins og á fyrri hátíð og er áætlað að 12 félög eða hópar sýni verk á hátíðinni, þar af þrjár erlendir. Erlendu hóparnir koma að þessu sinni frá Rússlandi, Litháen og Svíþjóð og er þar um að ræða sýningar sem eru vægast sagt frábærar. Sýnt verður í Samkomuhúsinu, í Húsinu, í Ketilhúsinu eða úti á víðavangi ef svo ber undir. Einnig verða á hátíðinni námskeið, uppákomur og náttúrulega skemmtun og samvera á hverju kvöldi í hátíðarklúbbi. Það er áætlað að hátt í þrjú hundruð þátttakendur verði á hátíðinni og Akureyri verður því undirlögð af áhugaleikurum þessa daga.

Mig langar til að hvetja ykkur sem eruð að fara að huga að starfi vetrarins að hafa hátíðina í huga. Helst langaði mig til að sjá hvert einasta félag innan Bandalagsins sækja um að komast á hátíðina. Þarna er tækifæri til að taka þátt í hátíð sem er á sama mælikvarða og hátíðir erlendis en með mun minni tilkostnaði og fyrirhöfn. Einnig langar mig til að heyra í þeim sem hefðu áhuga á að starfa við hátíðina og gera hana sem best úr garði. Nú í október er boðað til haustfundar á Akureyri og þar munum við ræða hvernig við gerum þessa hátíð sem besta og vona ég að sjá fulltrúa frá sem flestum félögum þar.

Það er góð venja þegar eitthvað ákveðið tímabil er liðið að líta til baka og meta hvað áunnist hefur. Og þegar maður lítur á síðasta leikár aðildarfélaga Bandalags íslenskra leikfélaga þá er hægt að vera stoltur. Starfsemin var blómleg að venju og fjöldi metnaðarfullra verkefna litu dagsins ljós. Það var ánægjulegt að sjá nýtt samstarf Borgarleikhússins og Bandalagsins fæðast í stuttverkahátíðinni Margt smátt og að venju lauk leikárinu með sýningu á Áhugaverðustu áhugaleiksýningu ársins í samstarfi við Þjóðleikhúsið. Skemmtileg einþáttungahátíð var síðan haldin meðfram aðalfundi Bandalagsins í Svarfaðardal. Leiklistarskóli Bandalagsins var óvenju vel sóttur að þessu sinni og komust færri að en sóttu um. Það er staðreynd að skólinn hefur fest sig varanlega í sessi eftir átta ára starf og er ein besta menntastofnun á landinu á sviði leiklistar. Það hlýtur bara að vera tímaspursmál hvenær menntayfirvöld átta sig á því og styrkja skólann til enn meiri afreka.

Næsta leikár lítur vel út og maður hefur hlerað að margar spennandi sýningar séu á leiðinni á fjálinnar. Það verður því frábært að sjá sem flestar þeirra á leiklistarhátíð á Akureyri í júní 2005.

Lárus Vilhjálmsson
formaður hátíðarnefndar
leiklistarhátíðar 2005

Aðildarfélag BÍL leikárið 2003–2004

- Freyvangsleikhúsið, Eyjafirði*
Halaleikhópurinn, Reykjavík
Hugleikur, Reykjavík
Leikdeild Umf. Vöku, Villingaholtshreppi
Leikfélag Blönduóss
Leikfélag Dalvíkur
Leikfélag Djúpavogs
Leikfélag Fljótsdalshéraðs
Leikfélag Hafnarfjarðar
Leikfélag Hofsóss
Leikfélag Hornafjarðar
Leikfélag Hólmavíkur
Leikfélag Húsavíkur
Leikfélag Hveragerðis
Leikfélag Hörgdæla
Leikfélag Keflavíkur
Leikfélag Kópavogs
Leikfélag Mosfellssveitar
Leikfélag Ólafsfjarðar
Leikfélag Patreksfjarðar
Leikfélag Rangæinga
Leikfélag Raufarhafnar
Leikfélag Reyðarfjarðar
Leikfélag Sauðárkróks
Leikfélag Selfóss
Leikfélag Seyðisfjarðar
Leikfélag Siglufjarðar
Leikfélag Sólheima, Grímsnesi
Leikfélag Vestmannaeyja
Leikfélag Þórshafnar
Leikfélagið Búkolla, S-Þingeyjarsýslu
Leikfélagið Grímnir, Stykkishólmi
Leikfélagið Hallvarður súgandi, Suðureyri
- Leikfélagið Kex, Osló, Noregi*
Leikfélagið La-gó, Grindavík
Leikfélagið M.a.s., Mosfellsbæ
Leikfélagið Ofleikur, Reykjavík
Leikfélagið Sýnir, á landsvísu
Leikfélagið Ultima Thule, Álalborg, Danmörku
Leikfélagið Vaka, Borgarfirði eystra
Leikflokkurinn Hvammstanga
Leikhópurinn Lopi, Hornafirði
Leikhópurinn Vera, Fáskrúðsfirði
Leikklúbbur Laxdæla, Búðardal
Leikklúbburinn Saga, Akureyri
Leikklúbburinn Spuni, Lúxemborg
Leiklistardeild Umf. Tálknafjarðar
Leiklistarfélag Seltjarnarness
Leiknefnd Umf. Grettis, Miðfirði
Leikskólinn, Reykjavík
Litli leikklúbburinn, Ísafirði
Nafnlaus leikhópurinn, Kópavogi
Reykvíska listaleikhúsið, Reykjavík
Skagaleikflokkurinn, Akranesi
Snúður og snælda, Reykjavík
Stúdentalleikhúsið, Reykjavík
Umf. Ármann, leikdeild, Kirkjubæjarklaustri
Umf. Biskupstungna, leikdeild, Bláskógabyggð
Umf. Dagrenning, leikdeild, Lundarreykjadal
Umf. Efling leikdeild, Reykjadal
Umf. Gnúpverja, leikdeild
Umf. Íslendingur, leikdeild, Hvanneyri
Umf. Reykdæla, Reykholti
Umf. Skallagrímur, leikdeild, Borgarnesi
Umf. Staðholtstungna, leikdeild, Norðurárdal
Víkurleikflokkurinn, Vík í Mýrdal

Stjórn, starfsmenn og nefndir



Meðstjórnandi og lénsherra
Höndur Sigurðarson
Reykjavík



Varaformaður
Guðrún Halla Jónsdóttir
Akureyri



Formaður
Einar Rafn Haraldsson
Egilsstöðum



Ritari
Hulda B. Hákonardóttir
Reykjavík



Meðstjórnandi
Lárus H. Vilhjálmsson
Mosfellsbæ



Varastjórn
María Gréta Ólafsdóttir
Sauðárkróki



Varastjórn
Guðrún Esther Arnadóttir
Mosfellsbæ



Varastjórn
Sigríður Karlsdóttir
Selfossi



Varastjórn
Margrét Tryggvadóttir
Hvolsvelli



Varastjórn
Júlíus Garðar Júlíusson
Dalvík



Ritari skrifstofu
til 1. september 2003
Ármann Guðmundsson



Ritari skrifstofu
frá 1.9.–31.12. 2003
Linda Björk Eiríksdóttir



Framkvæmdastjóri
Vilborg Á. Valgarðsdóttir



Ritari skrifstofu
frá 1. janúar 2004
Sigríður Lára Sigurjónsdóttir



Ritstjóri sögu BÍL
Bjarni Guðmarsson



Skólanefnd
Huld Óskarsdóttir
Reykjavík



Skólanefnd
Sigríður Karlsdóttir
Selfossi



Skólastjóri
Gunnhildur Sigurðardóttir
Mosfellsbæ



Skólanefnd
Anna Jeppesen
Reykjavík



Skólanefnd
Þorgeir Tryggvason
Reykjavík



Söguritunarnefnd
Þorgeir Tryggvason
Reykjavík



Söguritunarnefnd
Einar Guðni Njálsson
Selfossi



Söguritunarnefnd
Sigrún Valbergisdóttir
Reykjavík



Undirbúningsnefnd
leiklistarhátíðar 2005
Lárus H. Vilhjálmsson



Undirbúningsnefnd
leiklistarhátíðar 2005
Vilborg Á. Valgarðsdóttir

Leiklistarskóli Bandalags íslenskra leikfélaga

Skólinn starfaði að Húsabakka í Svarfaðardal dagana 14.–22. júní 2003 og í húsnaði Halaleikhópsins að Hátúni 12 í Reykjavík dagana 10.–14. september 2003. Haldin voru þrjú námskeið í Svarfaðardal og eitt í Reykjavík og voru nemendur samtals 49. Sjöunda árið í röð voru þær skólastýrur Gunnhildur Sigurðardóttir og Sigríður Karlsdóttir á Húsabakka, kennurum og nemendum til halds og trausts.

Hér á eftir koma lýsingar á námskeiðunum og myndir úr skólalastarfinu.



Sirrý, Toggi og Gunnhildur skólamefnarfélag,
í sólinni á tröppum Húsabakkaskóla.

Leikstjórn III – framhalds-sérnámskeið fyrir leikstjóra. Kennari Sigrún Valbergisdóttir.

Námskeiðið var beint framhald af Leikstjórn II og byggðist vinnan á því efni sem þátttakendur fóru í gegnum á undirbúningsnámskeiðunum. Aðaláherslan var á textaleikstjórn og vinnu leikarans með leikurunum.

Námskeiðið var með „master-class“ sniði, sem þýðir að allir fylgjast með öllum vinna og kennarinn grípur meira inn í vinnuna í hinni eiginlegu leikstjórn. Hver nemandi fékk eitt verk til að vinna, en jafnframt var gert ráð fyrir að hann kynnti sér verk allra hinna og léki í senum hjá hinum.

Megináherslan var á eina senu úr hverju verki, sem var unnin fyrir framan allan hópinn, en til grundvallar lá sýn leikstjórans og aðal hugmynd hans um útfærslu á verkinu.



Sigrún Valbergisdóttir

Nemendur Sigrúnar:

Bjarney Lúðvíksdóttir, Mosfellsbæ
Freyr Antonsson, Dalvík
Guðrún Halla Jónsdóttir, Akureyri
Gunnar Björn Guðmundsson, Hafnarfirði
Herdís Ragna Þorgeirsdóttir, Mosfellsbæ
Hrund Ólafsdóttir, Kópavogi
Hörður Sigurðarson, Reykjavík
Júlíus Garðar Júlíusson, Dalvík
Sesselja Traustadóttir, Reykjavík
Sævar Sigurgeirsson, Reykjavík
Unnur Guttormsdóttir, Reykjavík
Þorgeir Tryggvason, Reykjavík

Sérnámskeið fyrir leikara – Hvað er svona fyndið? Kennari Ágústa Skúladóttir.

Á þessu námskeiði var unnið markvisst og „intensívt“ að því að sviðsetja smásögur. Byggt var á aðferðinni „devised theatre“, þ.e. þegar hópurinn vinnur saman á æfingaferlinu að því að sviðsetja og finna leiklausnir fyrir verkið. Þegar unnið er á þennan hátt er hópurinn aðalatriðið og oftast en ekki þurfa allir að vera meira eða minna á fullri keyrslu allan tímann. Samtenging leikara og hlustun þeirra á milli þarf að vera mjög öguð og var farið í undirstöðuaðferðir til að efla slíka hlustun. Í upphafi var einnig litið á ólíkar leikaðferðir til að segja sömu söguna, t.d. bouffon, trúðleik og melodrama.



Ágústa Skúladóttir

Nemendur Ágústu:

Ármann Guðmundsson, Reykjavík
 Ástþór Ágústsson, Reykjavík
 Björn Thorarensen, Reykjavík
 Dýrleif Jónsdóttir, Akureyri
 Eva Karlotta Einarsdóttir, Siglufirði
 Frosti Friðriksson, Reykjavík
 Hjalti Stefán Kristjánsson, Mosfellsbæ
 Hulda Hákonardóttir, Reykjavík
 Karl Ingólfsson, Akureyri
 Krístrún Jónsdóttir, Egilsstöðum
 Lilja Nótt Þórarinsdóttir, Reykjavík
 Ólafur Haraldsson, Mosfellsbæ
 Rúnar Lund, Reykjavík
 Silja Björk Huldudóttir, Reykjavík
 Unnar Reynisson, Suðureyri
 Valgerður Arnardóttir, Mosfellsbæ



Allur hópurinn á Húsabakka

Leikritun II **Kennari Karl Ágúst Úlfsson.**

Á þessu námskeiði voru rifjuð upp stuttlega nokkur grundvallaratriði leikritunar, en síðan farið í verklegar æfingar. Þeir sem voru með verk í smíðum tóku þau með, og það sama gildi um þá sem áttu snilldarhugmyndir að verki, sem þeir höfðu ekki ennþá sett á blað.

Hugmyndir eða drög að verkum, lengri eða styttri, voru skoðaðar í hóp og miðað var við að æfingarnar á námskeiðinu hjálpuðu viðkomandi höfundum til að fleyta verki sínu eða hugmynd fram í átt að fullvinnslu.



Karl Ágúst Úlfsson

Nemendur Karls Ágúst:

Hermann Guðmundsson, Akranesi
Hildur Þórðardóttir, Reykjavík
Hrefna Friðriksdóttir, Reykjavík
Lárus H. Jónsson, Mosfellsbæ
Lárus Vilhjálmsson, Mosfellsbæ
Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Egilsstöðum
Ylfa Mist Helgadóttir, Bolungarvík
Þógrímur Daníelsson, Húsavík
Þórunn Guðmundsdóttir, Kópavogi

Myndir frá Húsabakka



Gervi og leikbúningar – kennarar Ásta Hafþórsdóttir og Alda Sigurðardóttir. Haldið dagana 10. til 14. september 2003 að Hátúni 12 í Reykjavík.

Ásta Hafþórsdóttir er leikgervahönnuður. Það felst í því að í nánú samstarfi við leikara, leikstjóra og aðra listræna stjórnendur leiksýninga skapar hún heildarmynd leiksýninga með fókus á gervi, en innifalið í því er förðun, hárgreiðsla, grímur og höfuðskraut. Ásta hefur tekið þátt í öllum sýningum Hafnarfjarðarleikhússins frá 1997 og hefur sett á þær sinn sérstaka svip sem áhorfendur eru farnir að þekkja, en undrast jafnan hugmyndaflugið í hverri sýningunni á fætur annarri. Ásta hannar einnig brúður og gerði m.a. hinn ódauðlega Júlíus fyrir samnefnda uppfærslu sem fór sigurför um heiminn.

Alda Sigurðardóttir er myndlistarkona og búningahönnuður. Hún hefur einstakt auga fyrir endurnýtingu og notkun ýmissa efna og hluta til að skapa nýja og óvenjulega leikbúninga úr venjulegum fötum úr búningasafninu. Alda gerði m.a. búninga fyrir leikritið Nýir tímar sem Leikfélagið Sýnir fór með um landið sumarið 2000 og vöktu þeir mikla athygli fyrir frábært útlit og efnisnotkun.

Námskeiðið var ætlað öllum sem hafa áhuga á að gera eitthvað nýtt og spennandi á þessu sviði.

Nemendur Öldu og Ástu:

Ásta Gísladóttir, Reykjavík
 Ásta Steinunn Ástþórsdóttir, Vestmannaeyjum
 Brynhildur Guðmundsdóttir, Fáskrúðsfirði
 Dómhildur Antonisdóttir, Húsavík
 Dýrleif Jónsdóttir, Akureyri
 Gerður Halldóra Sigurðardóttir, Selfossi
 Hanna Margrét Kristleifsdóttir, Mosfellsbæ
 Hrefna Friðriksdóttir, Reykjavík
 Katrín Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, Vestmannaeyjum
 Kristjana Jónasdóttir, Ísafirði
 Steinunn Ása Björnsdóttir, Akranesi
 Þórunn Jónsdóttir, Ísafirði



Ásta og Alda

Myndir frá námskeiðinu



Stuttverkahátíðin Margt smátt, haldin í Borgarleikhúsinu 25. október 2003

Borgarleikhúsið bauð Bandalagi íslenskra leikfélaga til samstarfs um litla einþáttungahátíð haustið 2003. Tilraunin tókst svo vel að ákveðið hefur verið að gera svona hátíð að árlegum viðburði.

Bandalag íslenskra leikfélaga og Borgarleikhúsið stóðu fyrir stuttverkahátíðinni Margt smátt laugardaginn 25. október 2003. Þar sýndu 9 leikfélög víðsvegar að af landinu 21 leikverk sem voru á bilinu 3–15 mínútur að lengd, langflest ný íslensk verk.

Tilgangurinn með hátíðinni var að vekja athygli á þeim vaxtarbroddi í áhugaleikhúsinu sem felst í ritun og uppsetningu stuttverka og því gróskumikla starfi sem unnið er um allt land á vegum áhugaleikfélaganna.

Hátíðin var sett í Borgarleikhúsinu kl. 17.00 laugardaginn 25. október. Setningarræður héldu þeir Guðjón Pedersen, leikhússtjóri Leikfélags Reykjavíkur og Einar Rafn Haraldsson, formaður Bandalags íslenskra leikfélaga.

Sýningarnar voru í beinu framhaldi af setningunni. Þær stóðu fram eftir kvöldi með tveimur stuttum hléum og einu hálf tíma matarhléi. Eftir að sýningum lauk voru stuttar umræður um hátíðina, þar sem þau Halldóra Friðjónsdóttir og Hávar Sigurjónsson gerðu grein fyrir sínum skoðunum á því sem fyrir augu bar. Að umræðum loknum var öllum hátíðargestum boðið til dansleiks í forsalnum.

Sýningar á hátíðinni:

Aðdragandi að glæp – Leikfélag Hafnarfjarðar
Vinna með handrit – Freyvangsleikhúsið
Hefndin er sæt – Huggleikur
Vertu úti – Leikfélag Mosfellssveitar
Leikæfing – Leikfélag Kópavogs
Jólasaga – Huggleikur
Bara innihaldið – Leikfélag Dalvíkur
Lífið í lit – Huggleikur
Hærra minn Guð til þín – Huggleikur
Hjartað er bara vöðvi – Leikfélag Hafnarfjarðar
Afturelding – Huggleikur
Augun mín og augun þín – Leikfélag Dalvíkur
Er einhver hérna? – Leikfélag Hafnarfjarðar
Sambekkingar – Leikfélag Fijótdalshéraðs
Einfalt ævintýri – Leikhópurinn Vera
Árshátíð – Huggleikur
Lásasál – Leikfélagið Sýnir
Vöknum lífsblómið – Leikfélagið Sýnir
Óþekk(t) kona – Leikfélag Kópavogs
Dansað við Svandísi – Leikfélag Hafnarfjarðar
Konan frá Nam Xuang – Leikfélagið Sýnir



Guðjón Pedersen



Einar Rafn Haraldsson

Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, bauð öllum þátttakendum í sýningunum til móttöku að Bessastöðum sunnudaginn 24. október. Hann og forsetafrúin, Dorrit Moussaieff, tóku höfðinglega á móti Bandalagsfólki og lýsti forsetinn aðdáun sinni á starfi leikfélaganna víðs vegar um landið og hvatti fólk til áframhaldandi dáða. Dorrit lék við hvern sinn fingur og er bara orðin nokkuð góð í íslenskunni.

Myndir frá hátíðinni



Einþáttungahátíð Bandalags íslenskra leikfélaga

Haldin í tengslum við aðalfund að Húsabakka í Svarfaðardal dagana 20. og 21. maí 2004

Sýningar á hátíðinni:

Leikklúbburinn Saga – Hamslaus

Höfundur: Laufey Brá Jónsdóttir og leikhópurinn

Leikstjóri: Laufey Brá Jónsdóttir

Hugleikur – Dómur um dauðan hvern

Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir

Leikstjóri: Þorgeir Tryggvason

Útlitshönnun: Hrefna Friðriksdóttir

Hugleikur – Máltaka

Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir

Leikstjóri: Þorgeir Tryggvason

Útlitshönnun: Hrefna Friðriksdóttir

Leikfélag Kópavogs – Hinir gullnu bogar hugrekkisins

Höfundur ókunnur

Leikstjóri: Hrund Ólafsdóttir

Hugleikur – Af hverju láta fuglarnir svona?

Höfundur: Ylfa Mist Helgadóttir

Leikstjóri: Rúnar Lund

Hugleikur – Listin að lífa

Höfundur: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir

Leikstjóri: Þorgeir Tryggvason

Leikmynd og búningar: Jón E. Guðmundsson, Sigríður

Lára Sigurjónsdóttir og leikhópurinn

Hljóðmynd: Björn Thorarensen

Leikfélag Kópavogs – Biðstöðvartíleikur

Höfundar: Harold Pinter, Hörður Sigurðarson og Huld

Óskarsdóttur

Leikstjóri: Hörður Sigurðarson

Freyvangsleikhúsið – Í vorsólinni eða X og Y

Höfundur og leikstjóri: Helgi Þórsson

Gagnrýni og umræður:

Magnús Geir Þórðarson og Lárus Vilhjálmsson

Myndir úr sýningunum:



Hinir gullnu bogar hugrekkisins



Listin að lífa



Biðstöðvartíleikur



Í vorsólinni eða X og Y

Fundargerðir stjórnarfundar Bandalags íslenskra leikfélaga

Stjórnarfundur BÍL 4. maí 2003 á Ísafirði

Mættir:

Einar Rafn Haraldsson, Hulda B. Hákonardóttir, Hörður Sigurðarson, Lárus Vilhjálmsson, Margrét Tryggvadóttir, Júlíus Júlíusson, Vilborg Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

1. Stjórn skiptir með sér verkum

Formaður: Einar Rafn Haraldsson

Varaformaður: Guðrún Halla Jónsdóttir

Ritari: Hulda B. Hákonardóttir

Meðstjórnendur: Hörður Sigurðarson og Lárus H. Vilhjálmsson

2. Úthlutunarfundur 2003

Ákv. að halda hann á skrifstofunni miðvikudaginn 2. júlí nk. kl. 13.00 og ef ekki tekst að ljúka honum þann dag, þá verði hægt að funda til hádegis daginn eftir.

3. Leiklistarhátíð BÍL 2005

Það er nokkuð ljóst að stefnt verður að leiklistarhátíð Bandalagsins með þátttöku erlendra leikhópa árið 2005. Því er ekki seinna vænna að stjórn fari að huga að skipan í undirbúningsnefnd. Hugmyndum verði safnað fyrir næsta fund.

Fleira ekki gert – fundi slitið.

Hulda B. Hákonardóttir, ritari

Stjórnarfundur 2. júlí 2003 að Laugavegi 96, Reykjavík

Mættir:

Einar Rafn Haraldsson, Guðrún Halla Jónsdóttir, Hulda B. Hákonardóttir, Hörður Sigurðarson, Lárus Vilhjálmsson, Júlíus Júlíusson, Margrét Tryggvadóttir, Sigríður Karlsdóttir, Vilborg Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar yfirfarin og samþykkt.

2. Úthlutun styrkja Menntamálaráðuneytisins v/leikársins 2002–2003.

Farið yfir styrkumsóknir aðildarfélaganna og tillaga gerð að úthlutun styrkja Menntamálaráðuneytisins. Að þessu sinni bárust 130 umsóknir frá 44 leikfélögum. Stjórn getur einungis gert tillögu um styrk þegar fyrir liggur gild umsókn og gögn skv. úthlutunarreglum BÍL

og því var eftirfarandi umsóknum hafnað:

Umsókn frá Leikfélagi Mosfellssveitar vegna leiklistar-námskeiðs sem uppfyllti ekki skilyrði um lágmarks-tímalengd (18 tímar).

Umsókn frá Leikfélagi Hornafjarðar vegna umsóknar-innar Með krús í hendi, sem að mati stjórnar gat ekki flokkast undir samsetta dagskrá heldur söngdagskrá / tónleika.

Umsóknum frá Leikfélaginu Ofleik, Leikfélagi Mosfells-sveitar og Leikfélagi Sólheima vegna samsettra dag-skráa / skemmtidagskráa þar sem tilskilin gögn bárust ekki.

(Sigríður Karlsdóttir fer af fundi)

Hörður Sigurðarson gerir eftirfarandi bókun:

Ég vil bóka mótmæli gegn styrkveitingu til Leikfélagsins Sýna vegna leikþáttadagskrárinnar Mýflugumynda. Þar hittist hópur fólks úr félaginu hluta úr degi til æfinga á nokkrum örleikritum og styttri leikþáttum sem sýndir voru sama dag. Um var að ræða skemmtilega leiklist-aruppákomu sem er allrar virðingar verð en ég tel það fráleitt að styrkja hana sem leiksýningu. Að veita Sýnum styrk eins og um leiksýningu sé að ræða er móðgun við þau félög sem leggja til á hverju ári krafta, fé og fyrir-höfn í þeim tilgangi að setja upp eins góðar sýningar og þeim er unnt.

Að auki sendir slík styrkveiting röng skilaboð til aðildar-félaganna. Styrkurinn á að hvetja leikfélögin til að setja upp eins góðar sýningar og geta þeirra og listfengi leyfir, ekki eins og tíminn eða öllu heldur tímaskorturinn leyfir.

Eftirfarandi umsóknir um sérstakt frumkvæði skv. lið D 4. voru samþykktar:

Umsókn frá Leikfélaginu Huggleik (f. Þetta mánaðarlega) samþykkt vegna frumkvæðis og öflugrar þróunarvinnu. Umsókn frá Leikdeild Umf. Vöku (f. Gullna Hliðið) samþykkt vegna óvenju metnaðarfullrar endurvakningar Leikdeildarinnar eftir 30 ára hvíld.

Umsókn frá Leikfélagi Dalvíkur (f. Kverkatak) samþykkt þar sem unnið hafði verið á afar nýstárlegan hátt með stóran hóp af ungu fólki sem var að stíga sín fyrstu skref í leikhúsvinnu.

Umsókn frá Leikfélagi Hafnarfjarðar (f. Sölu miðil) samþykkt sem frumlegt og athyglisvert tilraunaleikhús. Umsókn frá Leikfélagi Sólheima (f. Sólstafi) samþykkt fyrir athyglisverða leið til að vinna með tækni og hugmyndafræði leiklistarmeðferðar (dramatherapy) í leikhúsi.

Umsókn frá Leikfélagi Mosfellssveitar (f. Hobbitann)

samþykkt fyrir stórkostlega búningavinnu.

Ákv. að stjórn endurskoði úthlutunarreglur Bandalagsins í haust og ástæða þykir til að vekja athygli aðildarfélaganna á því að ekki er ósennilegt að framvegis verði myndbandsupptaka af ÖLLUM umsóknum sem falla undir liðina A (leiksýningar) og B (samsettar dagskrár / kabarettar / vandaðar bókmenntakynningar / götuleikhús) í úthlutunarreglunum sett sem skilyrði fyrir styrkveitingu.

3. Samstarf við Borgarleikhúsið. Einþáttungahátíð 27. september 2003.

Borgarleikhúsið hefur lagt til að Einþáttungahátíð haldin í samstarfi við BÍL verði haldin laugardaginn 27. sept. nk. Þar sem stjórn þykir tíminn orðinn nokkuð stuttur til undirbúnings er ákv. að athuga hvort önnur tímasetning og þá seinna í haust komi til greina frá hendi Borgarleikhússins.

Ákv. að skipa Júlíus, Lárus og Ármann í framkvæmdanefnd vegna þessa máls.

4. Gríman 2004.

Höfum við áhuga á að koma til greina sem flokkur við Grímuverðlaunin í íslensku leikhúsi í framtíðinni? Miklar umræður spunnust og sýndist sitt hverjum. Gætu slíkar tilnefningar og verðlaun sem besta áhuga-leiksýning ársins aukið veg okkar og virðingu – eða ekki? Ákv. að skoða betur og hugsa málið.

5. Haustfundur 2003.

Lagt er til að haldinn verði haustfundur í ár á Reykjavíkursvæðinu.

Fundarefni verði fyrst og fremst Grímuverðlaunin og væntanleg Leiklistaráhátíð Bandalagsins 2005. Það er ekki seinna vænna að fara að huga að undirbúningi fyrir hana.

Ákv. að Lárus og Vilborg setji undirbúningsvinnuna í gang sem fyrst og kalli til fólk eftir þörfum.

6. Ársrit 2002–2003.

Vilborg áréttar að aðalstjórn Bandalagsins er ritstjórn. Frá henni kemur leiðari árlega. Hún hefur endanlegt úrskurðarvald varðandi ritið. Stjórn skal fá sent efnisyfirlit ritsins áður en eiginleg uppsetning efnis hefst og gera strax við það sínar athugasemdir. Stjórn fær ritið til yfirlstrar að loknum prófarkalestri og hefur þá eina viku til að skila inn athugasemdum.

Ársritið skal koma út fyrir septemberlok.

Vilborg dreifir tillögu að efnisyfirliti f. næsta ársrit. Það er yfirlit og samþykkt auk þess sem hugmyndum um möguleg fleiri efni og greinar er varpað fram.

7. Endurskoðun samninga við starfsfólk, starfslýsingar. Liðnum frestað fram yfir Önnur mál.

8. Önnur mál.

a) Vefurinn hefur verið endurbættur lítillega þannig að

nú er hægt að framkvæma kannanir og kosningar á www.leiklist.is

b) Undirvefir á leiklist.is.

Hörður er búinn að taka saman hýsingarkostnað pr. aukavef þeirra sem sæktu um slíka undirdeild hjá okkur. Verður kynnt fyrir leikfélögunum næstu daga.

c) Kostnaður aðalfunda.

Það er orðið tímabært að endurskoða skipulag og kostnaðarhlið við þinghald okkar. Það er ljóst að það eru ekki öll leikfélög sem hafa bolmagn til að senda fulltrúa (hvað þá fleiri) til þingsetu fyrir tugi þúsunda. Ákv. að skoðaðir verði möguleikar á ódýrara fyrirkomulagi.

d) Hugarflugsfundur stjórnar.

Ákv. að halda helgarstjórnarfund í haust og athugað verði með ferð í kyrrlátan bústað um miðjan september.

(Vilborg Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson fara af fundi).

7. Ráðningarsamningar og starfslýsingar.

Stjórn fer yfir ráðningarsamninga Vilborgar og Ármanns.

Ákv. að endurskoða þá og leggja til að laun verði hækkuð í samræmi við þá launaþróun sem orðið hefur hjá VR.

Vilborg hefur tekið saman starfslýsingar á störfum framkvæmdastjóra og ritara Bandalagsins. Ákv. að biðja Ármann að gera samantekt á sínum störfum / starfssviði og síðan mun stjórn fara betur yfir málið. Það er vissulega gott og þarft að til sé e.k. yfirlit yfir starfsemi skrifstofunnar.

Fleira ekki gert — fundi slitið.

Hulda B. Hákonardóttir, ritari.

Stjórnarfundur 11. október 2003, haldinn í Miðhúsaskógi.

Mættir:

Einar Rafn Haraldsson, Guðrún Halla Jónsdóttir, Hulda B. Hákonardóttir, Hörður Sigurðarson, Lárus Vilhjálmsson, Guðrún Esther Árnadóttir, Margrét Tryggvadóttir, Sigríður Karlsdóttir og Vilborg Valgarðsdóttir.

1. Þjónustumiðstöðin – mannráðningar.

Ármann Guðmundsson hefur látið af störfum á skrifstofunni og fram til áramóta er þar starfsmaður í tímabundinni ráðningu, Linda Björk Eiríksdóttir. Við ræddum hvort auglýsa bæri stöðuna eða ekki þar sem hæfur umsækjandi er fyrir hendi í framtíðarstarf frá áramótum. Okkur ber ekki skylda til þess og framkvæmdastjóri telur það í raun óþarft að þessu sinni þar sem einhugur ríkir um að ráða fyrrnefndan hæfa umsækjanda.

2. Vefurinn.

Tíðindalítið á þeim vígstöðvum, enda sumarfrí nýfstaðin og leikárið rétt að komast í gang. Ármann verður áfram í vefnefnd.

Netverslunin – Hörður ætlar að fá nánari hugmyndir frá Vefsýn um hvernig kerfið verður sett upp.

Beiðni um að stjórn samþykki 80 þús. kr. fjárveitingu til að koma upp vörulýsingum í verslunarkerfinu á vefnum. Samþykkt.

Kannakerfið sem við höfum frá Vefsýn þarf að endurskoða og endurvinnna.

Leikhópar.is (sjálfstæðu atvinnuleikhóparnir) eru komnir undir okkar vef. Fleiri hópar (Leiklistarsambandið, Félag ísl. leikara) hafa sótt um hýsingu og verður það afgreitt sem fyrst.

Leiklistargagnrýni á vefnum – spurning um að skipuleggja það betur. Eins og verið hefur, með undantekningum þó, eru það aðallega leikfélögin á suðvesturhorninu sem hafa verið sett undir gagnrýnisaugað.

Kannski hugmynd að skrifstofan hafi samband við leikfélögin og bendi þeim á að það er hægt að fá gagnrýni á vefinn (svo fremi að einhver sé viljugur á svæðinu).

Hvernig er hægt að fá fleiri fréttir frá landsbyggðarleikhúsunum? Hefur gamla vandamálið frá Leiklistarblaðinu fært sig inn á vefinn? Það er greinilega jafnerfitt og áður að virkja fréttasápa í fjórðungunum til að upplýsa um nýjasta nýtt á fjöllum landsbyggðarinnar. Er hugmynd að „sækja“ fréttirnar heim í hérað, t.d. með því að láta skrifstofuna hringja í formenn með reglulegu millibili?

3. Skólinn.

Skipan í nefndir. Skólanefnd mælist til þess við stjórn að sett verði ákvæði inn í starfsreglur Bandalagsins um endurskoðun á skipan manna í langtímanefndir, s.s. skólanefndina.

Námskeiðsáætlun fyrir næsta ár liggur fyrir. Fram kom í umræðunni að það væri mikilvægt að styðja vel við bakið á námskeiðum í leikritun og leikstjórn. Skólinn hefur þróast og má segja að hann sé eina heildstæða leiklistarnám undir háskólastigi sem boðið er upp á hérlendis.

Hugsum um að það má sækja góða kennara til útlanda – hafa það í huga t.d. 2005.

4. Örleikritahátíð Borgarleikhúss og BÍL 25. okt. nk.

Þessa stundina lítur út fyrir að 9 félög hafi sótt um með 22 verk – og sennilegt að þau verði öll talin hæf til að taka þátt!

5. Leiklistarhátíð 2005

Lárus og Vilborg eru komin í startholurnar og sannfæra okkur um að best sé að halda hátíðina á Akureyri. Lárus verði formaður framkvæmdanefndar og velji fólk til starfa. Nú kemur sér vel að eiga öll gögn um framkvæmd L2000 sem hægt er að nota sem leiðarljós núna. Eitt það fyrsta sem þarf að gera er að tryggja alla aðstöðu á staðnum – með undirskrift og innsigli!

6. Úthlutunarreglurnar.

Stjórn ákveður að:

- framvegis komi engin umsókn til álita nema henni fylgi myndbandsupptaka. Stjórn verður að geta haft möguleika á að kanna réttmæti allra umsókna.
- framvegis heiti liður B): Önnur leiklist (t.d. kabarett, götuleikhús).
- álag fyrir nýja þýðingu undir lið D) falli niður. Framvegis verði hægt að sækja um álag vegna nýrra þýðinga sem frumsýningarálag eða sem sérstakt frumkvæði.
- liðurinn Ný tónlist heiti framvegis: Frumsamin tónlist.

7. Gríman.

Eigum við að stefna að því að komast inn í Grímuverðlaunaveitinguna með bestu áhugaleiksýningu ársins? Ákv. að leggja málið fram til umræðu á næsta aðalfundi.

8. Fundir.

Kostnaður félagsmanna vegna aðalfundar er farinn að verða hamlandi fyrir þátttöku á aðalfundum. Hvað er til ráða? Eigum við að finna nokkra heppilega og ódýra staði til að funda á kostnað þess að fara stöðugt vítt og breitt um landið. Væri þannig hægt að gera langtímasamning við 3–4 staði?

Eigum við að halda aðalfund í Reykjavík 2. hvert ár þegar ekkert er í tengslum við fundinn og einþáttinga-hátíð 2. hvert ár utan Reykjavíkur?

Eru næg efni til að halda haustfund á þessu hausti? Niðurstaðan varð að svo væri ekki. Hann verður því blásinn af.

9. Samningar við leikstjóra.

Af gefnu tilefni er ástæða til að ítreka við leikfélögin að þau muni eftir því að gera hreinræktaða samninga við leikstjóra sína, þ.e. annað hvort launþegasamning eða verktakasamning.

Fleira ekki gert – fundi slitið

Hulda B. Hákonardóttir, ritari.

Stjórnarfundur 13. mars 2004, haldinn að Laugavegi 96, Reykjavík.

Mættir:

Guðrún Halla Jónsdóttir, Hulda B. Hákonardóttir, Lárus Vilhjálmsson, Guðrún Esther Árnadóttir, Sigríður Karlsdóttir, Vilborg Valgarðsdóttir og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar yfirfarin og samþykkt.

2. Starfsáætlun yfistandandi leikárs yfirfarin. Eftirfarandi atriði voru rædd sérstaklega:

a) Rekstur fasteigna skv. viðhaldsáætlun. Framkvæmdatillögur vegna næstu lóða vestan við Laugaveg 96 kynntar fyrir fundinum. Þar er ætlunin að reisa mikið skrifstofu- og verslunarhúsnæði á næstu 2 árum og fær skrifstofan þá loksins einangrun fyrir vegginn sem varð úti þegar Stjórnubíó var rífið hér um árið.

Skipt hefur verið um rafmagn í stigagangi og allar símalagnir í sameign endurnýjaðar.

(Hörður Sigurðarson mætir á fundinn og Einar Rafn Haraldsson litlu síðar).

b) Vefurinn.

Samstarfið við Vefsýn (sem hýsir leiklist.is) hefur gengið örlítið tregar í vetur en áður, spurning hvort um er kenna annríki þeirra Vefsýnarmanna. Hörður og Vilborg ræða við þá hið fyrsta.

c) Framlög úr opinberum sjóðum.

Haldið verður áfram að þrýsta á menntamálaráðuneytið til að fá hækkaða styrki bæði til reksturs þjónustumiðstöðvarinnar og til starfsemi leikfélaganna. Reynt hafði verið að gera þjónustusamning við fyrrverandi ráðherra en eftir mannaskipti á ráðherrastól er það víst ekki lengur heppileg aðferð. Reynt verður að fá fund með nýja ráðherra sem fyrst. Þess má geta að styrkur mmr. vegna leiksýningar í fullri lengd nemur nú um 1/3 af leikstjóra-launum og ennfremur að sjálfstæðu leikhóparnir fá um 40 millj. í árlegan styrk meðan okkar er rétt yfir 17 millj. (var áður jafnhár).

d) Leiklistarhátíð 22.–26. júní 2005 á Akureyri.

Búið er að ganga frá pöntunum á húsnæði bæði fyrir gistingu og sýningar. Ennfremur senda boð til tveggja leikhópa frá Rússlandi og Litháen um að koma með sýningar á hátíðina. Lárus og Vilborg munu á næstunni leita til fyrirtækja sem okkur finnst líkleg til að vilja styrkja hátíðina.

e) Útgáfa á Sögu BÍL 1950–2000.

Bjarni Guðmarsson söguritari hefur skilað uppkasti að 4 köflum í væntanlegri sögu BÍL. Samningur við hann rennur út 6. apríl nk. Bjarni mun mæta á fundinn síðar og gera grein fyrir stöðu mála.

3. Aðalfundur 2004 á Dalvík og einpáttungahátíð helgina 20.–23. maí.

a) Aðstaða og verð á Dalvík.

Dalvíkingar hafa lagt fram kostnaðaráætlun sem stjórn getur ekki sætt sig við, þar sem fyrir liggur að reynt verði að ná niður kostnaði við upphald á aðalfundum. Ef ekki tekst að finna viðunandi lausn á næstu dögum verður leitað til annars leikfélags um að skipuleggja fundinn og hátíðina.

b) Ársreikningur BÍL fyrir 2003 yfirfarinn og samþykktur.

Eftirfarandi athugasemdir voru gerðar:

Vilborg upplýsir að óvenju erfiðlega gangi að innheimta árgjöld frá leikfélagunum og að nú séu u.þ.b. 400.000 kr. í ógreiddum gjöldum.

Framvegis verði verktakalaun á vegum Bíl færð í sér

lið en ekki sem „laun starfsfólks“.

c) Starfsáætlun fyrir árið 2004–2005. Tillaga stjórnar samin.

Varðandi Almenna starfsemi, lið 2) er skrifstofu falið að gera viðhaldsáætlun fyrir fasteignina.

Undir liðnum sérverkefni starfsársins urðu talsverðar umræður um samstarf BÍL og Borgarleikhússins kringum stuttverkahátíðina „Margt smátt“ þ. 25. okt. sl. Annars vegar um hvernig okkur þótti til takast, hins vegar hvort við sækjumst eftir áframhaldi. Þess má geta að Guðjón Pedersen, Borgarleikhússtjóri, hefur í bréfi til Bandalagsins lýst vilja til að endurtaka leikinn.

Heilt yfir erum við sammála um að hátíðin hafi tekist nokkuð vel þó alltaf megi gera betur eins og gengur. T.d. finnst okkur að Borgarleikhúsið hefði mátt standa betur að kynningu á hátíðinni og skv. undirbúningsnefnd BÍL var maturinn ekki á þann veg sem búist hafði verið við. Umræðu- eða gagnrýnifund strax í lok hátíðarinnar þarf að skipuleggja miklu betur, það þarf að vera skýrt hvaða hlutverki hann á að þjóna.

Hvernig á að velja sýningar á svona hátíð? Eftir hverju á valnefnd að starfa? Velja að sínu mati bestu sýningarnar eða leggja áherslu á að sýningar séu frá sem flestum leikfélögum? Mismunandi sjónarhorn þar sem eitt þarf auðvitað ekki að útiloka annað.

Stjórn er einhuga um að vilja halda samstarfinu áfram og halda næstu hátíð haustið 2004 en jafnframt íhuga þann kost að þar eftir verði hátíðin haldin annað hvert ár og þá sama ár og Bandalagið heldur einpáttungahátíð í tengslum við aðalfundi sína. Þannig væri hægt að hugsa sér að einpáttungahátíðir okkar að vori yrðu hvati og n.k. aðalæfing fyrir „Margt smátt“ að hausti.

Tillaga að sérverkefnum starfsársins:

1. Halda haustfund til undirbúnings leiklistarhátíðar sumarið 2005.
2. Halda stuttverkahátíð í samstarfi við Borgarleikhúsið haustið 2004.
3. Undirbúa Leiklistarhátíð á Akureyri sem halda á dagana 22.–26. júní 2005.
4. Stefna að útgáfu Sögu Bandalagsins 1950–2000 á leikárinu.

4. NEATA-hátíðin í Viljandi 2004.

Ákveðið að stjórn skipi valnefnd sem velur og mælir með sýningu fyrir Íslands hönd á hátíðina.

(Bjarni Guðmarsson mætir á fundinn).

5. Samningur við ritstjóra Sögu BÍL.

Bjarni gerir grein fyrir þeirri vinnu sem fram hefur farið, samstarfinu í sögunefnd sem hefur verið með miklum ágætum og hugmyndum sínum um framhaldið. Ritunin hefur orðið tímafreakari en í upphafi var ætlað og saga Bandalagsins meiri en virtist við fyrstu athuganir. Bjarni telur sig geta náð að ljúka rituninni í septemberlok á þessu ári. Ákveðið að fyrirbyggjandi samningur við Bjarna gildi því áfram í óbreyttri mynd næstu 6 mánuði.

(Bjarni fer af fundi).

6. Önnur mál.

a) Gríman, þátttaka okkar í íslensku leiklistarverðlaununum. Viljum við sækjast eftir að verða með í Grímu-hátíðinni?

Ákveðið að allir stjórnarmenn útbúi lista yfir með/móti hugmyndum sínum og sendi hver öðrum. Úr þeim hugmyndum er síðan hægt að leggja grunn að umræðu á næsta aðalfundi.

(Sigríður Karlsdóttir og Guðrún Esther fara af fundi).

b) Spurningalisti frá IATA.

Bandalaginu hefur borist erindi frá Olaf Grimstad fyrir hönd IATA sem ber yfirskriftina: Working towards an AITA/IATA artistic development committee. Um er að ræða ítarlegan spurningalista varðandi leiklist áhuga-fólks á Íslandi og ennfremur beðið um tengilið fyrir Ísland við nefndina.

Ákveðið að leita til Þorgeirs Tryggvasonar til að sinna erindinu.

c) Umsókn um aðild að BÍL frá Leikdeild Umf. Grettis. Stjórn getur ekki fallist á umsóknina og verður hún endursend með viðeigandi tillögum um endurbætur á lögum félagsins.

d) Umsókn frá Ultima Thule. Stjórn gerir minni háttar athugasemd sem félagið verður beðið að taka til greina.

e) NAR-fundur í Danmörku helgina 20.–21. mars. Einar Rafn mun sitja fundinn.

Fleira ekki gert – fundi slitið.
Hulda B. Hákonardóttir, ritari.

Stjórnarfundur BÍL 20.–21. maí 2004, haldinn að Húsabakka í Svarfaðardal.

Mættir:

Einar Rafn Haraldsson, Guðrún Halla Jónsdóttir, Hulda B. Hákonardóttir, Hörður Sigurðarson, Lárus Vilhjálmsson, Margrét Tryggvadóttir, Júlíus Júlíusson, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir og Vilborg Valgarðsdóttir.

1. Inntaka nýrra leikfélaga.

Umsóknir um aðild að BÍL hafa borist frá eftirtöldum leikfélögum:

Reykvíska listaleikhúsið, Reykjavík
Leikfélagið KEX, Osló, Noregi
Leikfélagið Ultima Thule, Álaborg, Danmörku
Leiknefnd Umf. Grettis, Miðfirði
Umsóknir yfirfarnar og samþykktar af stjórn.

2. Dagskrá aðalfundar yfirfarin og stjórn deilir með sér verkefnum fyrir fundinn.

Nokkrar umræður spunnust varðandi sérverkefni 2. á Starfsáætlun, stuttverkahátíð í Borgarleikhúsi. Þótti

flestum að þörf væri á að setja væntanlegri valnefnd skýrari ramma um forsendur fyrir vali á hátíðina.

Varðandi almenna starfsemi Starfsáætlunarinnar lið 5. viðhald vefsíðunnar, óskar Hörður eftir að stjórn skipi nýja vefnefnd.

Varðandi lið 4. Starfsemi Leiklistarskóla BÍL, gerir Hörður athugasemd við val í skólann í ár, þar sem skólanefnd breytti vali sínu á einu af námskeiðunum eftir að hún var búin að tilkynna um val sitt. M.ö.o. breytti skólanefnd forsendum sínum eftir athugasemd frá einum kennaranna.

Það er ljóst að setja þarf skýrari vinnureglur sem geta stuðlað að aukinni samræmingu milli skólanefndar og kennara.

(Vilborg og Sigríður Lára fara af fundi).

3. Stjórnarsamstarf.

Miklar umræður urðu um störf stjórnar og framgöngu einstakra stjórnarmanna að undanfögnu.

Fundi frestað til næsta dags.

20. maí 2004

Stjórnarfundur fram haldið þar sem frá var horfið.

Mættir:

Einar Rafn, Guðrún Halla, Hulda, Hörður, Lárus og Júlíus.

3. Stjórnarsamstarf – frh.

Umræðum haldið áfram m.a. um vinnulag innan stjórnar og ágreining þar um.

Bókun:

Við undirrituð viljum mótmæla þeim vinnubrögðum formanns BÍL að framfylgja ekki samþykktum stjórnar sem og viðbrögðum hans þegar óskað er skýringa á því. Sömuleiðis viljum við mótmæla því að formaður sendi bréf til aðila utan stjórnar þar sem vísað var í viðkvæm trúnaðarmál sem ákveðið hafði verið að færa ekki til bókar.

Hulda B. Hákonardóttir
Lárus Vilhjálmsson

Vegna alls þessa biðst Hulda undan því að þurfa að sitja sem aðalstjórnarmaður á aðalfundi BÍL.

(Guðrún Esther Árnadóttir, Vilborg og Sigríður Lára mæta á fundinn)

4. Önnur mál.

a) Erlent samstarf. Einar Rafn segir frá NAR-fundi sem hann sótti í mars sl. Þar bauð hann 2 NUTU-fulltrúum á aðalfund BÍL á Húsabakka. Ekki varð úr frekari samskiptum varðandi boðið þar til nú að fulltrúarnir 2 eru mættir á svæðið. Morten frá Danmörku og Christopher frá Noregi munu halda örstutt kynningarerindi á aðalfundinum.

- b) Bréf frá Lárusi Jónssyni til BÍL þar sem hann veltir fyrir sér spurningunni: Er áhugaleiklist á villigötum? lesið og rætt. Ákveðið að leggja spurninguna fyrir umræðuhópa um næstu starfsáætlun á aðlafundinum.
- c) Margt smátt. Borgarleikhúsið hefur boðið BÍL að halda aftur svona hátíð þann 23. október 2004.

*Fleira ekki gert – fundi slitið.
Hulda B. Hákonardóttir, ritari.*

**Myndirnar á þessari síðu voru
teknar þegar stjórnin hélt
vinnufund í Miðhúsaskógi
11. október 2003**



Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga

Haldinn að Húsabakkaskóla í Svarfaðardal dagana 22. og 23. maí 2004

1. Fundarsetning. Kosning tveggja fundarstjóra og tveggja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmeiti fundarins kannað.

Einar Rafn Haraldsson setti fund. Tveir fundarstjórar kosnir, Regína Sigurðardóttir frá Leikfélagi Húsavíkur og Krístrún Jónsdóttir frá Leikfélagi Fljótsdalshéraðs, og tveir fundarritarar, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, starfsmaður skrifstofu Bandalagsins og Dýrleif Jónsdóttir frá Freyvangsleikhúsinu.

2. Kjörnefnd afgangið kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.

Regína Sigurðardóttir, formaður kjörnefndar, afgangið kjörbréf og gerði grein fyrir stöðu mála í stjórnarkjöri. 3 höfðu lokið kjörtímabili, Hulda Hákonardóttir, Hörður Sigurðarson og Lárus Vilhjálmsson. Hörður og Lárus gáfu kost á sér til endurkjörs. Í varastjórn höfðu einnig 3 lokið kjörtímabili, Júlíus Júlíusson, Margrét Tryggvadóttir og María Gréta Ólafsdóttir. Júlíus og Margrét gáfu kost á sér til endurkjörs.

Fundarmenn kynntu sig, fundinn sátu 58 manns frá 22 leikfélögum auk tveggja gesta frá NUTU, Nordisk Ungdomsteaterutvalg.

3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.

Júlíus Júlíusson las menningarstefnu BÍL. Engar umræður urðu um hana.

Regína kynnti niðurstöður kjörnefndar. 21 leikfélag hafði atkvæðisrétt á fundinum auk stjórnar. Atkvæðaseðlum útbýtt.

4. Inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.

Guðrún Halla Jónsdóttir:

4 félög höfðu sagt sig úr Bandalaginu frá síðasta fundi: Leikfélag Ólafsvíkur, Umf. Mývetningur, leikdeild, Leikfélagið Baldur, Bíldudal og Umf. Hrunamanna, leikdeild. 3 félög voru tekin af félagaskrá vegna árgjaldaskulda: Leikfélag Bolungarvíkur, Leikklúbbur Skagastrandar og Leikhópur Mána, Hornafirði.

4 félög höfðu sótt um aðild: Leikfélagið Kex, Osló, Norgei, Leiknefnd Umf. Grettis, Miðfirði, Leikfélagið Ultima Thule, Álaborg, Danmörku og Reykvíska listaleikhúsið, Reykjavík.

Guðrún Esther Árnadóttir bar upp fyrirspurn um hvort Reykvíska listaleikhúsið væri gjaldgengt sem aðili að Bandalaginu, þar sem félagsmenn þeirra væru namar við leiklistardeild Listaháskóla Íslands. Guðrún Halla

svaraði því til að engar forsendur væru til að samþykkja það ekki inn þar sem þau væru ekki útskrifuð sem leikarar og þar með ennþá áhugamenn. Þau falli ekki undir nein lög um atvinnuleikhús.

Nokkrar umræður spunnust um Reykvíska listaleikhúsið, hvort það tengdist listaháskólanum. Guðrún Halla las upp fjórðu grein laga Bandalagsins, sem gerir grein fyrir skilyrðum fyrir inngöngu. Taldi hún að Listaleikhúsið uppfyllti öll ákvæði sem þar væru sett fram. Huld benti á að Listaleikhúsið væri ekki félag á vegum Listaháskólans. Lárus Vilhjálmsson benti á að Stúdentaleikhúsið væri aðili að Bandalaginu þrátt fyrir að tengjast Háskóla Íslands.

Kosið var um inngöngu hvers félags fyrir sig. Leikfélagið Kex: Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Leiknefnd Umf. Grettis: Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Ultima Thule: Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Reykvíska listaleikhúsið: Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgangið.

Engar athugasemdir komu fram við fundargerð síðasta aðalfundar.

6. Skýrsla stjórnar.

Einar Rafn Haraldsson las.

Ársskýrsla stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga fyrir starfsárið 2003–2004

Lögð fram á aðalfundi á Húsabakka 22. maí 2004.

Stjórn Bandalagsins er þannig skipuð: Einar Rafn Haraldsson, Egilsstöðum, formaður Guðrún Halla Jónsdóttir, Akureyri, varaformaður Hulda Björg Hákonardóttir, Reykjavík, ritari Hörður Sigurðarson, Reykjavík, meðstjórnandi Lárus Húnfjörð Vilhjálmsson, Mosfellsbæ, meðstjórnandi Í varastjórn eru: Sigríður Karlsdóttir, Selfossi Guðrún Esther Árnadóttir, Mosfellsbæ Margrét Tryggvadóttir, Hvolsvelli María Gréta Ólafsdóttir, Sauðárkróki Júlíus Garðar Júlíusson, Dalvík

Framkvæmdastjóri Bandalagsins er Vilborg Árný Valgarðsdóttir og ritari skrifstofu er Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, en hún tók við starfinu þann 1. janúar 2004 af Lindu Björk Eiríksdóttur sem hafði tekið við af Ármanni Guðmundssyni þann 1. september 2003.

Stjórnarfundir:

Stjórnin hefur komið saman til 5 reglulegra stjórnarfundu frá síðasta aðalfundi. Þeir hafa verið haldnir á Ísafirði, í Miðhúsaskógi, hér á Húsabakka og í Þjónustumiðstöðinni í Reykjavík. Margvísleg málefni hafa að venju verið til umfjöllunar, s.s. úthlutun styrkja, málefni Leiklistarskóla BÍL, fjármál BÍL, rekstur Leiklistarvefjarins, ritun sögu BÍL ásamt undirbúningi að Leiklistarhátíð 2005. Allar fundargerðir stjórnarfundu er að finna í ársriti BÍL og á leiklist.is undir Bandalagið/Fundir. Á fundum eru skoðanaskipti yfirleitt líflæg og fjallað um flest þau svið er áhugaleikhúsið varða.

Leikfélögin:

Aðildarfélögin voru eftir síðasta aðalfund 69 talsins. Eftir því sem næst verður komist hafa um 40 leikfélög verið starfandi á leikárinu og hafa þau sett upp samtals 74 verkefni, þar af eru 20 íslensk og 21 erlent leikrit í fullri lengd ásamt á fjórða tug einpáttunga, sem er örugglega met í sögu Bandalagsfélaganna. Þess má geta að þessi talning er ekki endanleg og liggja niðurstöður um fjölda verkefna ekki fyrir fyrr en eftir að unnið hefur verið úr styrkumsóknum félaganna sem eiga að berast Þjónustumiðstöðinni fyrir 10. júní nk. Hæsti styrkur (eða 100%) fyrir verk á leikárinu 2002–2003 var 242.000 og álag frá 10% til 30% af þeirri upphæð. Vegna fjölgunar verkefna lækkaði styrkurinn úr 250.000 frá árinu áður, en heildarupphæð til úthlutunar hækkaði ekki milli ára.

Aðalfundur 2003 samþykkti eftirfarandi starfsáætlun fyrir leikárið 2003–2004:

Almenn starfsemi:

1. *Rekstur þjónustumiðstöðvar í samræmi við lög BÍL.* Reksturinn hefur verið með óbreyttu sniði hvað varðar starfsmannahald og opnunartíma og verkefni hafa verið óbreytt að eðli, þ.e. ýmis konar þjónusta við aðildarfélögin, félagasamtök, atvinnuleikhúsin og einstaklinga ásamt samskiptum við opinbera aðila. Sala á leikhúsfarða og tengdum vörum hefur verið aðaltekjulindin og er svo enn eins og fram kemur í ársreikningi sem lagður verður fram hér á eftir.

2. *Rekstur fasteigna skv. viðhaldsáætlun.*

Til stóð að húsfélagið að Laugavegi 96 stæði fyrir gerð áætlunar um viðhald utanhúss en það er ekki enn komið til framkvæmda. Tími er t.d. kominn á að mála að utan, gera við þak og mála, skipta um gler í sameign o.fl. Það stendur til að bygging á verslunarhúsi og þriggja hæða bílastæðakjallara hefst á lóðinni við hliðina á okkur, þar sem Stjórnubíó stóð áður og

fyrirséð er að sú vinna valdi töluverðu raski hjá okkur, m.a. á hið nýja verslunarhús að verða sambyggt okkar húsi eins og Stjórnubíó var. Því var ákveðið að bíða róleg eftir að þessum framkvæmdum ljúki að mestu þannig að ekki sé hætt á að um tvíverknað verði að ræða í t.d. málun utanhúss o.fl.

Sameign að innan hefur verið máluð og skipt þar um raflagnir, einnig voru símalagnir endurnýjaðar. Innanhúss var sett upp ný eldhúsinnrétting með því sem við á að éta. Milliveggur var rifinn niður milli fundarherbergis og skrifstofu framkvæmdastjóra og það herbergi málað.

Útstillingarglugginn var tekinn rækilega í gegn og skilti sett upp utanhúss. Og ný símstöð með nýjum símtækjum var tekin í notkun nýlega.

3. *Útgáfa Ársrits fyrir leikárið 2002–2003.*

Ársrit fyrir leikárið 2002–2003 kom út skv. áætlun í september á liðnu ári. Það var með svipuðu sniði og fyrri ársrit og því var dreift í einu eintaki til hvers aðildarfélags svo og til þeirra opinberu aðila sem málið varðar. Ársritið er á vefsíðunni okkar, leiklist.is, og auðvelt fyrir hvern sem vill að prenta það út þaðan. Ritstjórn var á höndum aðalstjórnar Bandalagsins en efnisöflun og uppsetning var gerð af starfsmönnum okkar. Fengin var utanaðkomandi aðstoð við prófarkalestur.

4. *Starfsemi Leiklistarskóla BÍL skv. fyrirbyggjandi námskeiðaáætlun.*

Skólanefnd mun gera grein fyrir starfsemi skólans hér á eftir undir liðnum skýrslur nefnda.

5. *Viðhald vefsíðunnar leiklist.is skv. tillögum vefnefndar.*

Lénsherra vefsíðunnar mun gera grein fyrir þessum lið undir skýrslur nefnda.

6. a) *Leitað eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum til starfsemi áhugaleikfélaganna, skrifstofu Bandalagsins og Leiklistarskóla þess.*

Þessu hefur verið sinnt með bréfaskriftum og hefðbundnum fyrirspurnum hjá ráðuneyti menntamála en ekki borið árangur.

b) *Gera þjónustusamning við Menntamálaráðuneytið.*

Fundað var með deildarstjóra ráðuneytisins um efnið án niðurstöðu. Nýr ráðherra hefur komið til starfa og ekki vitað hver afstaða hans er til þessa verkefnis.

Sérverkefni starfsársins:

1. *Stefnt verði að útgáfu á Sögu BÍL 1950–2000 haustið 2004.*

Verkið gengur vel og áformar ritstjórnin að klára söguritun í september. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær ritið kemur út en fjármögnun útgáfunnar er ekki hafin. Fulltrúi úr ritnefndinni, Þorgeir Tryggvason,

mun gera nánari grein fyrir þessum lið hér á eftir.

2. Hefja undirbúning að Leiklistarhátíð árið 2005.

Formaður undirbúningsnefndar, Lárus Vilhjálmsson, mun gera grein fyrir þessum lið hér á eftir.

3. Samstarf við Borgarleikhúsið skv. samkomulagi.

Samkomulagið fólst í því að stofna til Stuttverka-hátíðarinnar Margt smátt sem haldin var laugardaginn 25. nóvember. Þar sýndu 9 leikfélög samtals 21 stuttverk, þar af 19 íslensk og 2 erlend. Hátíðin var ágætlega sótt og þótti takast vel. Áformað er að halda samstarfinu áfram á svipuðum nótum á þessu ári.

Erlent samstarf:

Leikfélag Kópavogs fór í september á leiklistarhátíð í Litháen með sýningu sína á Grimmsævintýrum. Formaður sótti 2 stjórnarfundir hjá NAR. NEATA hefur skipulagt leiklistarhátíð í Eistlandi og NAR sumarskóla ungra leikara í Noregi.

Lokaorð:

Starfsemi BÍL er í föstum skorðum og samkvæmt starfsáætlun aðalfundar. Fjárhagur er þokkalegur og aðsetur þjónustumiðstöðvarinnar við Laugaveg 96 orðin nær skuldlaus eign BÍL. Bandalagið hefur hæfa og ágæta starfsmenn og rekstur sumarskólans gengur samkvæmt áætlun. Nýmæli í starfi áhugaleikfélaganna er samstarf við Borgarleikhúsið um einpáttungahátíð og lofar góðu. Starfsemi aðildarféлага BÍL er hins vegar nokkuð sveiflukennd sem er ekki nýtt af nálinni. Hins vegar hefur stjórn BÍL talið eðlilegt að fylgjast vel með og reyna að skilja hvers vegna þessar sveiflur verða, hvað veldur því að leikstarfsemi liggur niðri hjá aðildarfélögum um lengri eða skemmri tíma og svo hvers vegna stofnuð eru ný félög eða gömul endurvakin. Það væri eflaust verðugt viðfangsefni á sviði félagsfræðinnar að kanna þetta fyrirbæri og reyna að greina orsakir þess og móta síðan einhvers konar stefnu til að styrkja grundvöll leikstarfsemi áhugafólks í landinu. Stjórn BÍL þakkar sérstaklega framkvæmdastjóra og starfsmönnum samstarfið svo og skólastjórnendum Leiklistarskóla BÍL og forsvarsfólki einpáttungahátíðar í Borgarleikhúsi.

Gert á Egilsstöðum 17. maí 2004

Einar Rafn Haraldsson, formaður

7. Afgreiðsla reikninga.

Vilborg Valgarðsdóttir kynnti ársreikning. Hún sagði frá því að tekjur hefðu minnkað frá fyrra ári og rekstrargjöld hækkað. Það skýrðist fyrst og fremst af því að um hálfri milljón minna skilaði sér í árgjöldum frá leikfélögum auk þess sem fleiri námskeið voru haldin í Leiklistarskólanum og á honum var halli upp á 150.000 kr. Vilborg skýrði einnig frá því að laun söguritara hefðu verið inni í launalið, en myndu færast sem greiðslur til verktaka í næsta ársreikningi.

Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga:

Guðrún Halla Jónsdóttir leiðrétti skýrslu stjórnar, sagðist einnig hafa sótt stjórnarfund hjá NAR.

Aðrar umræður urðu ekki.

Ársreikningur samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

Regína lýsti eftir framboðum í stjórn og varastjórn. Kynnti tillögu að dagskrárbreytingu, þess eðlis að stjórnarkjör, eða 15. og 16. liður í dagskrá, yrði strax á á eftir 12. lið.

Dagskrárbreyting samþykkt án athugasemda.

9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.

Gunnhildur Sigurðardóttir, skólameistari, flutti skýrslu skólanefndar.

Skýrsla skólanefndar á aðalfundi BÍL 2004

Á síðasta ári voru 6 námskeið í boði á vegum skólans. Eftirtalin námskeið voru haldin í Svarfaðardal í júní; leikstjórn III, kennari Sigrún Valbergisdóttir, leikritun II, kennari Karl Ágúst Úlfsson og sérnámskeið fyrir leikara, kennari Ágústa Skúladóttir. Í ágúst voru einnig þrjú námskeið í boði; leikhúslýsing, sem halda átti í Kópavogi, féll niður vegna ónógrar þátttöku og þátttakendur voru heldur ekki nógu margir á unglínganámskeið sem Ágústa Skúladóttir ætlaði að kenna á. Námskeiðið gervi og leikbúningar, sem halda átti í ágúst var frestað til 10. september og fór það fram í húsnæði Halaleikhópsins að Hátúni 12. Nemendur skólans árið 2003 voru því alls 49 á fjórum námskeiðum.

Á þessu ári eru í boði 4 námskeið sem haldin verða 12.–20. júní að Húsabakka. Masterclass námskeið fyrir leikstjóra, kennari Sigrún Valbergisdóttir, sérnámskeið fyrir leikara, kennari Ágústa Skúladóttir, grunnnámskeið fyrir leikara, kennari Ásta Arnardóttir og textasmiðja, kennari Þorgeir Tryggvason.

Á tveimur síðustu skólaárum hefur svo borið við að fjöldi umsókna á námskeið fyrir leikara er meiri en skólinn annar og aldrei hefur aðsókn verið eins mikil og í ár, sem dæmi má nefna að annað leikaranámskeiðið fylltist á einum degi. Það er alveg ljóst að að aðsókn að námskeiðum fyrir leikara er að aukast og við því þarf að bregðast í framtíðinni.

Skólanefnd hafði það erfiða hlutverk með höndum að fara yfir umsóknir og vísa umsækjendum frá ef þeir uppfylltu ekki inntökuskilyrði sem sett voru. Þessi vinna hefur skapað mikla umræðu um inntökuskilyrði í skólann bæði innan skólanefndar og utan hennar enda ljóst að mat á inntökuskilyrðum er vandmeðfarið. Í umræðu um störf nefndarinnar kom í ljós að ýmislegt mætti betur fara og voru eftirfarandi punktar bókaðir varðandi það:

Skilgreina þarf inntökuskilyrði nákvæmlega þegar námskeið liggja fyrir.

Inntökuskilyrði verði nákvæmlega skilgreind í bæklingum þannig að umsækjendur sjái strax hvort þeir uppfylla tilsett skilyrði.

Skólanefndin ákveður inntökuskilyrði, en hefur samráð við kennara viðkomandi námskeiðs um nánari skilgreiningar.

Skólanefnd sendir tillögur um námskeið ásamt inntökuskilyrðum til stjórnar BÍL til samþykktar.

Skólanefnd telur að með þessu verði öllum ljóst hvaða möguleika þeir hafi á inngöngu á námskeið skólans og hvernig reynsla þeirra nýtist þar.

Hins vegar er ljóst að alltaf má gera ráð fyrir að í einhverjum tilfellum komi til kasta skólanefndar við mat á hvort nemendur standast forkröfur.

Skólanefnd endurskoðaði námskrá skólans í nóvember. Ekki var um stórvægilegar breytingar að ræða heldur einungis aðlögun að þeim farvegi sem skólinn hefur mótað með starfsemi sinni. Námskrána köllum við Leiðarljós og hana er að finna á Leiklistarvefnum. Þar eru m.a. skráð markmið skólans og metnaður, skipulag og stjórnskipan.

Í skólanefnd eru auk mín Sigríður Karlsdóttir, Anna Jeppesen, Huld Óskarsdóttir og Þorgeir Tryggvason.

F.h. skólanefndar,

Gunnhildur Sigurðardóttir.

- Lárus Vilhjálmsson óskaði eftir skýringum skólanefndar á því hvers vegna hefði verið ákveðið að halda framhaldsnámskeið í leikstjórn og leikritun í stað grunnnámskeiðs í leikstjórn sem áður hefur verið haldið sama ár og grunnnámskeið í leiklist.

- Ingólfur Þórsson óskaði eftir að fá að heyra nánar tölfræði úr skýrslu Gunnhildar. Spurði einnig hvort allir sem sæktu um á umsóknarfresti hefðu sama möguleika eða hvort fyrirkomulagið væri „fyrstur kemur fyrstur fær“.

- Gunnhildur svaraði fyrirspurnum. Ástæðan fyrir þessari námskeiðsáætlun var sú að hóparnir frá fyrra ári óskuðu eftir því að fá framhaldsnámskeið, en aðsókn varð reyndar ekki eftir því. Form á skráningarreglum sagði hún vera „fyrstur kemur fyrstur fær“. Ef skráðir nemendur væru fleiri en sá fjöldi sem tekinn er inn á námskeiðið er farið yfir umsóknir út frá forkröfum, ef einhverjar væru. Gunnhildur las aftur upp tölur úr skýrslu sinni.

- Hrund Ólafsdóttir lýsti yfir ánægju með atriði í skýrslu skólanefndar sem lutu að því að laga verklag nefndarinnar. Hún ræddi mikilvægi þess að skólinn héldi fagmannlegu yfirbragði og taldi að það yrði helst gert með því að ráða jafnan fagmenntaða kennara. Henni þótti ekki við hæfi að fólk innan Bandalagsins kenndi við skólann.

- Ingólfur velti upp spurningunni hvort mikið væri um að sömu nemendurnir kæmu aftur og aftur á skólann og hvort það væri jákvæð þróun.

- Þorgeir Tryggvason svaraði Ingólfi. Varðandi fyrirkomulag á skráningu: á síðasta ári henti það í fyrsta skipti að fólk sat eftir á biðlista. Annars hafa ævinlega allir komist á námskeið sem þess óskuðu. Hann sagði einnig að ef hver nemandi mætti bara einu sinni

á námskeið væri búið að leggja skólann niður vegna aðsóknarleysis.

- Gunnhildur sagðist ekki sjá neitt að því að fólk mætti aftur og aftur á skólann svo framarlega sem það aftraði ekki nýliðun.

- Jón Eiríksson gerði athugasemd við það að skólinn starfaði í óhentugu húsnæði fyrir félagsmenn Hala-leikhópsins sökum slæms aðgengis fyrir fatlaða.

- Guðrún Halla minnti á útópískar hugmyndir Kára Halldórs á Bandalagsþingi á Blönduósi 1991; þar kom hann fram með hugmyndir um að vera með skóla þar sem menn gætu farið á framhaldsnámskeið. Þrátt fyrir efasemdir manna á þeim tíma var því skipulagi komið á, og hefði vissulega haft það í för með sér að sömu nemendur mættu mörg ár í röð. Þetta fyrirkomulag þótti henni hafi skilað sér í gæðum menntunarinnar sem þar er að fá. Hún svaraði einnig athugasemdum Hrundar og þótti Þorgeir Tryggvason síst verra kennaraefni þó hann starfaði einnig innan Bandalagsins.

- Hrefna Friðriksdóttir lýsti yfir hrifningu sinni á framhaldsnámskeiðunum. Varpaði fram spurningu um hvort menntunin væri að nýtast aðildarfélagunum sem skyldi. Benti á að aðeins 3 nemendur í leikstjórn hafi átt einþáttunga á hátíðinni daginn áður. Stakk upp á að kallað yrði eftir greinargerðum frá félagum sem sent hafa nemendur á skólann á 10 ára afmæli skólans.

- Hrund sagðist ekki hafa verið að véfengja hæfni Þorgeirs sem kennara. Sagðist aðeins hafa verið að tala um orðspor skólans og ímynd út á við.

- Júlíus Júlíusson tók undir með Hrefnu varðandi skýrslur frá félagum. Hann velt því fyrir sér hvort mikil þátttaka á einþáttungahátíðinni „Margt smátt“ í Borgarleikhúsinu í október hafi haft neikvæð áhrif á þátttöku í hátíðinni daginn áður. Sagðist telja að flestir bekkjarfélagar sínir í leikstjórn hefðu leikstýrt hjá sínum heimafélögum og/eða annarsstaðar.

- Lárus benti á að sömu félög og hafi verið öflug í Borgarleikhúsinu hafi verið að gera góða hluti á hátíðinni á Húsabakka. Hann sagðist viss um að aukin notkun heimaleikstjóra sem farið hafa á námskeið komi til af peningaleysi leikfélaganna en telur það ekki koma að sök þar sem leikstjórmenntun í skólanum standi fyrir sínu. Spyr hverjir séu atvinnumenn í leikstjórn og bendir á að flestir atvinnumenn sem félögin séu að ráða hafi eingöngu leikaranám að baki. Taldi ekki sjálfgefið að atvinnuleikarar væru betri leikstjórar en leikstjórar úr skólanum, annars væri reynsla mikilvægasti þátturinn í menntun leikstjóra.

- Þorgeir sagði frá aðdraganda þess að hann tók að sér að stýra höfundasmiðju í skólanum. Leitað var til nokkurra aðila og uppástunga kom frá hópnum um að hann tæki starfið að sér. Hann ákvað að taka það að sér og taldi að sú ákvörðun hafi verið rétt. Taldi alla umræðu um að skólinn ætti að láta stjórnast af áliti atvinnumanna marklausa og hluta af skiptingu á milli atvinnu- og áhugafólks í leikhúsi út í hött, sérstaklega þegar kæmi að leikritun.

- Hulda Hákonardóttir sagðist hafa heyrt því fleygt að

með leiklistarskólanum og leiklistariðkun almennt væru áhugamenn að troða sér inn á starfssvið atvinnumanna. Hún teldi hins vegar virðingu fyrir listinni sjálfri mikilvægari en prófgráður geranda. Sagði listnám ekki samþærilegt við verknám, þar giltu aðrar forsendur. Benti á að flokkaskipting og kerfi í listum væru ekki endanleg og taldi að áhugaleiklistarfólk ætti alls ekki þjóna að því.

„Endanlegt form er dauðinn í listum!“

Hörður Sigurðarson lénsherra flutti skýrslu vefnefndar.

Skýrsla vefnefndar 2003–2004 Lögð fram á aðalfundi BÍL 22.–23. maí 2004

Almennt

Leiklistarvefurinn er að verða þriggja ára gamall og má segja að hann sé nú kominn á legg fyrir alvöru. Vefurinn hefur verið í stöðugri þróun síðan hann var opnaður og hefur jafnt og þétt verið bætt við hann ýmsum nýjungum. Þær nýjungar blasa kannski ekki allar við á vefnum en ýmislegt hefur verið gert til að léttu vinnuna við hann og bæta við möguleikum, fyrir þá sem vinna við að setja inn efni dags daglega. Vefnefnd hefur starfað með mjög óformlegum hætti og ekki einn einasti hefðbundinn fundur verið haldinn undanfarið ár. Hinsvegar hafa samskipti verið þess meiri á Netinu og er það kannski einsog vera ber.

Liðið ár


Það tæki of langan tíma að nefna allt sem fyrir augu


hefur borið á Leiklistarvefnum á liðnu ári en þó má stikla á stóru. Síðastliðið vor var haldin samkeppni á vefnum í ritun stuttra þátta sem tókst í alla staði mjög vel. Á þessu ári var ákveðið að fá hóp leikskálda til að skrifa einskonar keðjuleikrit. Skrifin standa enn yfir og það er greinilegt á heimsóknum á vefinn og viðbrögðum lesenda að framtakið hefur vakið mikla athygli. Síðasti hluti þessa keðjuvefleikrits verður birtur 31. maí og og viku síðar verður upplýst hverjir höfundar eru.

Spjallið á vefnum rís og hnígur eins og himintunglin. Á stundum er þar rólegt um að litast en af og til fer af stað umræða sem kveikir í mannskapnum og í vetur hefur verið þar mjög líflegt á köflum. Má þar meðal annars nefna miklar umræður seinni part vetrar um áhugalaus atvinnuleikara, ástríðufulla áhugaleikara, atvinnulausa atvinnuleikara, áhugalaus áhugaleikara og atvinnu-stelandi áhugaleikara og er þá fátt eitt talið sem fram fór á þeim spjallþræði einum saman. Þegar þetta er skrifað er einnig mikið spjallað um keðjuleikritið og eru lesendur ýmist að geta upp á höfundum eða leggja til heiti á verkið. Þá tókum við einnig undir okkar verndarvæng vef sjálfstæðu leikhópanna, leikhopar.is. Þetta þýðir í raun að leikhóparnir nota okkar kerfi til að sjá um sinn vef og greiða okkur þóknun fyrir. Þó hún sé ekki há þýðir að kostnaður okkar við vefinn lækkar. Verið er að athuga möguleika á að taka fleiri vefi undir okkar hatt og lækka með því kostnað enn frekar.

Aðsókn

Á síðasta ári kom í ljós að aðsókn að vefnum hafði





tvöfaldast frá því árið áður og var það meira en nokkur átti von á. Á þessu ári hefur aðsókn einnig aukist þó ekki sé um jafnstórt stökk að ræða. Ég hef tekið saman tölur um aðsókn og brotið niður eftir mánuðum. Úr þeim má lesa að heimsóknum í mánuði hefur fækkað í október, nóvember, desember og apríl en fjölgaði hinsvegar í september, janúar, febrúar, mars. Þegar allt er tekið saman hefur heimsóknum á tímabilinu fjölgað lítillega. Þegar hinsvegar er lítið á fjölda einstakra véla sem gróflega má segja að sé sambærilegur við fjölda gesta hefur orðið aukning í hverjum einasta mánuði nema apríl. Ef þessar tölur eru túlkaðar saman segja þær okkur að fjöldi þeirra sem heimsækja vefinn hefur aukist síðan í fyrra en að meðaltali fer hver gestur sjaldnar inn á vefinn. Við megum vel við þessa niðurstöðu una og satt segja átti undirritaður ekki von á þetta mikilli fjölgun.

Að mínu mati er ekki líklegt að aðsókn að vefnum aukist mikið frá því sem nú er nema sérstakar ráðstafanir verði gerðar. Í sjálfu sér þarf það ekki að vera slæmt enda á markmiðið ekki endilega að vera að fá sem mesta aðsókn heldur sjá til þess að vefurinn nái þeim markmiðum að vera landsins besta upplýsingaveita og umræðuvettvangur fyrir áhugamenn um leiklist. Vinna við vefinn er komin í fastar skorður að mörgu leyti þar sem starfsmenn skrifstofu sjá um að setja inn fréttir og uppfæra reglulegt efni sem birt er. Vefnefnd skipa nú, auk undirritaðs, starfsmenn Þjónustumiðstöðvarinnar þær Vilborg og Sigríður Lára en auk þeirra hafa ýmsir lagt reglulega til efni og má þar helst nefna Þorgeir Tryggvason, Ármann Guðmundsson og Lárus Vilhjálmsson. Ég lít svo á að þeir þremmingar séu einnig

meðlimir vefnefndar þó ekki hafi þeir verið formlega kjörnir til þess. Þó það myndi vissulega auðvelda vinnuna og bæta vefinn ef fleiri fengjust til að leggja til vinnu og efni er ekki hægt að segja annað en að vinna við hann hefur gengið nokkuð vel. Því vil ég þakka að áhugi þeirra sem taldir voru upp hér á undan er enn mikill á að viðhalda stöðu Leiklistarvefjarins sem helstu miðstöð íslenskrar leiklistar á Netinu.

Ég vil hinsvegar varpa fram þeirri spurningu hvort Leiklistarvefurinn sé ekki orðinn svo stór þáttur í starfsemi Bandalagsins að kominn sé tími til að útfæra nánar og með formlegri hætti, þá vinnu sem að honum snýr. Undirrituðum hefur verið treyst til að halda utan um vinnu við vefinn og eins og áður sagði hefur það gengið ágætlega með dyggri aðstoð starfsmanna Þjónustumiðstöðvar og annarra sem hönd hafa lagt á plóginn. En þó að mikill áhugi og elja hafi gert vefinn að því sem hann er í dag er ekki víst að þannig verði það um alla tíð. Þess vegna tel ég það áriðandi að vefnefnd verði formlega skipuð eða kjörin og verði það hlutverk hennar að leggja línur fyrir vinnuna við vefinn á hverju ári og móta stefnu til lengri tíma.

*F.h. vefnefndar
Hörður Sigurðarson*

- Júlíus hrósaði lénsherranum fyrir sína miklu og góðu vinnu við vefinn. Benti á að nauðsynlegt væri að hafa vakandi auga með spjallþráðum og í því samhengi væri gott að hafa svo áreiðanlegan einstakling í umsjón vefjarins.

- Lárus gerði athugasemd við uppsetningu á spjall-

þráðum og sagði að erfitt væri að fylgja umfangsmiklum þráðum. Gaman væri að fleiri reyndu að skrifa umfjallanir um sýningar fyrir vefinn, vantar nær alveg umfjallanir um sýningar úti á landi.

- Hörður sagðist vera sammála Lárusi um spjallið. Hafði hann þegar rætt við þá sem þróa og halda utan um kerfið, vonaði að breytingar yrðu gerðar fljótlega. Tók einnig undir að gaman væri að fá umfjallanir víðar af landinu.

Porgeir Tryggvason las skýrslu sögunefndar fyrir hönd Bjarna Guðmarssonar, ritstjóra.

Skýrsla söguritunarnefndar

Ágæta samkoma

Ég ætla ekki að vera langorður og einungis ræða beinlínis um söguritunina en Toggi mun gera grein fyrir störfum sögunefndarinnar og samskiptum okkar á milli.

Þegar ég kom á ykkar fund fyrir réttu ári var ég að hefjast handa við að setja saman sögu BÍL eftir að hafa dregið að heimildir um nokkurt skeið. Þá var um það talað að stefnt væri að því að ljúka þessari handritsgerð á einu ári. Það hefur síðan komið í ljós að var ansi mikil bjartsýni. Þegar til kom reyndist sagan einfaldlega meiri og merkari en svo að hægt væri að rigga upp handriti á svo stuttum tíma.

Það voru slæmu fréttirnir.

Góðu fréttirnir eru hins vegar þær að mér sýnist að niðurstaðan gæti orðið býsna umfangsmikil og fróðleg saga sem sýnir í hnotskurn leiðina sem við höfum þurft að fara til þess að komast í þá stöðu sem við erum í dag – mér sýnist að hún (þ.e. sagan) gæti verið fallin til þess að auka skilning með okkur sjálfum á starfinu og ekki síður að opna augu annarra, útávið, fyrir því sem gert hefur verið og auðvitað því að við erum flottust og áberandi langbest, svo strangfræðilegrar hlutlægni sé gætt.

Handritið telur nú eitthvað á annað hundrað síður og tekur til árána 1950–1974. Eins og þetta stendur í dag fer sagan fremur hægt af stað og reynt er að gera sem flestu ítarleg skil fyrstu árin enda er þá verið að finna upp hjól á yfirleitt öllum sviðum. Þegar kemur fram á miðjan 7. áratuginn fara hjólin að snúast hraðar og frásögnin með. Þá er líka von til að myndefni taki að léttu undir með söguritaranum en eins og allir vita segir mynd meira en þúsund orð.

Ég vil kannski nota tækifærið til þess að óska efir því við ykkur þingfulltrúa að þið kannið nú eftir að heim er komið hvort í ykkar ranni leynist kannski mynd eða myndefni af einhverju tagi sem þið haldið að gæti komið til álita til birtingar í bókinni – væri svo vildi ég

óska þess að mega fá téð myndefni lánað til eftirtöku.

Og ég þarf væntanlega ekki að taka fram að þeir sem vilja koma ábendingum á framfæri eru hvattir til að gera svo, símlíðis, í tölvupósti eða á spjallinu á leiklist.is.

Endurskoðuð tímaáætlun miðast nú við að ég skili af mér endanlegu handriti í október og að því er öllum árum róíð. Það er svo stjórnarinnar að ákveða hvenær næsta skref verður stigið, þ.e. hafist handa við sjálfa útgáfuna, en ósennilegt er þó að það verði á þessu ári úr þessu. En vonandi fögnum við 55 ára afmæli BÍL yfir síðum sögu hreyfingarinnar frá 1950 til 2000.

Í blábyrjuninni beindust sjónir okkar (það er okkar nefndarinnar) fyrst og fremst að því að skoða bara bláka-ldar staðreyndir málsins: fyrst gerðist þetta og svo hitt, einbjörn í tvíbjörn o.s.frv. Eftir því sem á hefur liðið höfum við hins vegar farið meira inn á þær brautir að leita eftir sögunni á bakvið söguna, sálinni í sög-inni – hvaða „vision“ dreif forkólfana áfram, hvaða hugsjónir blésu þeim anda í brjóst. Þetta er sennilega sami andi og stundum hefur verið kallaður „bandalags-andinn“ og sungið er um á öllum BÍL-samkomum. Ef vel tekst til gæti þetta orðið sagan hans – kannski bókin fái bara nafnið: Allt fyrir andann!?

*Ég óska ykkur góðs þings.
Kærar kveðjur,
Bjarni Guðmarsson.*

- Porgeir svaraði fyrirspurn úr sal um hverjir aðrir væru í nefndinni: hann sjálfur, Sigrún Valbergsdóttir og Einar Njálsson. Framkvæmdastjóri hefur einnig setið fundi nefndarinnar. Nefndin var sammála um að gefa þessu verkefni þann tíma sem söguritari taldi þurfa.

- Einar Rafn talaði um að málfar söguritara væri skemmtilegt. Sagði frá því að stjórn hefði séð kafla úr sögunni og þótt þeir vandaðir og skemmtilegir. Hvatti fólk til að koma á framfæri myndefni sem tengdist sögunni, ætti það slíkt í handraðanum. Einnig vakti hann athygli á því að söguritari hefði nýlega sett saman bókina Náðhús 2004.

Lárus Vilhjálmsson fluttiskýrslu leiklistarhátíðarnefndar.

Skýrsla undirbúningsnefndar að leiklistarhátíð árið 2005

Ákveðið hefur verið að halda leiklistarhátíð á Akureyri 22.–26 júní 2005. Í undirbúningsnefnd sitja Lárus Vilhjálmson og Vilborg Valgarðsdóttir. Tveimur erlendum hópum hefur verið boðið að taka þátt, einum frá Rússlandi og öðrum frá Litháen, en auk þess er reiknað með átta til níu íslenskum sýningum. Stefnt er að því að þjónustumiðstöð hátíðarinnar verði í Húsinu og hægt verði að sýna þar í sal á efri hæð, sem og í Sakomuhúsinu og Ketilhúsinu. Reiknað er

með að Græni Hatturinn verði fenginn undir hátíðarklúbb og að námskeið og umfjallanir um sýningar fari fram í Myndlistarskólanum og Deigluinni. Gistimöguleikar á hátíðinni verða á Hótel Eddu auk svefnpokagistingar í Menntaskólanum á Akureyri.

Haustfundur verður haldinn í haust til undirbúnings. Þar verða tillögur að lokaskipulagi lagðar fyrir starfshópa auk þess sem fundarmönnum verður gefinn kostur á að skrá sig og aðra sem starfsmenn á hátíðina.

Ítarleg gögn um hátíðina, upplýsingar um umsóknir, leikrými og fleira verða send til allra leikfélaga í haust.

Ekki er búið að gera kostnaðaráætlun þar sem enn vantar verð á ákveðna þætti.

- Dýrleif Jónsdóttir spurði hvers vegna ekki hefði verið haldinn haustfundur um hátíðina síðasta haust? Henni þótti ljóst að umræðan úti í félögunum hefði þurft að hefjast síðasta vetur.

- Guðrúna Höllu þótti doði ríkja yfir umræðunni um hátíð á fundinum. Hún spurði hvort þetta væri vegna áhuga-leysis á málinu eða trausts á nefndinni.

- Þorgeiri virtist undirbúningur vera í góðum farvegi. Hann taldi að verkefnaval félaganna fyrir næsta ár þyrfti að taka mið af leikrýmum hátíðar, ætluðu þau að taka þátt.

- Ármann Guðmundsson gerði athugasemd við að seint væri farið af stað með fjáröflun fyrir hátíðina. Vildi vita nánar hvernig áætlað væri að haga undirbúningi fram að haustfundi og svo næsta vetur.

- Vilborg sagði frá því að nefndin hefði farið yfir grunnskipulag undirbúnings síðustu hátíðar en að það hafi að mestu verið fundið upp á haustfundi einu og hálfu ári fyrir hana. Nefndinni hafi ekki sýnst ástæða til að halda annan haustfund til að finna upp módelið að hátíðinni, þar sem það hefði verið gert fyrir L2000. Ekki þótti ástæða til að fá fleiri í nefndina á þessu stigi undirbúnings, viðræður væru í gangi um húsnæði á svæðinu. Hún taldi að best væri að undirbúningur hátíðar væri sem mest unninn af starfsmönnum skrifstofu og stjórn, undir stjórn nefndarinnar. Helsti meinbugur á síðustu hátíð var vöntun á skriflegum samningum við húsráðendur á svæðinu og yrði bætt úr því nú. Ítarlegur upplýsingapakki verður sendur út í haust, verður einnig fyrir á ferðinni en fyrir síðustu hátíð. Annað starfsfólk hátíðarinnar verður skráð og raðað niður á verkefni á haustfundi.

- Lárus svaraði fyrirspurn Ármanns og sagði að fjáröflun færi fyrir af stað en síðast, 13 mánuðum fyrir hátíð í stað 9. Sótt yrði um styrki til sjóða og einnig leitað eftir styrkjum frá stórfyrirtækjum.

- Dýrleif sagðist telja að mörg félög hefðu þegar ákveðið sýningar næsta leikárs, aðalfundur flestra félaga væru um vor eða snemma hausts.

Fram kom að tímasetning og staðsetning haustfundar lægi ekki fyrir.

Fundarstjóri minnti á að stjórnarkjör færi fram fljótlega eftir hádegi þannig að framboð þyrfti að tilkynna sem fyrst.

10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.

Guðrún Halla las tillögu stjórnar að starfsáætlun næsta leikárs.

Tillaga að starfsáætlun stjórnar og aðildarfélaga Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2004–2005

Almenn starfsemi:

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar í samræmi við lög BÍL.
2. Rekstur fasteigna skv. viðhaldsáætlun.
3. Útgáfa Ársrits fyrir leikárið 2003–2004.
4. Starfsemi Leiklistarskóla BÍL skv. námskeiðaáætlun.
5. Viðhald vefsíðunnar leiklist.is skv. tillögum vefnefndar.
6. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum til starfsemi áhugaleikfélaganna, þjónustumiðstöðvar Bandalagsins og Leiklistarskóla þess.
7. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugasýningu ársins.

Sérverkefni starfsársins:

1. Halda haustfund til undirbúnings leiklistarhátíðar sumarið 2005.
2. Halda stuttverkahátíð í samstarfi við Borgarleikhúsið haustið 2004.
3. Undirbúa Leiklistarhátíð á Akureyri sem halda á dagana 22.–26. júní 2005.
4. Stefna að útgáfu Sögu Bandalagsins 1950–2000 á leikárinu.

Guðrún Halla taldi upp hópstjóra í umræðuhópum: Þeir voru: Huld Óskarsdóttir, Halla Rún Tryggvadóttir, Rúnar Lund, Nína B. Jónsdóttir og Gunnar Björn Guðmundsson

Hún las einnig upp spurningu sem hópum væri ætlað að ræða:

Uppsetningum sýninga í leikstjórn nema úr leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga hefur fjölgað mjög og telja sumir að það komi niður á gæðum sýninga. Hvað er til ráða?

Að því loknu var skipað í umræðuhópa.

Hádegishlé.

Fundi fram haldið kl. 13.00.

Fundarstjóri kynnti stöðu í framboðsmálum.

Í framboði til þriggja sæta í stjórn voru: Ármann Guðmundsson, Hörður Sigurðarson Júlíus Júlíusson, Lárus Vilhjálmsson og Sigríður Karlsdóttir.

Í framboði til þriggja sæta í varastjórn voru: Margrét Tryggvadóttir og Þórvör Embla Guðmundsdóttir auk Ármanns Guðmundssonar og Júlíusar Júlíussonar næðu þeir ekki kjöri í aðalstjórn.

Fulltrúar frá NUTU (Nordisk Ungdoms Teater Utvalg), Morten Koch Roesen frá Danmörku og Christopher Stevenson frá Noregi kynntu starfsemi hreyfingarinnar. Þeir sögðu frá sumarskóla sem samtökin halda ár hvert, í þetta sinn í Noregi. Hvert land innan Norðurlandanna á sjálfkrafa 10 pláss í þennan skóla. Aðalfjármögnun samtakanna kemur frá NAR (Nordisk Amatörteateråd). Á fimm ára áætlun er að kynna starfsemi hreyfingarinnar betur innan aðildarlandanna. Þeir sögðu tilgang NUTU vera að vekja áhuga ungmenna á leikhúsinu í gegnum afmarkað ungliðastarf. Ennfremur að koma á samskiptum á milli ungs leikhúsfólks á Norðurlöndunum. Styrkir koma til móts við ferðakostnað þeirra sem skólann sækja. Tamarð heimsóknar þeirra á þingið var að bjóða ungum einstaklingi að vera fulltrúi Íslands í NUTU og þar með að mæta í sumarskólann sér að kostnaðarlausu. Fundarmenn spurðu út í tímasetningu, aldurstakmark og kúrsaframboð í sumarskólalaganum. Tímasetning í ár er 17. til 31. júlí og aldurstakmörk eru 16 til 25 ár. Í ár verður alls boðið upp á 8 námskeið í ýmis konar leiktækni, m.a. raddþjálfun og hreyfitækni, Stanislavski og spunaleik, og einnig töldu þeir upp ýmislegt sem hefur staðið til boða áður.

- Þorgeir spurði hvort hlutverk fulltrúa í stjórn NUTU væri enn að mynda tengslanet ungs fólks innan landsins. Morten sagði svo ekki vera.

11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar.

Regína endurtók framboð í stjórn og varastjórn. Framboðendur kynntu sig. Guðrún Halla talaði fyrir hönd Sigríðar Karlsdóttur.

15. Stjórnarkjör (skv. áður ákveðinni dagskrár-breytingu).

Leynileg kosning um 3 sæti í stjórn.

Úrslit urðu þau að Hörður Sigurðarson hlaut 24 atkvæði, Lárus Vilhjálmsson 21 atkvæði, Júlíus Júlíusson 15 atkvæði, Sigríður Karlsdóttir 13 atkvæði, og Ármann Guðmundsson 3 atkvæði. Í stjórn Bandalagsins voru því kjörnir til setu næstu tvö ár Hörður Sigurðarson, Júlíus Júlíusson og Lárus Vilhjálmsson.

Til þriggja sæta í varastjórn voru aðeins þrjár í framboði, og voru því Margrét Tryggvadóttir, Ármann Guðmundsson og Þórvör Embla Guðmundsdóttir sjálfkjörin í varastjórn til næstu tveggja ára.

16. a) Kosning þriggja manna í kjörnefnd og eins til vara til eins árs.

Stjórn lagði til að kjörnefnd yrði óbreytt, í henni sitja Regína Sigurðardóttir, Jón Sigurðsson og Sveinbjörn Björnsson og Örn Alexandersson til vara. Samþykkt.

b) Kosning tveggja félagslegra endurskoðenda og eins til vara til eins árs.

Stjórn lagði til að þeir sætu einnig áfram. Félagslegir

endurskoðendur eru Anna Jórunn Stefánsdóttir og Hrefna Friðriksdóttir og Júlía Hannam til vara. Samþykkt.

Umræðuhópar taka til starfa.

Fundarhlé.

Fundi framhaldið kl. 9.00 þann 23.05. 2004.

12. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.

Hörður Sigurðarson lagði fram svohljóðandi tillögu: *Aðalfundur BÍL, haldinn að Húsabakka 22.–23. maí, felur stjórn að semja reglur um skipan í nefndir. Annars vegar skipan fastra nefnda svo sem skólanefndar og vefnefndar og hins vegar nefnda um tíma-bundin verkefni svo sem sögunefndar og undirbúningsnefndar L2005.*

- Lárus bað Hörð að skýra ástæður þess að þessi tillaga er sett fram.

- Hörður sagði að sér þætti eðlilegt að hafa reglur um skipan í nefndar og til hversu langs tíma menn væru skipaðir í þær.

- Þorgeir velti því upp hvort einnig væri ástæða til að setja hámark á tímalengd á setu manna í stjórn.

Tillagan borin undir atkvæði. Samþykkt einróma.

- Unnar Reynisson skýrði frá samantekt sem hann hafði gert á styrkveitingum nokkurra sveitarfélaga til leikfélaga sinna. Sagði niðurstöður vera um margt áhugaverðar og að ljóst væri að fjárframlag sumra sveitarfélaga til starfsemi leikfélaganna væri skammarlega lágt. Hann lagði til að Bandalagið reyndi að þrýsta á sveitarfélögin að hækka styrki til leikfélaganna. Málinu vísað til stjórnar.

NUTU fulltrúar fóru af fundi, Einar Rafn þakkaði þeim fyrir komuna.

14. Starfsáætlun afgreidd.

Niðurstöður umræðna úr starfshópum.

Huld Óskarsdóttir kynnir niðurstöður hóps 1.

Í hópunum voru:

Huld Óskarsdóttir Leikfélagi Kópavogs

Hrund Ólafsdóttir Leikfélagi Kópavogs

Dýrleif Jónsdóttir Freyvangsleikhúsinu

Pétur Pétursson Leikfélagi Mosfellssveitar

Gunnhildur Sigurðardóttir Leikfélagi Mosfellssveitar

Guðmundur L. Þorvaldsson Leikfélaginu Sýnir

Sigurlaug Gunnarsdóttir Leikfélagi Fljótisdalshéraðs

Júlía Hannam Hugleik

Embla Guðmundsdóttir Umf. Reykdæla

Starfsáætlun 2004–2005, Hópur 1.

Almenn starfsemi.

1. Fínt
2. Fínt
3. Fínt

4. Viljum að íhugað verði að hafa skólann tvisvar sinnum yfir sumarið t.d. annað hvert ár eða eftir því sem skólanefnd telur þurfa til að svara aukinni eftirspurn. Hafa verður húsnæðismálin í huga og mögulega þarf að finna nýjan framtíðarstað ef t.d. Húsabakkaskóli fær nýtt hlutverk.

Veltum því fyrir okkur hví aðsókn á tækninámskeiðin er eins lítil og raun ber vitni. Teljum jafnvel grundvöll fyrir tækninámskeiðum fyrir „okkur“ sem höfum einlægán áhuga á leiklist. Með auknu skólalássi mætti færa tækninámskeiðin inn í skólastarfið að Húsabakka. Viljum efla leikaranámskeið m.a. vegna þess að við teljum þörfina fyrir því að leikarinn kunni sitt verk hafa aukist með tilkomu leikstjóranna úr skólanum, því hingað til hefur jú oftast leikaramenntað fólk unnið með okkur að uppsetningum.

Teljum mikilvægt að bjóða upp á framhaldsnámskeið í bland við byrjenda og tækninámskeið. Skólinn sjái til þess að símenntun verði í boði.

Hópurinn sem sækir skólann er að stækka og með því eykst eftirspurnin.

5. Erum mjög ánægð með þróun vefsíðunnar. Þar slær hjarta Bandalagsins!

Þætti til bóta ef leikfélögin gætu keypt auglýsingaborða eða kassa með pdf-skrá á bak við sig eða með tengingu inn á síðu. Þar gætu þau auglýst verkið sitt ef þau vildu. Þetta yrði að vera ódýr auglýsing og t.d. væri hægt að nýta plássið vinstra megin (þar sem BÍL-lógóið hefur verið um nokkra hríð).

Myndum vilja sjá meira af myndum inni á síðunni svo við getum fylgst betur með starfsemiinni hvert hjá öðru og úr skólanum. Þetta gætu verið sérstakar myndasíður.

Í hópnum heyrðist einhver segja að það væru aldeilis góð skipti á Leiklistarblaðinu og leiklist.is.

Viljum leita eftir samstarfi við stór fyrirtæki, sbr. það sem þekkt hjá ungmennafélögunum. Skattalækkanir til fyrirtækja sem styðja við menningarstarfsemi hafa verið að aukast svo nú er lag! Það er bæði beinn og óbeinn hagur fyrirtækja að taka þátt í slíku samstarfi. Má jafnvel segja að þessi leið sé í tísku hjá fyrirtækjum, sbr. Klink og bank.

Félögin þurfa einnig að vera vakandi fyrir þessari leið. Söknum þess að áhugaleikhúsfólk rífi ekki meira kjaft opinberlega. Þurfum ekki að vera svona þæg. Verðum að láta stjórnvöld heyra í okkur svo þau sniðgangi okkur ekki. Þarf að benda þeim á að það er starfsemi í húsunum sem þarf að styrkja, ekki bara að byggja hús.

Sérverkefni leikársins

Viljum endilega halda haustfundi sem oftast og að sjálf-

sögðu núna þar sem brýnt er að ræða L2005 í ár. Viljum að gefinn verði góður tími til að ræða þessi mál og teljum heppilegast að hann verði haldinn utan höfuðborgarsvæðisins.

Stuttverkahátíðin er gott mál og frábært.

Ef okkur veittist sá heiður að verða boðinn samningur svipaður þeim sem getið er um í lið 7 teljum við samt koma til greina að víkka út formið. Að ekki væri alltaf um stuttverkahátíð að ræða heldur dag í Borgarleikhúsinu sem við mættum nýta til sýninga að vild. Það þarf að efla jákvæða hvatningu til leikfélaganna til að fá þau til að mæta með sýningar á slíkar hátíðir. Þetta á einnig við um L2005 og hátíð eins og var á föstudaginn hér að Húsabakka sem og haustfundi.

Undirbúningur er í góðum höndum og súpermódeli ;o) Minnum á hátíðina með jákvæðri hvatningu til leikfélaganna sem fyrst.

Vonumst eftir einstaklega fallegu eintaki af Sögu BÍL.

Aukaspurning:

Vonumst til þess að félögin hafi þroska og metnað til þess að setja upp góðar og fjölbreyttar sýningar með flinku fólki úr röðum áhuga- og atvinnumanna.

Eflum leikstjórnar og leikaramenntun enn frekar í skólanum og verðum því enn betur í stakk búin til að takast á við undursamleg verkefni.

ÞAÐ ER EKKI ALLTAF SAMASEMMERKI Á MILLI FITU OG DUGNAÐAR!!!

Nína B Jónsdóttir kynnir niðurstöður hóps 2.

1. Ánægja með starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar.
2. Viðhald húseignar mikilvægt, nauðsynlegt að veita þeim fjármunum til þess sem til þarf.
3. Ánægja með ársritið, mælt með áframhaldandi útgáfu á því.
4. Rætt var um að ekki væri gott að færa skólann eða stækka. Einnig voru menn sammála um að það væri á ábyrgð félaganna að kynna skólann fyrir sínum félagsmönnum. Umræða um skráningar á námskeið. Hópnum þótti æskilegt að fólk fengi bæklinginn viku til 10 dögum áður en skráning hefst. Einnig mælt með að umsóknarform yrði sett á netið. Hópnum þótti einnig æskilegt að leitast verði við að hafa tækninámskeið með öðrum námskeiðum í Svarfaðardal.
5. Hópurinn stakk upp á að komið yrði á sjálfvirkum póstlista á vefnum þar sem hægt væri að senda út tilkynningar á félagalista allra leikfélaga. Ennfremur þótti þeim erfitt að fylgja þráðum í spjallkerfi. Fyrirspurn kom um undirsíður fyrir hvert leikfélag fyrir sig, sem félögin gæti þá sjálf uppfært og einnig hvort hægt væri að hafa spjallkerfi hjá hverju leikfélagi.
6. Hópurinn stakk upp á að reynt yrði að ná tangarhaldi á nýja menntamálaráðherra, t.d. með því að bjóða henni að vera viðstaddri lokadag skólans. Þeim þótti

rétt að Bandalagið reyndi að minna á sig reglulega, til dæmis með því að koma áhugaleikhúsinu að í menningarstefnu stjórnmalaflokka. Einnig að leitað yrði eftir samstarfi við stór einkafyrirtæki og að slíkt yrði að undirbúa vel.

7. Þótti Þjóðleikhússamkeppnin hið besta mál. Stungu enn fremur upp á að samkeppni um bestu veggspjöld og leikskrár yrði endurvakin á þingum.

Sérverkefni:

1. Endilega þarf að boða til haustfundar til undirbúnings vegna hátíðar 2005. Stungið var upp á að stjórnarmenn tækju að sér að vera tengiliðir við ákveðin félög. Einnig þótti þörf á að halda námskeið í stjórnun félaga.
2. Hópurinn velti fyrir sér hvernig hátíðin ætti að vera samansett. „Best off“ eða gegnumsneitt. Hópnum þótti sýnt að í Borgarleikhúsinu ættu bara að vera bestu sýningarnar á meðan rúm væri fyrir meira „tilraunaeldhús“ á Bandalagsþingum. Helstu spurningar: Hvernig á að velja? Hvenær á að velja? Hver á að vera í dómnefnd? Á að fara fram á upptökur? Svona hátíð væri æskilegt að hafa á tveggja ára fresti.
3. Hópur tilnefndi 2 fulltrúa í undirbúningsnefnd: Ingi Björgu Hjartardóttur og Júlíus Júlíusson.
4. Rétt að safna fyrirfram þöntunum á bókinni.

Aukaspurning:

Leikfélög prófi sig áfram í leikstjóravali. Hópurinn telur ekki að fjölgun Bandalagsskólamenntaðra leikstjóra sé vandamál heldur auki það fjölbreytni og að gæði sýninga hafi ekki rýrnað þrátt fyrir að e.t.v. hafi félögin verið að taka djarfari ákvarðanir í verkefnavali. Einnig hafi félögin tök á að setja á svið fleiri verkefni sé kostnaður vegna ráðninga leikstjóra minni. Atvinnumenn séu margir ófánlegir til að fara af höfuðborgarsvæðinu. Hópurinn bendir einnig á að ekki séu margir á landinu með leikstjórnarmenntun en að áhugaverðir leikstjórar fái alltaf nóg að gera. Hópurinn telur að öllum leikhópum sé hollt að prófa að starfa með sem flestum og fjölbreyttustum leikstjórum, óháð menntun. Ekki telja þau alla atvinnumenn sinna leikstjórn í áhugaleikhúsi af fullum áhuga. Hópurinn telur að menntun áhugamanna í leikstjórn í skólanum geri leiklistinni gott.

Hópur 3.

Halla Rún Tryggvadóttir kynnti niðurstöður.

Í hópnum voru:

Hrefna Friðriksdóttir Hugleik
Linda María Ásgeirsdóttir Leikfélagi Siglufjarðar
Grétar Guðmundsson Leiklistarfélagi Seltjarnarness
Einar Þór Samúelsson Leikfélagi Kópavogs
Björgvin Gunnarsson Leikfélagi Fljótsdalshéraðs
Auður Arnþórsdóttir Umf. Íslendingi
Þorgerður Sigurgeirsdóttir Umf. Eflingu
Sigríður Umf. Reykdæla

Lögðu til að titli starfsáætlunar yrði breytt í: Tillaga að starfsáætlun BÍL

1. Engar athugasemdir.
2. Engar athugasemdir.
3. Hvetja félög til að senda inn upplýsingar í ársritið. Spurning um að hafa upplýsingar á stöðluðu formi. Mikilvægt að hafa ritið aðgengilegt á netinu.
4. Almenn ánægja með skólann. Mikilvægt að halda áfram leit að heppilegu húsnæði, félögin séu vakandi fyrir möguleikum á sínu heimasvæði. Efla þarf kynningu á skólanum innan félaganna. Mikilvægt að halda áfram tilraunastarfsemi varðandi námskeið, tímalengd, o.s.frv.
5. Hópurinn telur að „formannatappi“ sé í kynningu á vefnum fyrir almennum félögum. Hann hvetur einnig til að fleiri skrifi umfjallanir um sýningar á vefinn sem og að menn verði duglegri að senda inn fréttir af sinni starfsemi.
6. Spurning um að bjóða bæjarstjórum hlutverk. Höfundar, skrifa alltaf hlutverk fyrir bæjarstjórnann!
7. Engar athugasemdir.

Sérverkefni

1. Leggja til að haustfundur verði haldinn á Akureyri.
2. Setja þarf nefnd í að kanna áhuga hjá félögum og hvetja félög til þátttöku á vefnum. Dagskráin í fyrra var of löng. Hvetja höfunda og leikstjóra til að auglýsa sig á vefnum. Gott að hafa tímamörk á hverjum þætti, t.d. 15 mínútur. Leggja þarf faglegan metnað í valið og hafa góðan fyrirvara á því.
3. Reyna þarf að hafa betri markaðssetningu en var árið 2000.
4. Huga þarf að fjármögnun vegna útgáfunnar. Reyna að selja sem flest eintök í forsölu.

Aukaspurning:

Ein af skýringunum á því að félögin eru að nota eigin leikstjóra er sú að kostnaður er meiri þegar ráða á atvinnumenn. Þetta á sérstaklega við um smærri verkefni. Gott er að hafa val um að nota innanfélags leikstjóra, fer eftir verkefnum hvað hentar. Gott að fá utanaðkomandi fólk í sumum tilfellum. Áhugaleiklist er bæði áhugaleikur og áhugaleikstjórn.

Hópur 4.

Þorgerður Tryggvason talar í umboði hópstjóra, Rúnars Lund.

Almenn starfsemi:

1. Þjónustumiðstöð. Ánægja með þjónustu.
2. Laga þarf aðgengi.
4. Frábært að skólinn hafi þessa miklu aðsókn. Réttlátara að nota ekki „fyrstur kemur fyrstur fær“, heldur fá allar umsóknir í hús og draga síðan. Önnur leið væri að byrja ekki að taka við umsóknum fyrr en viku eftir að bæklingur er sendur út, og láta síðan skráningaröð gilda. Athuga þarf að bæta aðgengi. Halda helgarnámskeið á höfuðborgarsvæðinu.

7. Jöfnunarsjóður verði stofnaður vegna ferða dómnefndar. Gert verði opinbert nokkru fyrir Bandalagsþing hverjir hafa sótt um, svo umræður skapist.

Sérverkefni:

1. Efasemdir um nauðsyn haustfundar.
2. Stuttverkahátíð. Val skyldi miðast við gæði en ekki „pólítísk“ sjónarmið. Til að efla stuttverkastarf í fleiri félögum mætti gera meira af stuttverkahandritum aðgengileg á vefnum. Sveigjanlegri tímalengd þátta. Almennilegt partý! Almennilega gagnrýni!
3. Finna gott nafn á hátíðina með samkeppni á leiklist.is. Leggja áherslu á kynningu hátíðarinnar út á við.

Aukaspurning:

Vandamálið leysir sig sjálft – félög sem brenna sig á metnaðarlausum leikstjóra ráða hann ekki aftur, hvort sem hann er atvinnu- eða áhugamaður. Atvinnuleikstjórar tryggja ekki gæði, áhugaleikstjórar ekki heldur.

Eftirtalin verkefni hefðu ekki orðið að veruleika án leikstjóra/höfunda úr Leiklistarskóla Bandalagsins:

Draumur á Jónsmessunótt – Sýnir
 Þið eruð hérna – Leikfélag Hafnarfjarðar
 Salka miðill – Leikfélag Hafnarfjarðar
 Þetta er bara prinsippmál – Leikfélag Seyðisfjarðar
 Hann – Leikfélagið Sýnir
 Beðið eftir Go.com Air – Leikfélag Mosfellssveitar
 Unglingastarf Júlíusar Júlíussonar – Leikfélag Dalvíkur
 Þetta mánaðarlega – Hugleikur
 Kolla og stöðumælaverðirnir – Leikfélag Kópavogs og fleiri.
 Hvort starfsemi íslenskra áhugaleikfélaga væri betri eða verri án þessara verkefna verða málshefjendur að meta.

Hópur 5.

Almenn starfsemi

1. Við leggjum það algjörlega í hendur framkvæmdastjóra og stjórnar að forgangsraða verkefnum í samræmi við fjárhag.
2. Sama.
3. Við teljum að þörf sé á að ýta meira á leikfélögin að skila af sér einhverjum upplýsingum þótt ekki sé nema bara ástæðum fyrir því að ekki var sett upp þetta árið, og að ársritið sé of gott rit til að það sé fullt af götum. Við teljum að það gæti hjálpað sumum leikfélögum að fá staðlað form.
4. Við viljum gjarnan fá að sjá t.d. grunnnámskeiðin haldin, ef ástæða þykir til, einhverstaðar annars staðar en á Húsabakka með tilliti til aðgengis. Og að tilkynna þurfi hvenær opni fyrir umsóknir með fyrirvara. Við erum mjög ánægð með það að búið sé að draga skýrar línur um hvernig ákvarða skuli inntökuskilyrði og við viljum að það sé sameiginlegur skilningur kennara og skólanefndar um þau og innihald námskeiðs.
5. Við styðjum tillögu Harðar um að stofna formlega

vefnefnd.

6. Við viljum formlega lýsa yfir miklum áhyggjum af styrknum frá ríkinu og viljum hvetja stjórnina til frekari dáða í þeim efnum.

7. Já

Sérverkefni.

1. Við viljum að haldinn verði haustfundur í samfloti við stuttverkahátíðina.

Aukaspurning:

Okkar tillaga er að hætta að nota hugtökin atvinnu- og áhugamenn, annað hvort er sýningin góð eða vond sama hver stendur að henni. Það skiptir ekki máli hvaðan gott kemur. Það er ekkert grín að vera í leiklist.

Fundarstjóri opnar umræður um tillögu að starfsáætlun.

- Guðrún Halla sagði ástæðuna fyrir því að stjórn og aðildarfélög væru í titli starfsáætlunar væri sú að aðildarfélög ættu að taka þátt í starfinu samkvæmt henni.
 - Hörður svaraði fyrir vefmál. Sagði auglýsingaborða fyrir sýningar standa til boða. Óskaði nánari skýringa á ákveðnum atriðum, sagði myndir vera vel þegar. Spurði eftir nánari útlitun á hugmyndum um póstlista á vefnum. Hann sagði form á spjallþráðum í þróun en sá ekki tilgang með lokuðum þráðum fyrir hvert félag fyrir sig. Þótti uppástunga um staðlað form fyrir upplýsingar í ársrit góð. Hann sagði ennfremur þætti úr stuttverkakeppni frá í fyrra vera aðgengilega á vefnum.
 - Lárus: Þótti hugmyndin um að stjórnarmenn taki að sér tengsl við ákveðin félög góð. Sagði haustfund lúta að skipulagi á vinnuferli bæði í undirbúningi í vetur og á hátíðinni sjálfri. Nauðsynlegt að fara vel í gegnum starfsþópa þannig að allir hafi sín hlutverk á hreinu.
 - Grétar Guðmundsson: Aðildarfélög og stjórn eru Bandalagið. Óparfi að tvítaka það í titli starfsáætlunar.
 - Guðrún Halla sagði ákveðið atvik hafa orðið til þessarar orðalagsbreytingar. Aðalfundur samþykkti á sínum tíma verkefni sem var bindandi fyrir stjórn, en ekki endilega félögin.
 - Júlíus: Sagði kost póstlista vera þann að fréttir bærust beint til einstaklinga í félögum og kæmi þar með í veg fyrir formannatappa. Taldi brýnt að ná betur til núverandi menntamálaráðherra. Spurning um að bjóða henni að vera verndara leiklistarhátíðar.
- Varaði við umræðu um að finna nýjan stað fyrir skólann, sagðist skilja hana og ónánægju með aðgengi, en taldi ekki rétt að stækka skólann fyrr en ótvíræð þörf væri á því.
- Pétur Pétursson áréttaði að ekki væri hægt að setja upp leiksyningar nema að hafa til þess peninga. Hann sagði Leikfélag Mosfellssveitar hafa gert samstarfs-samning við bæjarfélagið og að þannig hafi fjárframlag frá sveitarfélaginu hækkað. Eins hafa þau leitað til fyrirtækja. Hann bauðst ennfremur til að koma að hönnun og prentun á sögu bandalagsins.
 - Embla hvatti félögin til að senda starfsskýrslur með styrkumsóknum og studdi tillögu um skerðingu á

árgjaldi fyrir þau félög sem sendu fulltrúa á þing. Stakk upp á að áhugaleikhúsmenn veldu áhugaverðustu Þjóðleikhússýningu ársins og úrslit yrðu tilkynnt á haustfundi. Hún sagði sitt leikfélag hafa náð góðum árangri í hækkun fjárframlags frá sveitarfélagi með því að efla tengsl sveitarstjóra við leikfélagið.

- Ólöf Þórðardóttir sagðist senda Herði upplýsingar um sambærilega vefpóstlista. Hún taldi almenna félaga vera í litlum tengslum við Bandalagið. Þótti góð hugmynd að stjórnarmenn tækju félög „í fóstur“. Taldi þörf á námskeiði í stjórnun og að skilgreina betur hlutverk stjórnarmanna í leikfélögum. Hún sagði tæknimenn við sýningar gjarnan vera útundan við uppsetningar sýninga, yrðu frekar hluti af hópnum væru námskeið fyrir þá einnig í Svarfaðardal.

- Hrund Ólafsdóttir hvatti stjórn til að fá einhvern til að svara grein Hávars Sigurjónssonar, þar sem hann setti fram skilgreiningu á muninum á atvinnu- og áhuga-mönnum. Lagði til að farið yrði fyrr af stað með að kynna einþáttungahátíðir. Þær þyrfti að kynna betur og oftár fyrir félögunum. Hún saknaði leikskráa og veggspjaldakeppni á þingum.

- Pétri fannst útgáfa sögu Bandalagsins eiga að kosta eins mikið og þurfa þætti til að verða góð kynning fyrir Bandalagið.

- Vilborgu þótti góð hugmynd að stjórnarmenn skipti á milli sín félögum. Það yrðu 6,4 félög á mann. Vildi koma á keppni milli stjórnarmanna. Hvers félög eru duglegust að mæta á þing og taka þátt í öðru starfi Bandalagsins.

- Guðrún Halla var einnig hrifin af þessari hugmynd, spurði hvort stjórnarmenn mættu velja sér félög.

- Emblu fannst ekki. Vildi láta draga.

- Ólöf sagði misjafnt hversu mikinn stuðning félög þyrftu. Rétt að skipta félögum sem jafnast með það í huga.

- Einar Rafn stakk upp á að félög sendu netfangalista til Bandalagsins, þar með væri kominn stór póstlisti. Rifjaði einnig upp að áður hefur verið reynt að koma á landshlutaskipulagi á tengiliði við félögin.

Starfsáætlun borin undir atkvæði.

Samþykkt.

17. Tillaga að árgjaldi.

Tillaga stjórnar var að árgjald verði óbreytt. Stjórninni þótti ekki stætt á að hækka árgjöld, þó svo að þörf væri á, á meðan styrkir til félaganna frá ríki hækkuðu ekki.

Samþykkt.

18. Önnur mál.

Ása Hildur Guðjónsdóttir las upp ályktun frá stjórnarfundum Halaleikhópsins:

Halaleikhópurinn beinir þeim tilmælum til Bandalags íslenskra leikfélaga að fundir, námskeið og aðrar uppákomur á vegum BÍL verði haldnar á stöðum sem eru

öllum í Bandalaginu opnir með tilliti til aðgengis.

Jafnframt verði hugað að því í náinni framtíð að gera þjónustumiðstöðina aðgengilega öllum.

Leiklist fyrir alla er kjörorð okkar í Halaleikhópnum og viljum við gera það að kjörorði Bandalagsins alls.

Fyrir hönd Halaleikhópsins:

Kristín R. Magnúsdóttir formaður

Örn Sigurðsson varaformaður

Jón Eiríksson gjaldkeri

Hanna Margrét Kristleifsdóttir ritari

Stefanía Björk Björnsdóttir meðstjórnandi

Sóley Björk Axelsdóttir varastjórn

Helga Bergmann varastjórn

Unnur María Sólmundardóttir varastjórn

Ásgeiri Haukssyni þótti tillaga að afslætti á árgjaldi til þeirra sem senda fulltrúa á aðalfundi góð. Taldi þurfa að umbuna mönnum fyrir þátttöku. Þyrfti ekki að vera há upphæð. Las upp eftirfarandi tillögu:

Aðalfundur BÍL haldinn á Húsabakka 22.–23. maí 2004 samþykkir að þau aðildarfélög sem senda fulltrúa á aðalfund fái afslátt af árgjaldi til Bandalagsins. Stjórn BÍL er falin frekari útfærsla á tillögu þessari.

Ásgeir Már Hauksson

Fanney Valsdóttir

- Þorgeir kom með fyrirspurn um hvers vegna stjórn teldi þörf á að fá myndbandsupptökur af öllum sýningum með styrkumsókum.

- Jóhanna Ástvaldsdóttir flutti formlegt boð frá Leiklistarfélagi Seltjarnarness: „*Félagsheimili Seltirninga stendur öðrum félögum til boða sem aðstaða fyrir sýningar í leikferðum þar sem Leiklistarfélag Seltjarnarness er nú aðili að rekstri heimilisins. Fréttabréf verður sent út þegar nánari útfærsla liggur fyrir*“.

- Ólöf vildi heldur beita þeirri aðferð að allir verði rúkaðir um fundargjald óháð því hvort þau sendi fulltrúa á þing eða ekki.

Tillaga Ásgeirs borin upp til umræðna.

- Lárus taldi að ekki ætti að refsa félögum fyrir að taka ekki þátt í stjórnun og hugmyndafræðilegri umræðu innan samtakanna. Mörg félög tækju þátt í starfinu á annan hátt. Þótti rétt að reyna að finna aðra leið til að hvetja fólk til að mæta á aðalfundi.

- Vilborg velti fyrir sér upplitinu á fólki þegar starfsmenn segðu að það kostaði að mæta ekki á aðalfundi. Tók fram að það þætti ekki öllum félögum þau vera Bandalagið. Fleiri spyrðu hvað Bandalagið gerði fyrir félögin. Hafði áhyggjur af því að samþykkt tillögunnar yrði samstöðunni að fótakefli.

- Snorri Emilsson varaði við skerðingu á tekjum Bandalagsins. Hækka þyrfti árgjald til að hægt væri að veita afsláttinn vegna fundasetu.

- Ásgeir taldi afsláttinn ekki refsingu fyrir að mæta ekki, heldur umbun til þeirra sem mæta.

- Grétar sagði að Leiklistarfélagi Seltjarnarness hefði ekki haft aðstæður til að senda fulltrúa á þing fyrr en nú. Núna væru þau komin í aðstöðu til þess. Peningalega væri erfitt að senda fulltrúa. Fámennit félag, vantar enn breiddina, er verið að reyna að stækka hópinn. Leist ekki á hugmyndir um refsingar eða umbun fyrir að mæta. Með því að sleppa þátttökugjöldum á þing sætu allir við sama borð hvað varðar þátttöku á aðalfundum.

Tillaga borin undir atkvæði.
Tillagan felld.

- Einar Rafn velti upp spurningu um að hækka árgjald um 10.000 krónur og innifalið yrði gjald fyrir einn fulltrúa á þing. Svaraði fyrirspurn Þorgeirs, myndbandsupptökur með styrkumsóknum væru til að auðvelda tímamælingu og til að skoða umgjörð þegar verið væri að sækja um álag og til að vita hvort sótt væri um styrk í réttum flokki.

- Lárus benti fólki á að hægt væri að sækja um styrki í Menningarsjóð félagsheimila vegna leikferða.
- Vilborg ítrekaði umsóknarfrest til styrkumsókna. Hvatti menn til að senda efni í ársritið á tölvutæku formi eins og hægt væri.

19. Næsti aðalfundur.

Margrét Ásgeirsdóttir flutti formlegt boð frá Leikfélaginu Grímni í Stykkishólmi um að halda næsta aðalfund.

Fundarstjórar þökkðu fyrir fyrir sig.

Einar Rafn þakkaði starfsmönnum þingsins og fráfarandi stjórnar- og varastjórnarmönnum fyrir sitt vinnuframlag. Velti upp spurningu um hvort gera bæri nánari grein fyrir starfsháttum Bandalagsins strax í upphafi aðalfunda. Vonaði að þeir sem voru að sitja sinn fyrsta fund hafi notið samverunnar.

Nokkrar myndir frá aðalfundi og einþáttungahátíð



PricewaterhouseCoopers hf
Skógarhlíð 12
105 Reykjavík

Símanúmer +354 550-5300
Símbréfsnúmer +354 550-5301

Bandalag íslenskra leikfélaga

Ársreikningur 2003

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra leikfélaga staðfesta hér með ársreikning Bandalagsins fyrir árið 2003 með áritun sinni.

Reykjavík, 13. mars 2004

Stjórn:

Ólafur Rafn Haraldsson
 Guðrún Halldóra Jónsdóttir
 Þóroddur Sigurðsson
 Hryggja B. Halldórsdóttir
 Þóroddur Sigurðsson

Framkvæmdastjóri:

Vilborg Arny Valjantsdóttir

Við undirritaðar, félagslegir skoðunarmenn Bandalags íslenskra leikfélaga, höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2003 og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík 30. mars 2004

Anna Jónunn Stefánsdóttir Hrefna Friðriksdóttir
 Anna Jónunn Stefánsdóttir Hrefna Friðriksdóttir

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Bandalag íslenskra leikfélaga fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, og skýringar nr. 1 - 8.


Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Bandalag íslenskra leikfélaga við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi Bandalagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram

Reykjavík, 13. mars 2004

PricewaterhouseCoopers hf


Valdimar Guðhason

Rekstrarreikningur ársins 2003

	Skýringar	2003	2002
Rekstrartekjur			
Árgjöld, styrkir og fleira:			
Árgjöld aðildarfélaga		1.710.000	2.114.750
Ríkissjóðsstyrkur		6.170.214	6.222.768
Leiklistarskóli BÍL	1	1.916.000	1.597.950
www.leiklist.is	2	137.000	166.000
Ársrit og vefsíða		0	265.500
Aðrar tekjur	3	179.895	261.893
		<u>10.113.109</u>	<u>10.628.861</u>
Sala og útleiga:			
Sala á farða		2.096.332	2.155.033
Sala á handritum		357.452	307.875
		<u>2.453.784</u>	<u>2.462.908</u>
Rekstrartekjur samtals		12.566.893	13.091.769
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara og fleira:			
Farði		1.342.795	1.498.419
Handrit		200.028	162.712
Afskrifaðar ónýtar vörur		10.948	0
		<u>1.553.771</u>	<u>1.661.131</u>
Leiklistarskóli BÍL	1	2.066.193	1.564.550
www.leiklist.is	2	226.420	214.035
Laun og launatengd gjöld	4	5.903.584	5.340.511
Ýmis rekstrarkostnaður	5	2.638.987	2.426.640
Afskriftir fastafjármuna	6	233.053	152.621
Vaxtagjöld		90.428	149.070
		<u>11.158.665</u>	<u>9.847.427</u>
Rekstrargjöld samtals		12.712.436	11.508.557
Hagnaður (tap) ársins		<u>(145.543)</u>	<u>1.583.212</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2003

Eignir	Skýringar	2003	2002
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Fasteign		11.281.000	10.845.000
Innréttingar og húsbúnaður		251.487	79.027
Áhöld og tæki		637.618	541.289
		<u>12.170.104</u>	<u>11.465.316</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	7	1.847.012	1.895.678
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		92.826	176.830
Handbært fé		63.251	90.973
		<u>2.003.089</u>	<u>2.163.481</u>
Eignir samtals		<u>14.173.193</u>	<u>13.628.796</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2003

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2003	2002
Eigið fé			
Höfuðstóll 1.1.		12.520.832	8.769.620
Endurmat fasteignar		436.000	2.168.000
Rekstrarhagnaður (tap)		(145.543)	1.583.212
		<u>12.811.289</u>	<u>12.520.832</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Skuldabréfalán	8	240.697	338.453
Næsta árs afborgun		(106.976)	(104.139)
		<u>133.721</u>	<u>234.314</u>
Skammtímaskuldir:			
Bankareikningslán		687.871	478.595
Ýmsir skuldheimtumenn		215.653	83.497
Ógreidd launatengd gjöld		215.518	137.510
Ógreiddur virðisaukaskattur		0	66.568
Áfallnir vextir		2.165	3.341
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum		106.976	104.139
		<u>1.228.183</u>	<u>873.650</u>
Skuldir samtals		1.361.904	1.107.964
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>14.173.193</u></u>	<u><u>13.628.796</u></u>

7

Skýringar**1. Leiklistarskóli BÍL****Tekjur**

Þátttökugjöld nemenda:

	2003	2002
Förðun	108.000	0
Húsabakki	1.448.000	1.597.950
Gervi	360.000	0
	<u>1.916.000</u>	<u>1.597.950</u>

Gjöld

Förðun	83.970	0
Húsabakki	1.596.694	1.485.518
Gervi og leikbúningar	318.034	0
Sameiginlegur kostnaður allra námskeiða	67.495	79.032
	<u>2.066.193</u>	<u>1.564.550</u>

2. www.leiklist.is**Tekjur**

Auglýsingatekjur	135.000	156.000
Skráningagjöld	2.000	10.000
	<u>137.000</u>	<u>166.000</u>

Gjöld

Hýsing vefs og áskrift þjónustu	169.221	167.435
Viðhald og endurbætur	57.199	46.600
	<u>226.420</u>	<u>214.035</u>

3. Aðrar tekjur

Vaxtatekjur	50	427
Leiklistarblaðið	0	5.300
Tekjur vegna innheimtu höfundalauna	179.845	200.426
Copy Aid styrktartónleikar	0	55.740
	<u>179.895</u>	<u>261.893</u>

Skýringar

4. Laun og launatengd gjöld

	2003	2002
Laun starfsfólks	4.361.306	3.957.272
Lífeyrissjóðsgjöld	281.799	250.593
Sjúkra-og orlofssjóður	52.668	47.459
Tryggingagjald	231.761	191.187
Dagpeningar	976.050	894.000
	<u>5.903.584</u>	<u>5.340.511</u>

5. Annar rekstrarkostnaður

Rafmagn, hiti og ræsting	115.133	81.916
Fasteignagjöld	238.221	230.879
Viðhald húsnæðis	164.719	30.866
Vátryggingar	86.988	76.466
Akstur og burðargjöld	123.743	176.269
Símakostnaður	83.614	107.164
Ritföng	44.640	36.850
Prentun, tékkhefti	230.310	113.428
Rekstur tölvukerfis	134.781	70.720
Kaffi og hreinlætisvörur	26.663	25.391
Kynningarstarf og auglýsingar	108.838	138.032
Námskeiðskostnaður starfsmanna	0	45.000
Stjórnarfundir	202.603	153.759
Aðalfundur BÍL	296.110	957.740
Innheimtur kostnaður vegna aðalfundar BÍL	0	(686.800)
Haustrundur	0	51.027
Innheimtur kostnaður vegna haustfundar	0	(36.000)
Kostnaður vegna nefnda	6.845	34.431
Kostnaður v/funda NAR, NEATA og IATA	13.997	119.981
Félagsgjald IATA	46.911	48.044
Félagsgjald NAR	73.998	75.667
Félagsgjald Norræna félagsins	3.800	3.800
Félagsgjald Leiklistarsambands Íslands	16.000	16.000
Samtök um leikminjasafn	0	5.000
Félagsgjald húseigendafélagsins	3.700	7.700
Ársuppgjör og kostnaður v/endurskoðunar	94.377	98.126
Áskrift og bókakaup	79.340	76.844
Gjafir	10.075	27.316
Útgáfa ársrits	81.517	67.523
Smááhöld á skrifstofu	21.843	3.149
Stuttverkahátíðin Margt smátt	109.033	0
Annar kostnaður	11.537	27.650
Afskrifaðir reikningar	8.050	76.951
Fjármagnstekjuskattur	4	42
	<u>2.437.390</u>	<u>2.260.931</u>
Virðisaukaskattur: Innskattur af undanþeginni starfsemi	201.597	165.709
	<u>2.638.987</u>	<u>2.426.640</u>

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteign er færð á fasteignamati í árslok.

	Fasteign	Innréttingar og húsbúnaður	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1/1	10.845.000	305.534	1.556.307	12.706.841
Fasteign færð á fasteignamat	436.000	0	0	436.000
Fjárfest á árinu	0	199.368	302.473	501.841
Heildarverð 31/12	11.281.000	504.902	1.858.780	13.644.682
				0
Afskrifað 1/1	0	226.507	1.015.018	1.241.525
Afskrifað á árinu	0	26.909	206.144	233.053
Afskrifað 31/12	0	253.415	1.221.162	1.474.578
Bókfært verð 31/12	11.281.000	251.487	637.618	12.170.104

2003

2002

7. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

Handrit	53.000	53.000
Farði	1.794.012	1.842.678
	<u>1.847.012</u>	<u>1.895.678</u>

8. Langtímalán

SPRON	240.697	338.453
Næsta árs afborganir	(106.976)	(104.139)
	<u>133.721</u>	<u>234.314</u>

LÖG BANDALAGS ÍSLENSKRA LEIKFÉLAGA

1. grein

Samtökin nefnast Bandalag íslenskra leikfélaga. Heimili Bandalagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Bandalagið er landssamtök áhugaleikfélaga á Íslandi og kemur fram fyrir hönd leikfélaganna gagnvart íslenskum og erlendum yfirvöldum. Það gætir hagsmuna áhugaleiklistarinnar innan samtaka leikhúsfólks, t.d. í Leiklistarsambandi Íslands og fer með aðild Íslands að Norræna áhugaleikhúsráðinu, NAR, Norður-evrópska áhugaleikhúsráðinu, NEATA, og Þjóðlega áhugaleikhúsráðinu, IATA.

3. grein

Markmið Bandalagsins er að vinna að þróun og eflingu leiklistar á Íslandi.

Markmiði þessu hyggst það ná með því:

1. Að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum landsins.
2. Að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
3. Að annast innkaup og sölu á varningi sem leiklistarstarfsemin þarfnast.
4. Að útvega leikverk og sjá um fjölrítun þeirra eða útgáfu.
5. Að útvega leikstjóra/leiðbeinendur sé þess óskað.
6. Að miðla upplýsingum og fræðslu á skilvirkan hátt.
7. Að kynna starfsemi íslenskra áhugaleikfélaga innan lands sem utan.
8. Að örva leikfélög til að leita nýrra leiða í leiklistarstarfi.

Til að auðvelda sér að ná markmiðum sínum rekur Bandalagið þjónustumiðstöð.

4. grein

Öll félög áhugamanna, sem hafa leiklist á stefnuskrá sinni og verja öllum sínum tekjum til viðhalds og uppbyggingar leiklistinni sjálfri og ekki eru tengd neinni stofnun, geta gerst aðilar að Bandalaginu. Heimilt er þó að veita leikfélögum aldraðra og öryrkja aðild, þó þau séu tengd stofnun, enda uppfylli þau önnur skilyrði um inngöngu. Upptökubeiðni þarf að vera skrifleg og skal fylgja afrit af lögum félagsins og upplýsingar um hverjir skipa stjórn þess. Hún skal borin undir atkvæði á stjórnarfundum og síðan borin upp til staðfestingar á næsta aðalfundi Bandalagsins. Gæta þarf þess að félagslög brjóti ekki í bága við lög Bandalagsins. Aðildarfélög greiða árgjöld til Bandalagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar þess. Gjaldtagi árgjalda er 1. september.

5. grein

Bandalagið aflar sér tekna með:

1. Opinberum styrkjum.
2. Árgjöldum félaganna.
3. Öðrum þeim leiðum sem stjórn og framkvæmdastjóri sameiginlega telja færar.

6. grein

a) Aðalfundur er æðsta vald Bandalagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í september ár hvert. Stjórn Bandalagsins ákveður þingstað hverju sinni. Aðalfundur skal boðaður með minnst mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina þingstað, fundartíma og dagskrá fundarins. Fundarboði skal fylgja fundargerð síðasta aðalfundar og reikningar Bandalagsins, svo og framkomnar lagabreytingartillögur. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar þjónustumiðstöð Bandalagsins eigi síðar en 6 vikum fyrir aðalfund. Hvert aðildarfélag hefur eitt atkvæði á aðalfundi og skal einn fulltrúi fara með atkvæðið. Heimilt er að tilnefna annan fulltrúa til vara. Allir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt. Kjörbréf til handa fulltrúanum og varamanni hans

skulu staðfest af formanni eða ritara viðkomandi félags og afhent starfsfólki þjónustumiðstöðvar fyrir fundinn. Aðalmenn í stjórn Bandalagsins hafa eitt atkvæði hver.

- b) Verkefni aðalfundar skulu vera:
1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.
 2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.
 3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.
 4. Inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.
 5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.
 6. Skýrsla stjórnar.
 7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.
 8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.
 9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.
 10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.
 11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.
 12. Lagabreytingar.
 13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
 14. Starfsáætlun afgreidd.
 15. Stjórnarkjör.
 16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.
b. Kosning 2ja félagslegra endurskoðenda og eins til vara til eins árs.
 17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.
 18. Önnur mál
 19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.
- c) Tillögur sem kjörnefnd getur ekki gert að sínum og tillögur sem berast eftir að kjörnefnd lýkur störfum skulu studdar af a.m.k. 3 atkvæðisbærum fulltrúum. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður útslitum mála á aðalfundi, þar sem annað er ekki tekið fram. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Til lagabreytinga og brottvikningar úr Bandalaginu þarf 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.
- d) Kveða skal til aukafundar ef tíu eða fleiri félög óska þess. Framkvæmdastjóri skal þá boða strax til aukafundar og skal hann haldinn innan eins mánaðar frá boðun. Aðalfundur og aukafundur eru löglegir og ályktunarhæfir ef löglega er til þeirra boðað.

7. grein

Stjórn Bandalagsins fer með æðsta vald Bandalagsins milli aðalfunda, hana skipi 5 menn, formaður, varaformaður, ritari og tveir meðstjórnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, þannig að annað árið er kosinn formaður og einn stjórnarmanna, en næsta ár þrír stjórnarmenn. Formaður er kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Á sama hátt skal kjósa ýmist tvo eða þrjá í fimm manna varastjórn, sem kveða skal til funda í forföllum aðalmanna. Kosningar skulu bundnar við uppástungur. Formaður boðar til stjórnarfunda. Halda skal minnst fjóra stjórnarfundu á ári og skulu fundargerðir sendar út til félaganna. Fundur er lögmætur ef minnst þrír aðalmenn mæta.

8. grein

Stjórn ræður framkvæmdastjóra fyrir Bandalagið, svo og annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri fer með framkvæmdavald í umboði stjórnar. Hann skal annast daglegan rekstur Bandalagsins og vinna að öðru leyti í samræmi við þessi lög. Um önnur nauðsynleg atriði skal fjalla í ráðningarsamningi. Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Bandalagsins og aðalfundi þess. Hann, sem og annað fastráðið starfsfólk Bandalagsins, skal hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi. Starfsfólk Bandalagsins skal ekki fara með atkvæði einstakra félaga á aðalfundi.

9. grein

Starfsfólki Bandalagsins er heimilt að greiða fyrir einstaklingum, skólum og félögum utan Bandalagsins, enda sé því kunnugt að það brjóti ekki í bága við hagsmuni Bandalagsfélaganna. Fyrir slíka aðstoð áskilur Bandalagið sér þöknun.

10. grein

Kjörnefnd starfar milli aðalfunda. Skal hún kanna hug aðildarfélaganna til stjórnarkjörs og taka við tillögum.

11. grein

Reikningsár Bandalagsins er almanaksárið. Reikningar þess skulu settir upp af löggiltum endurskoðanda og skulu þeir vera tilbúnir fyrir endurskoðendur Bandalagsins eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund.

12. grein

Sérhvert aðildarfélag skal senda Bandalaginu ítarlega skýrslu um starfsemi sína, fyrir 10. júní ár hvert, á þar til gerðum eyðublöðum frá þjónustumiðstöðinni. Þar skal getið verkefna á leikárinu, fjölda leiksýninga, sýningarstaða og annars þess sem máli kann að skipta. Stjórn Bandalagsins er heimilt að setja nánari reglur um hvaða gögn þurfa að fylgja skýrslu.

13. grein

Aðildarfélögum er heimilt að stofna með sér sérsambönd og skulu þau vinna að sameiginlegum hagsmunamálum eftir því sem aðstæður leyfa. Lög og reglur skulu vera í samræmi við lög Bandalagsins.

14. grein

Sé árgjald aðildarfélags eigi greitt fyrir aðalfund missir félagið atkvæðisrétt sinn á fundinum. Vanskil á greiðslu árgjalds í tvö ár veitir stjórn Bandalagsins heimild til að víkja viðkomandi félagi úr Bandalaginu með samþykki aðalfundar. Aðalfundur getur víkið félagi úr Bandalaginu hafi það gerst brotlegt við lög eða samþykktir þess.

15. grein

Heimilt er að stofnsetja sjóði innan Bandalagsins, enda séu þeir ætlaðir til framgangs málefnum þess. Stjórnin setur reglur varðandi lán eða leigu Bandalagsins á eignum þess eða sameiginlegri eign Bandalagsfélaganna í vörslu Bandalagsins.

16. grein

Bandalagsfélög sem ferðast með leikrit til sýninga, skulu hafa samráð við leikfélög á fyrirhuguðum sýningarstöðum, svo sýningar þeirra skaði ekki viðkomandi félög. Óheimilt er að koma með sama verk til sýningar og verið er að æfa eða sýna á staðnum. Í sýningarferðum skulu Bandalagsfélögin aðstoða hvert annað eftir bestu getu.

17. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að skjóta öllum ágreiningsmálum sem rísa kunna í félaginu eða milli einstakra aðildarfélaga, til stjórnar Bandalagsins.

18. grein

Bandalagi íslenskra leikfélaga verður ekki slitið nema 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi séu því samþykkir. Stjórn Bandalagsins skal þó sitja áfram og boða til annars fundar 4–6 mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 4/5 hluta atkvæða að slíta Bandalaginu skulu það heita lögleg félagsslit. Sé Bandalaginu þannig löglega slitið skulu allar eignir þess afhentar Menntamálaráðuneytinu til varðveislu og ávöxtunar.

19. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin eldri lög Bandalags íslenskra leikfélaga.

Samþykkt á aðalfundi Bandalags íslenskra leikfélaga, sem haldinn var að Efstalandi í Ölfusshreppi 2. júní 1990 að meðtöldum breytingum frá aðalfundum 1995, 1997 og 2003.

MENNINGARSTEFNA BANDALAGS ÍSLENSKRA LEIKFÉLAGA

Blómleg starfsemi og fjöldi leikfélaga hér á landi vitnar um að leiklistin er almennings-eign. Stór hópur fólks, óháð aldri, kyni og þjóðfélagsstöðu, nýtir frítíma sinn í skapandi starf og vinnur saman að leiklist. Bandalag íslenskra leikfélaga vill vinna að þróun og eflingu leiklistar með því:

- að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum.
- að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þróa leiklist í menningarlegu og faglegu tilliti.
- að stuðla að því að börn og ungingar kynnist leiklist, jafnt sem þátttakendur og áhorfendur.
- að starfa með atvinnufólki að því markmiði að leiklistinni verði ætíð tryggð þróaðleg skilyrði.
- að stuðla að samskiptum og samvinnu leiklistaráhugafólks á norrænum og alþjóðlegum vettvangi.
- að hvetja til að listrænn metnaður og virðing fyrir leiklistinni sé leiðarljós allra áhugaleikara.
- að halda á lofti gildi þeirrar reynslu sem fæst með samstarfi og í samneyti við annað fólk.

Samþykkt á aðalfundi í Reykholti 5. maí 2001

Athyglisverðasta áhugaleiksýningin leikárið 2003–2004

Niðurstaða dómnefndar um val Þjóðleikhússins á Athyglisverðustu áhugasýningunni var gert heyrinkunnugt við hátíðarkvöldverð á Bandalagsþinginu að Húsabakka laugardaginn 22. maí 2004. Það var Tinna Gunnlaugsdóttir leikkona sem kynnti úrslitin og fer ræða hennar hér á eftir. Í dómnefnd ásamt Tinnu sátu Stefán Baldursson Þjóðleikhússtjóri og Melkorka Tekla Ólafsdóttir leiklistarráðunautur.

Val Þjóðleikhússins á athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins hefur nú farið fram ellefta leikárið í röð.

Tíu leikfélög sóttu eftir að koma til greina við valið með alls ellefu sýningar. Dómnefndin, eða í sumum tilfellum hluti hennar, sá flestar sýningar á heimavelli. Tvær sýningar sá dómnefndin á myndbandi, auk þess sem dómnefndarmönnum sem ekki höfðu séð viðkomandi sýningu á sviði, gafst kostur á að sjá nokkrar sýningar á myndbandi. Dómnefnd Þjóðleikhússins í ár var skipuð Stefáni Baldurssyni þjóðleikhússtjóra, Melkorku Teklu Ólafsdóttur, leiklistarráðunauti Þjóðleikhússins og Tinnu Gunnlaugsdóttur leikkonu.

Eftirtalin leikfélög sóttu um með þessar sýningar:

Leikfélagið Sýnir með *Draum* á Jónsmessunótt eftir William Shakespeare í leikstjórn Þorgeirs Tryggvasonar.

Stúdentaleikhúsið með 1984 – ástarsögu eftir George Orwell í leikstjórn Þorleifs Arnar Arnarssonar sem jafnframt gerði leikgerð ásamt Arndísi Þórarinsdóttur.

Leikfélag Fljótsdalshéraðs með *Gaukshreiðrið* eftir Ken Kesey í leikgerð Dale Wasserman og leikstjórn Odds Bjarna Þorkelssonar.

Leikfélag Keflavíkur með *Með álfum og tröllum* eftir Staffan Westerberg. Leikstjóri var Steinn Ármann Magnússon. *Ungmennafélagið Efling*, *leikdeild* með *Landsmótið* eftir Jóhannes Sigurjónsson og Hörð Þór Benónýsson í leikstjórn Arnórs Benónýssonar.

Leikfélag Selfoss með *Gaukshreiðrið* eftir Ken Kesey í leikgerð Dale Wasserman. Leikstjóri var Ólafur Jens Sigurðsson.

Halaleikhópurinn með *Fílamanninn* eftir Bernard Pomerance í leikstjórn Guðjóns Sigvaldasonar.

Leikfélag Dalvíkur með *Svarfdælasögu* eftir Hjörleif Hjartarson og Ingibjörgu Hjartardóttur. Leikstjóri var Ágústa Skúladóttir.

Hugleikur með *Sirkus* eftir Ármann Guðmundsson, Hjördísi Hjartardóttur, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason í leikstjórn Viðars Eggertsonar.

Leikfélag Siglufjarðar með *Silfur hafsins* eftir Ragnar Arnalds. Leikstjóri var Linda María Ásgeirsdóttir.

Stúdentaleikhúsið með eigin leikgerð á 101 Reykjavík eftir Hallgrím Helgason í leikstjórn Hjálmars Hjálmarssonar.

Eins og jafnan hafði dómnefnd mikla ánægju af að sjá allar þessar sýningar og verða vitni að því kraftmikla og mikilvæga starfi sem áhugaleikfélögin standa fyrir um land allt. Líkt og oft áður viljum við gjarnan nefna sérstaklega nokkrar sýningar hér í kvöld.

Á liðnu sumri sáum við bráðskemmtilega útfærslu Leikfélagsins Sýna á *Draumi* á Jónsmessunótt. Sýningin fór fram undir beru lofti víðs vegar um skóglendið í Elliðaárdalnum, sem reyndist frábær leikmynd fyrir þetta leikverk. Áhorfendur ferðuðust um svæðið og skógurinn vaknaði til lífsins með alls kyns furðuverum sem spruttu upp úr kjarrinu og uppákomum í skógarlundum. Hugvitssamleg sviðsetning ásamt með sniðugum, litríkum búningum gerði sýningu Leikfélagsins Sýna að óvenjulegri og skemmtilegri upplifun, þar sem áhorfendur fengu eitt sumarkvöld að ganga inn í heim ævintýrisins.

Sýning *Halaleikhópsins* á *Fílamanninum* var á sinn hátt ein minnisstæðasta leiksýningin sem við sáum þetta leikárið. Sú hugmynd leikstjórans að hafa endaskipti á hlutunum, og fá ófatlaðan einstakling til að leika fílamanninn en fela fötluðum einstaklingum önnur hlutverk, var athyglisverð og áhrifarík. Rýmisláusnir voru margar hverjar sniðugar, og leikarahópurinn stóð sig með mikilli þrýði og náði með afslöppuðum leikstíl að skapa sérstakan og



Tinna Gunnlaugsdóttir

sannfærandi heim á sviðinu.

Okkur langar einnig að nefna metnaðarfullt framtak Stúdentaleikhússins sem sýndi tvær mannmargar leikgerðir byggðar á skáldsögum, sem unnar voru af leikhópnum eða aðstandendum sýningarinnar.

Leikfélag Dalvíkur sýndi einnig mikinn metnað í verkefnavali og ekki síst óvenjulegri framsetningu í sýningu sinni á Svarfdælasögu. Sú sýning var athyglisverð tilraun til að vinna með stílfærslu og grímuleik. Efniviður verksins er sóttur í sagnaarf byggðarlagsins og gaman var að sjá hvernig leikfélagið nýtti sér ýmsa krafta sem fyrir eru á svæðinu, og hafði meðal annars samstarf við karlakór, tónskáld og grímugerðarmann.

Einnig er ekki úr vegi að nefna litríka sýningu Leikfélags Keflavíkur, þar sem vel unnin umgjörð og gervi, ásamt líflegum leik ungs fólks vöktu sérstaklega athygli.

Það er gaman að geta þess að af þeim tíu sýningum sem dómnefnd sá voru sex á nýjum verkum; tvær á nýjum leikgerðum og fjórar á frumsömdum íslenskum leikritum.

Áhugasýning ársins árið 2004 er einmitt úr hópi nýrra íslenskra leikrita. Dómnefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að velja að þessu sinni sem athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins 2003–2004 sýningu leikdeildar Ungmennafélagsins Eflingar á Landsmóttinu. Höfundar leikverksins eru Jóhannes Sigurjónsson og Hörður Þór Benónýsson en leikstjóri var Arnór Benónýsson.

Umsögn dómnefndar um sýninguna er svohljóðandi:

Sýning Eflingar á Landsmóttinu er bráðskemmtileg leiksýning, þar sem saman koma frábær tónlistarflutningur og kraftmikill leikur. Leikritið gerist, líkt og titillinn bendir til, á Landsmóti ungmennafélaga sem haldið er í heimabyggð Eflingar, að Laugum. Leikfélagsfólk vinnur þannig á skemmtilegan hátt með tilvísanir til heimabyggðarinnar, en leikritið vísar jafnframt út fyrir sig þannig að fólk víðsvegar af landinu getur haft mikið gaman af. Vel tekst til með gervum, tónlist og leik að endurvekja þá gömlu, góðu tíma þegar ungmennafélagsandinn og vínandinn tókust á um sálir unga fólksins. Og auðvitað svífur ástin yfir vötnum, en hér geta ástarævintýrin orðið ærið óvænt. Leikstjórinn hefur náð að virkja leikgleði leikhópsins til hins ítrasta, og þessi gleði streymir óhindrað yfir til áhorfenda. Leikmynd er einföld en rýmisnotkunin vel hugsuð, svo að fjöldasener njóta sín vel. Í Eflingu koma saman ungir og aldnir, og er gaman að verða vitni að því hvernig margreyndir leikfélagar og ungt skólafólk vinnur saman að því að búa til kraftmikla og fjöruga sýningu með sterkan heildarsvip.

Þjóðleikhúsið óskar leiklistardeild Ungmennafélagsins Eflingar til hamingju og býður leikfélaginu að koma og sýna Landsmótið í Þjóðleikhúsinu laugardaginn 19. júní.



Úr Landsmóti Umf. Eflingar

Verkefni og skýrslur stjórna aðildarfélaganna leikárið 2003–2004



Ronja ræningjadóttir

Freyvangsleikhúsið, Eyjafirði

Vinna með handrit

höfundar Rowan Atkinson og John Driscoll, þýðing og leikstjórn
Guðjón Ólafsson.

Pátttakendur: 3 Sýningar: 1 Áhorfendur: 300

X og Y eða Í vorsólinni

höfundur og leikstjóri Helgi Þórsson.

Pátttakendur: 3 Sýningar: 1 Áhorfendur: 60

Ronja ræningjadóttir

eftir Astrid Lindgren, þýðing Þorleifur Hauksson, leikstjóri Oddur Bjarni Þorkelsson.

Pátttakendur: 50 Sýningar: 19 Áhorfendur: 1.600

Jákvætt misrétti

eftir Helga Þórsson og fleiri í leikstjórn Helga.

Pátttakendur: 15 Sýningar: 2 Áhorfendur: 300

Skýrsla stjórnar:

Ný stjórn tók til starfa í júní 2003 og voru skráðir stjórnarfundir 10 talsins. Þetta er búið að vera gróskumikið leikár.

Byrjað var á að fara til Hofsóss þann 26. júlí á Vesturfarahátíðina og setja upp leikritið KN í Höfðaborg. Undirtektir voru gríðalegar góðar og var gerður góður rómur að þessari sýningu. Tekinn var upp geisladiskur með lögum og ljóðum úr leikritinu KN og er hann orðinn mjög vinsæll!!!

Menningarmálanefnd bað leikfélagið að sjá um kvöldvöku á Handverkshátíð og gerðum við það með ágætum. Við settum upp valin atriði úr KN og fléttuðum inn beljuatriði, því þessa Handverkshátíðar var kýrin.

Þann 4. til 6. október var haldið námskeið í Húsinu sem Ágústa Skúladóttir stýrði og var þetta námskeið vel sótt, um 15–20 manns. Í kjölfarið á námskeiðinu var farið að undirbúa Kabarett og kom margt nýtt fólk. Helgi Þórsson sá um að halda utan um kabarettinn og skrifaði leikþætti ásamt fleirum. Kabarettinn var sýndur 7. og 8. nóvember og var vel sóttur og skemmtilegur. Í lok október var einþáttungahátíð haldin í Borgarleikhúsinu og fóru þær Guðrún Halla og Dýrleif með einþáttung suður og gekk mjög vel.

Stjórnin ákvað að sýna barnaleikrit og var það í fyrsta skipti í sögu Freyvangsleikhússins. Ronja ræningjadóttir varð fyrir valinu og Oddur Bjarni Þorkelsson leikstýrði. Æfingar hófust í desember og var gaman að sjá hvað það kom margt nýtt fólk. Æfingar gengu mjög vel og er gaman að vinna með leikstjóra sem er skipulagður á tímum. Frumsýningin var 21. febrúar og voru sýningar 19 talsins. Við fengum stráka frá Toppfilm og tóku þeir leikritið upp á myndband og gátu leikarar fengið að kaupa eitt eintak. Og ekki nóg með það heldur fengu þeir sal í SAM-bíónum að láni og sýndu spóluna þar fyrir alla sem komu að sýningu Ronju með einhverjum hætti og vini og vandamenn þeirra. Þetta var alveg frábært.

Í byrjun apríl var haldinn KEA-dagur á Glerártorgi og var Freyvangsleikhúsið með atriði úr Ronju þar og fengum við 60.000 kr. fyrir. Þess má einnig geta að kynningar á Ronju fóru einnig fram á Glerártorgi og vöktu þær mikla lukku og þá ekki sýst dreifimiðarnir litlu, svokallaðir „flæerar“ sem leikarar dreifðu meðal almúgans. Kynningarmál má bæta og eru hugmyndir Bjarna Eiríks mjög góðar en það þarf góðan hóp fólks sem tekur þetta að sér með góðum fyrirvara, ekki bara tveimur vikum fyrir frumsýningu og allt í flýti. Við lögum þetta!!!!

Stjórn Freyvangsleikhússins sendi tvo fulltrúa á Bandalagsþing sem haldið var að Húsabakka 20.–23.maí. Það voru þau Dýrleif Jónsdóttir og Ingólfur Þórsson. Þau settu ennig upp einþáttung eftir Helga Þórsson og gekk það bara vel. Þess má einnig geta að Guðrún Halla er varaformaður BÍL og erum við mjög stolt að hafa okkar félagi í þeirri stjórn.

Að lokum fer stór hópur félaga í Leiklistarskóla Bandalagsins eða 8 manns, og ákvað stjórnin að styrkja alla sem sæktu um að fullu eða að hálfu leyti. Til þess eru notaðir peningar úr Stjánasjóði sem er ætlaður til styrkja.

María Gunnarsdóttir, formaður

Halaleikhópurinn, Reykjavík

Fílamaðurinn

eftir Bernard Pommerance, þýðing Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson, leikstjórn Guðjón Sigvaldason
Þátttakendur: 40 Sýningar: 9 Áhorfendur: 378

Skýrsla stjórnar

Á aðalfundi Halaleikhópsins 2003 varð smábreyting á stjórninni. Kristín R. Magnúsdóttir, Örn Sigurðsson og Stefania Björk Björnsdóttir héldu áfram í stjórn. Jón Stefánsson í aðalstjórn og Ása Hildur í varastjórn, hættu. Inn í aðalstjórn komu Jón Eiríksson og Hanna Margrét Kristleifsdóttir. Í varastjórn eru: Sóley B. Axelsdóttir, Helga Bergmann og Unnur María Sólmundardóttir, Ragnar Gunnar er 1. og Kolbrún Dögg er 2. skoðunarmaður reikninga.

Leikárið byrjaði með því að haldið var leiklistarnámskeið í nóvember með nýráðnum leikstjóra, Guðjóni Sigvaldasyni. Var námskeiðið frítt fyrir félagsmenn og vel sótt, þótt stundum gætu ekki allir mætt og voru fleiri í byrjun en við lok þess, en því lauk í byrjun desember. Strax á nýju ári var svo byrjað að æfa leikrit í leikstjórn Guðjóns.

Haldnir voru 11 stjórnarfundir og 2 félagsfundir plús 1 startfundur í byrjun janúar með tilvonandi leikurum, áður en byrjað var að æfa leikritið „Fílamaðurinn“, eftir Bernard Pommerance í þýðingu Sigurgeirs Hilmars Friðþjófssonar og horft á myndina um Fílamanninn eftir fundinn. Nokkrir nýir leikarar komu inn og einnig vanir, sem ekki höfðu leikið lengi. Æfingar voru mjög skemmtilegar, enda leikstjórnin líflegur. Stundum hélt ég að æfingin væri búin, því hlástrasköllin veltu mér næstum um koll, er ég kom út úr lyftunni á sömu hæð og fólk spurði mig stundum hvort við værum byrjuð að sýna?

Frumskýnt var 27. febrúar 2004 og 2. sýn. 29. feb. og síðan sýning um hverja helgi og stundum 2. Á milli sýninga voru 2 æfingar. Sýningar urðu alls 9 og komust færri að en vildu. Misjafnlega gekk að ná í leikmuni, en allt gekk upp að lokum, þrátt fyrir veikindi og spítalalegu, enda lögðust allir á eitt með að útvega þá. Sviðið var málað snjóhvítt og voru flestir mjög ánægðir með það.

Nýr maður, félagi til margra ára kom að sem ljósamaður í fyrsta sinn. Einnig stigu margir sín fyrstu spor á leiklistarbrautinni og aðrir sem ekki höfðu leikið lengi komu þar inn. Hafði leiklistarnámskeiðið þar áreiðanlega góð áhrif og er ekki að efa að þessi stórskemmtilegi leikstjóri átti einnig mikinn þátt í því.

Ég reyndi að virkja sem flesta féлага til að koma að leikritinu, svo leikarar þyrftu ekki að þeysast um allar jarðir eftir hinu og þessu. En samt var ekki hægt að komast alveg hjá því, sumir eru bara ofvirkir. En ég mæli ekki með því að stjórnarmenn taki fullan þátt í að leika og vinni fulla vinnu, það er of mikið álag á alla.

Engar aukafjárfanir voru þetta leikárið, fyrir utan flösku- og dósasöfnun, enda allir í þessu stóra stykki meira og minna. Ég var frá í 1 mánuð og gegndi varaformaður Örn Sigurðsson formennskunni fyrir mig á meðan. Leiksýningar á Fílamanninum gengu vel, mikið auglýst á netinu og fengum við frábæra leikdóma.

Sýningar lágu niðri í apríl, en svo átti að taka aftur upp þráðinn í maí og hafa tvær sýningar, en hætta varð við, vegna veikinda eins leikarans og var það blásið af.

Sr. Bjarni Karlsson í Laugarnessókn keypti heila sýningu fyrir fermingarbörnin á miðvikudagskvöldi og færðu Sjálfsbjargarmenn félagsvistina á annan tíma, svo ekki bærast hávaði niður og þökkum við fyrir það.

Sótt var um „Áhugaverðustu leiksýninguna“ og kom 1 nefndarmaður af þremur að sjá sýninguna, hinir skoðuðu myndbandið. Jón Eiríksson og Ása Hildur Guðjónsdóttir fóru sem fulltrúar Halanna á aðalfund BÍL í Svarfaðardal. Vegna afleits aðgengis á fundarstað, var ekki hægt að senda þangað neinn mjög hreyfihamlaðan.

Sótt var um styrki í bæði gamla og nýja sjóði, en fáir þeir nýju hafa lagt blessun sína yfir okkur.

Leiktjaldarennibrautin var bútuð niður og keypt viðbót og fest fyrir ofan dyr og innganga og nú getum við rennt tjöldunum til og frá, án þess að rífa þau. Sett var upp langþráð hengi við miðasölu.

Komið var saman kvöldið sem ákvörðunin um Áhugaverðustu leiksýninguna var tekin á Aðalfundi BÍL og beðið eftir úrslitunum. Því miður fengum við hana ekki, þetta árið. Félögum fjölgaði um 16, 17 nýir komu inn og einn sagði sig úr félaginu og erum við nú 84 í Halaleikhópnum.

Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum gott samstarf og öllum Halafélögum fyrir samvinnuna.

Kristín R. Magnúsdóttir, formaður



Fílamaðurinn



Fílamaðurinn



Sirkus



Kleinur

Hugleikur, Reykjavík

Sirkus

eftir Ármann Guðmundsson, Hjördísi Hjartardóttir, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason, leikstjóri Viðar Eggertsson
Þátttakendur: 35 Sýningar: 11 Áhorfendur: 530

Kleinur

höfundur Þórunn Guðmundsdóttir, leikstjóri Þorgeir Tryggvason
Þátttakendur: 10 Sýningar: 5 Áhorfendur: 240

Lífið í lit

höfundur Hrefna Friðriksdóttir, leikstjóri Þorgeir Tryggvason
Þátttakendur: 6 Sýningar: 2 Áhorfendur: 200

Tveir jólaeinpáttungar

höfundar Hrefna Friðriksdóttir og Þórunn Guðmundsdóttir, leikstjórar Þorgeir Tryggvason og Hrefna Friðriksdóttir
Þátttakendur: 9 Sýningar: 2 Áhorfendur: 50

Mussorgskí

höfundar Modest Mussorgskí og fleiri, leikstjóri Þorgeir Tryggvason
Þátttakendur: 8 Sýningar: 1 Áhorfendur: 55

Tveir hátíðareinpáttungar

höfundar Sigríður Lára Sigurjónsdóttir og Ylfa Mist Helgadóttir, leikstjórar Þorgeir Tryggvason og Rúnar Lund
Þátttakendur: 9 Sýningar: 1 Áhorfendur: 60

Guðmundur

höfundur Hrefna Friðriksdóttir, leikstjóri Rúnar Lund
Þátttakendur: 4 Sýningar: 2 Áhorfendur: 50

Hægara um að tala en í að komast

höfundur og leikstjóri Unnur Guttormsdóttir
Þátttakendur: 9 Sýningar: 1 Áhorfendur: 200

Starfsemi Hugleiks leikárið 2003–2004

Stjórn Hugleiks var þannig skipuð á árinu:

Þorgeir Tryggvason, formaður
Jóhann Hauksson, varaformaður
Nína Björk Jónsdóttir, ritari
Hafdís Hansdóttir, gjaldkeri
Fríða Bonnie Andersen, meðstjórnandi

Varamenn voru þau Hulda B. Hákonardóttir, Ármann Guðmundsson og Sigurður H. Pálsson.

Aðalfundur var haldinn þann 28. maí 2003 í húsnæði sem við höfðum þá á leigu við Hlemm. Fljótlega eftir hann fluttum við okkar hafurtask í húsnæði í eigu Landsbankans við Stakkholt, í kjallara gömlu Hampiöjunnar. Hugmyndin var að þetta yrði bráðabirgðaráráðstöfun, fyrst og fremst til geymslu muna, en svo fór að við nýttum húsnæðið til fundahalda, samlestra, æfinga og jafnvel námskeiða – allt fram yfir áramót.

Síðastliðið sumar sóttu 14 hugleikarar leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga í Svarfaðardal, í leik, leikstjórn og leikritun. Um haustið fóru svo tveir frá okkur á námskeið í búninga- og gervahönnun í Reykjavík. Í ráði er að gera könnun á næstunni til að leggja mat á hverju skólinn hefur skilað félaginu.

Hauststarfið sjálft hófst með þátttöku okkar í Mörgu smáu – stuttverkahátíð í Borgarleikhúsinu á afmælisdegi Ármanns, þann 25. október. Ákveðið var að nokkrir þættir færu frá okkur af því efni sem hafði verið sýnt í einpáttungadagskrám síðasta árs, og að auki einn nýr, verðlaunapátturinn Lífið í lit eftir Hrefnu Friðriksdóttur. Til að fyllsta lýðræðis og hlutleysis væri gætt við val á þáttum var efnt til kosninga meðal þeirra sem þátt tóku í þessu mánaðarlega. Útkoman var að þættirnir Afturelding, Ein lítil jólasaga, Hefndin er sæt, Hærra minn guð til þín og Love me tender færu á hátíðina. Sá síðastnefndi var síðan tekinn af dagskrá af valnefnd hátíðarinnar þegar ljóst var að of mikið efni hafði borist.

Óvenjulegt verkefni rak á fjórum félagsins í haust sem leið. Sópransöngkonan Þórunn Guðmundsdóttir kom að máli við stjórn og óskaði eftir samstarfi við félagið vegna tónleika í 1515 tónleikaröðinni í Borgarleikhúsinu. Þórunn hugðist flytja tvo ljóðaflokka eftir rússneska fyllibyttu og vildi fá aðstoð Hugleiks við að koma þýðingum á ljóðunum til skila á leikrænan hátt. Ákveðið var að ráðast í verkefnið og reyndist það hin besta skemmtun fyrir alla þátttakendur, og jafnvel áheyrendur.

Jóladagskrá var að venju um miðjan desember. Þar voru fastir liðir, frum-samin tónlist flutt og nýir tónlistarmenn hjá félaginu kváðu sér hjóðs. Júlía Hannam söng eigið lag við undirleik dóttur sinnar og Bjössa Thor, og gleðipönksveitin Innvortis ærði alla með jólarokki sínu og mótmælasöngvum. Tveir leikþættir voru frumfluttir í dagskránni, Boð út ganga eftir Hrefnu Friðriksdóttur, og Í upphæðum eftir Þórunni Guðmundsdóttur.

14. desember var fyrsti samlestur á Sirkus, aðalverkefni vetrarins. Leikstjóri hafði verið ráðinn Viðar Eggertsson. Æfingar hófust fljótlega eftir áramót, frumsýnt á fyrirhuguðum tíma og er sýning sem ástæða er til að vera stoltur af.

Hugleikur hélt upp á tuttugu ára afmæli sitt á árinu. Hátíðarsýning á Sirkus var á afmælisdaginn, 14. apríl, að viðstöddum fjölda hugleikara frá ýmsum tímum, fyrirmennis af öllum stærðum og gerðum, engum þó stærri eða fyrirmannlegri en forseta lýðveldisins. Inn á við hélt svo félagið sína afmælishátíð 24. apríl í Kaffileikhúsinu, borðaði góðan mat, söng og skemmti sér á græskulausan hátt. Stærstu og varanlegustu tíðindin frá þessu afmæli eru vitaskuld opnun vefjarins Hugleikur.is, sem Sigurður H. Pálsson smíðaði. Útkoman er einhver efnisríkasti og glæsilegasti vefur íslensks leikhúss, þó við segjum sjálf frá, sannkallaður miðlægur gagnagrunnur á leiksviði.

Þegar Sirkusinn var vel á veg kominn hófust æfingar á Kleinum, fimm einþáttungum eftir Þórunni Guðmundsdóttur. Tvo þeirra hafði Hugleikur áður sýnt, einn höfðu nemendur í Leiklistarskólanum í Svarfaðardal séð. Hér var verið að gera tilraun með að láta þættina virka sem heild, og ég held að það sé óhætt að segja að hún hafi heppnast. Verkið var síðan sýnt fjórum sinnum fyrir fullu húsi við rífandi viðtökur í Kaffileikhúsinu.

Sýningin Undir Hamrinum varð sjálfkjörinn fulltrúi Íslands á opinbera norður-evrópska leiklistarhátíð sem haldin verður í bænum Viljandi í Eistlandi í byrjun ágúst. Það er ótrúlega lítt áhugi meðal leikfélaga að nýta sér þessar hátíðir til að auðga og efla starfsemina, því það er ljóst að við höfum sótt innblástur og sjálfstraust á þær hátíðir sem við höfum farið á.

Síðasta verkefni leikársins var síðan ferð á einþáttungahátíð Bandalags íslenskra leikfélaga í Svarfaðardal. Þar sýndi Hugleikur tvo af Kleinupáttunum og tvo nýja þætti, Af hverju láta fuglarnir svona? eftir Ylfu Mist Helgadóttur og Listin að lifa eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur. Var gerður góður rómur að og óhætt að segja að lítið hefði orðið úr þeirri hátíð án okkar þátttöku, því alls voru sjö þættir frá þremur félögum á boðstólum.

Stærstu tíðindi ársins eru þó tvímælalaust þau að húsnæðisvandræði Hugleiks leystust í eitt skipti fyrir öll þegar félagið festi kaup á æfinga- og geymsluhúsnæði að Eyjarslóð 9, sem mun að öllum líkindum gerbreyta vinnuástandi og vinnulagi félagsins á næstu árum. Hugleikur er kominn heim.

Þorgeir Tryggvason, formaður

Leikdeild Umf. Vöku, Villingaholtshreppi

Gullbrúðkaup

eftir Jökul Jakobsson, leikstjóri Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson

Þátttakendur: 7

Sýningar: 3

Áhorfendur: 150



Undir hamrinum



Undir hamrinum



Smáborgarbrúðkaup

Leikfélag Blönduóss

Smáborgarbrúðkaup

eftir Bertolt Brecht, þýðandi Þorsteinn Þorsteinsson, leikstjóri Ingrid Jónsdóttir

Þátttakendur: 21

Sýningar: 5

Áhorfendur: 384

Skýrsla stjórnar:

Eins og undanfarin ár sáu nokkrir félagar í Leikfélagi Blönduóss um skemmtiatriði á Þorrablóti kvenfélagsins Vöku á Blönduósi. Gert er létt grín að bæjaryfirvöldum og öðrum sem láta til sín taka í bæjarlífinu, með föstum skotum þó. Kosinn er maður ársins, og textar við þekkt dægurlög aðlagaðir að því sem er efst á baugi í þjóðfélaginu.

Á föstudaginn langa var lesið úr Passíusálmunum í kirkjunni, þar átti leikfélagið sína fulltrúa eins og venjulega.

Í lok febrúar var blásið til tveggja kvölda leiklistarnámskeiðs undir handleiðslu Ingridar Jónsdóttur, en hún hafði þá þegar verið ráðin leikstjóri leikársins. Þátttakendur voru 10 og voru nokkrir þeirra tilbúnir í slaginn að takast á við uppsetningu leikrits í kjölfarið.

Í samráði við Ingrid var ákveðið að setja upp leikritið „Smáborgarbrúðkaup“ eftir Brecht. Leikarar í því verki eru 9, en að sýningunni komu um 20 manns. Leikritið var æft og sýnt í danssal Félagsheimilisins á Blönduósi, en venjulega er sýnt í bíósalnum (leikhúsinu). Bíósalurinn tekur tæplega 300 manns, en danssalurinn um 100 svo vel sé. Þetta þýddi það að uppselt var á flestar sýningar, en þær urðu alls 5. Leikritinu var vel tekið af áhorfendum og gagnrýnanda Morgunblaðsins, sem kom á aðra sýningu. Samstarfið við Ingrid gekk afskaplega vel, og er hún kraftmikill leikstjóri sem nær miklu út úr fólki, vönu sem övönu.

Í stjórn leikfélagsins eru:

Kristín Guðjónsdóttir, formaður, Hólmfríður Jónsdóttir, gjaldkeri, Benedikt Blöndal Lárusson, ritari, Birna Lúkasdóttir og Þorgrímur Pálmason.

Kristín Guðjónsdóttir, formaður

Leikfélag Dalvíkur

Svarfdælasaga

höfundar Ingibjörg Hjartardóttir og Hjörleifur Hjartarson, leikstjóri Ágústa Skúladóttir

Þátttakendur: 60

Sýningar: 13

Áhorfendur: 671

Skýrsla stjórnar:

Í upphafi leikársins var kosin ný stjórn, í henni sitja:

Dana Jóna Sveinsdóttir, formaður

Lárus Heiðar Sveinsson, varaformaður

Eyrún Rafnsdóttir, gjaldkeri

Olga Guðlaug Albertsdóttir, ritari

Sverrir Freyr Þorleifsson, meðstjórnandi

Fyrsta verkefni þessarar stjórnar var að taka þátt í að setja upp og undirbúa það metnaðarfulla verkefni sem sett var upp að þessu sinni, á 60 ára afmælisári Leikfélags Dalvíkur. Sett var upp leikritið Svarfdælasaga eftir Ingibjörgu Hjartardóttur og Hjörleif Hjartarson, frumsamin tónlist var í leikritinu eftir tónskáldið Guðmund Óla Gunnarsson. Leikfélagið fékk til liðs við sig Karlakór Dalvíkur sem sá um stórfallegan og góðan söng í leikritinu, einnig aðstoðaði heimsþekktur brúðugerðarmaður, Bernt Ogrodnik, við að búa til grímur sem leikarar sýningarinnar báru. Margt nýtt fólk tók þátt í leiksýningunni að þessu sinni og er það ávallt gleðiefni. Í allt tóku í kringum 60 manns þátt í að gera þessa sýningu að veruleika.

Verkefni sumarsins eru þó nokkur. Þá má fyrst telja að Aðalfundur Bandalags ísl. leikfélaga var að þessu sinni í boði Leikfélags Dalvíkur og sá leikfélagið um mikla skemmtun á lokakvöldi fundarins sem endaði með balli með Dalvískri stórhljómsveit. Í sumar verður svo Leiklistarskóli Bandalags ísl. leikfélaga á Húsabakka eins og mörg undanfarin ár og hefur LD séð um óvissuferð fyrir nemendur eitt kvöld og verður engin breyting á því á þessu ári.

Leikfélagið stefnir á að vera mjög áberandi þetta sumarið, hugsanlega setja eitt hvað upp á fiskidaginn mikla sem haldinn verður á Dalvík í 4 sinn og svo í haust verður sett upp leikrit með söng, gleði og glensu. Stjórn félagsins hefur samið við fjóra heimamenn sem áður hafa samið leikrit fyrir okkur um að semja nýtt stykki sem stefnt er á að frumsýna á fyrsta vetrardag. Þeir fjórmennningar eru Dana Jóna Sveinsdóttir, Arnar Símonarson, Sólveig Rögnvaldsdóttir og Friðrik Ómar Hjörleifsson.

Það má því segja að starf Leikfélagsins verði með líflægasta móti allt árið að þessu sinni. Mikið að nýju fólki tók þátt í leiksýningu vorsins og vonandi skila þeir sér á nýjan leik í haust er sett verður upp leikrit með söng.

Stjórn Leikfélags Dalvíkur 2003–2004

Leikfélag Fljótshéraðs, Egilsstöðum*Gaukshreiðrið*

eftir Dale Wassermann og Ken Kesey, þýðandi Sonja B. Jónsdóttir, leikstjóri Oddur Bjarni Þorkelsson

Pátttakendur: 37 Sýningar: 8 Áhorfendur: 531

Skemmtidagskrá

höfundar og leikstjórar Jón Guðmundsson, Sigurður Ingólfsson, Björgvin Gunnarsson og Jón Gunnar Axelsson

Pátttakendur: 7 Sýningar: 1 Áhorfendur: 40

Sambekkingar

höfundur Þórunn Guðmundsdóttir, leikstjórar Oddur Bjarni Þorkelsson og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir

Pátttakendur: 5 Sýningar: 1 Áhorfendur: 200



Gaukshreiðrið

Skýrsla stjórnar:

Vetrarstarfið byrjaði í lok ágúst þegar ákveðið var að velja til sýninga leikritið *Gaukshreiðrið* eftir Dale Wasserman. Okkar góðkunningi Oddur Bjarni Þorkelsson hafði verið ráðinn til að leikstýra og hófst hann þegar handa við að ráða í hlutverk. Afrakstur æfinga var frumsýndur 26. október í Valaskjálfi. Urðu sýningar átta og áhorfendur um 570. Skemmst er frá að segja að þeir sem sýninguna sáu hrósuðu henni mjög og þóttu aðstandendur hennar hafa skilað frábæru verki, hvort sem var leikur, sviðsmynd eða leikskrá.

Daginn áður en *Gaukshreiðrið* var frumsýnt var annað verk á vegum LF frumsýnt, að þessu sinni í Borgarleikhúsinu. Þar var haldin stuttverkahátíð Bandalags Íslenskra leikfélaga og að sjálfsögðu átti LF sína fulltrúa þar. Var þar fluttur einþáttungurinn *Sambekkingar* eftir Þórunni Guðmundsdóttur og gerður góður rómur að.

Að venju tóku meðlimir LF þátt í Grýlugleði á Skriðuklaustri í byrjun desember og gæddu þar kerlinguna Grýlu lífi, sem og fleiri meðlimi hennar þjóðlegu fjölskyldu.

Um áramótin hvarf Sigríður Lára Sigurjónsdóttir á brott af Héraði og þar með stóð hennar sæti í stjórn LF eftir autt. Í hennar stað kom Ásta Jóhannsdóttir sem áður hafði verið varamaður í stjórn.

Þann 26. mars stóð LF fyrir fundahöldum á loftinu á Café Nielsen, eða svo hljóðaði auglýsingin a.m.k. Á bak við auglýsinguna leyndist hins vegar skemmtikvöld með hálfu spuna- og hálfu uppistandsleikriti sem félagarnir Ágúst Ólafsson, Björgvin Gunnarsson, Jón Gunnar Axelsson og Sigurður Ingólfsson skrifuðu og spunnu. Líka var fluttur einþáttungurinn „Hefur einhver sagt þér hvað þú er líkur Robert Redford“ eftir Jón Guðmundsson.

Í aðalatriðum er þetta yfirlit yfir starf Leikfélags Fljótshéraðs leikárið 2003–2004 en gaman verður að sjá hvað leikárið framundan hefur að bjóða.

Sigurlaug Gunnarsdóttir, formaður

Leikfélag Hafnarfjarðar*Þið eruð héra*

höfundur Lárus H. Vilhjálmsson, leikstjórar Lárus H. Vilhjálmsson og Gunnar Björn Guðmundsson

Pátttakendur: 13 Sýningar: 9 Áhorfendur: 300

Kontrabassinn

höfundur Patrick Suskind, þýðandi Hafliði Arngrímsson, leikstjóri Gunnar Björn Guðmundsson

Pátttakendur: 2 Sýningar: 6 Áhorfendur: 104

Aðdragandi að glæp

höfundur og leikstjóri Ingvar Bjarnason

Pátttakendur: 2 Sýningar: 2 Áhorfendur: 240

Jóga

höfundur og leikstjóri Guðmundur L. Þorvaldsson

Pátttakendur: 2 Sýningar: 1 Áhorfendur: 40



Þið eruð héra



Hjartað er bara vöðvi



Kontrabassinn



Dans fyrir Svandísi



Bar par

Leikfélag Hafnarfjarðar, framh.

Augun sem glóðu af gulli

höfundur og leikstjóri Ingvar Bjarnason
Þátttakendur: 4 Sýningar: 1

Áhorfendur: 40

Dans fyrir Svandísi

höfundur Lárus H. Vilhjálmsson, leikstjóri Gunnar Björn Guðmundsson
Þátttakendur: 3 Sýningar: 2

Áhorfendur: 340

Hver heyrir?

höfundur og leikstjóri Lárus H. Vilhjálmsson
Þátttakendur: 2 Sýningar: 2

Áhorfendur: 340

Pálmi

höfundur og leikstjóri Snorri Engilbertsson
Þátttakendur: 1 Sýningar: 1

Áhorfendur: 40

Hjartað er bara vöðvi

höfundur Hildur Þórðardóttir, leikstjóri Gunnar Björn Guðmundsson
Þátttakendur: 3 Sýningar: 2

Áhorfendur: 340

Wannabe

höfundur Jón Stefán Sigurðsson, leikstjóri Gunnar Björn Guðmundsson
Þátttakendur: 2 Sýningar: 1

Áhorfendur: 40

Óhamingja

höfundur Jón Guðmundsson, leikstjóri Halldór Magnússon
Þátttakendur: 2 Sýningar: 12

Áhorfendur: 40

Ó pabbi komdu heim um jólin

höfundur Þorgeir Tryggvason, leikstjóri Lárus H. Vilhjálmsson
Þátttakendur: 2 Sýningar: 1

Áhorfendur: 150

Í jólaösinni

höfundar Félagar í Leikfélagi Kópavogs, leikstjóri Gunnar Björn Guðmundsson

Þátttakendur: 3 Sýningar: 1

Áhorfendur: 150

Hamskiptin

höfundur Franz Kafka, leikstjóri Snorri Engilbertsson
Þátttakendur: 7 Sýningar: 8

Áhorfendur: 161

Leikfélag Hornafjarðar, Höfn

Bar par

höfundur Jim Cartwright, þýðandi Guðrún J. Bachmann, leikstjóri Magnús J. Magnússon

Þátttakendur: 17 Sýningar: 7

Áhorfendur: 350

Skýrsla stjórnar:

Aðalfundur LH var haldinn í Hlöðunni mánudaginn 22. september. Ekki var fjölmætt á fundinn en vel mannaður var hann samt. Um það sem gerðist á fundinum vísa ég til aðalfundargerðar sem hér liggur frammi. En það náðist að manna stjórn og var hún þannig skipuð:

Formaður: Magnús J. Magnúson, ritari: Heiðveig M. Jónsdóttir, gjaldkeri: Ingólfur Baldvinsson, aðrir: Ásta Margrét Elínardóttir, Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir, G. Kristbjörg Bragadóttir, Sigríður Bára Steinþórsdóttir.

Voru menn nokkuð sáttrir að hafa náð saman þessum hóp og tók hann strax til starfa.

Stjórnarfundir voru 11 á árinu og voru þeir flestallir haldnir í Hlöðunni. Stefnt var að því að hafa stjórnarfund annan hvern mánudag og gekk það fram að leiksýningarferlinu. Góður andi ríkti í stjórnasamstarfinu og vil ég þakka fráfarandi stjórn samstarfið.

Strax að loknum aðalfundi var ákveðið að setja upp leikrit eftir áramótin. Vildu menn stefna á gamanleikrit, hafa lítinn kostnað þar sem fjárhagur félagsins var afar viðkvæmur. Verkefni haustsins byggðust á því að ná tökum á fjármálum og undirbúa vorið. Haldinn var félagsfundur þar sem vetrardagskráin var kynnt og mætti þó nokkur fjöldi manna. Þar voru menn að skrafa og skeggraða um hinar ýmsu hugmyndir. Bakaðar voru vöflur og borið fram rjúkandi kaffi. Leikin voru örleikrit og stigin dans þangað til að Ingólfur tók allt úr sambandi og hætti þá fundurinn samstundis. Ásta, Sigrún, og Sigríður léku nokkur örleikrit hingað og þangað við góðan orðstír.

Eftir nokkrar yfirlegur var ákveðið að taka leikritið Bar þar til sýningar eftir áramótin. Hugmyndin var sú að hafa 12–14 leikara í sýningunni, en eins og menn vita er hún skrifuð fyrir 2 leikara. Einnig var hugmyndin að hafa 3 leikstjóra.

Á fjölmönnum fundi í byrjun janúar var leikritavalið samþykkt og við náðum þar um 8 leikurum af 12 í sýninguna. Formlegar leikæfingar hófust 12. janúar og um leið og sýningin var fullmönnuð var allt sett á fullt. Allar æfingar gengu vel, en leikstjórnin varð bara einn. Áætlað var í upphafi að frumsýna 5. mars og gekk það eftir. Frumsýning gekk vel og þær sýningar sem á eftir komu. Sýningin fékk góða dóma. Svo var andinn góður í hópnum að hann vildi ei slíta samstarfi og var ákveðið að skella sér í leikferð með verkið. Farið var á Selfoss og sýnt þar föstudaginn 16. apríl. Var sýningunni vel tekið og leikferðin gekk mjög vel og er það mat okkar að það eigi að reyna að fara oftar í leikferðir.

Leikfélagið var einnig með ýmsar aðrar uppákomur. Leiklásur örleikrit þegar Miðbær átti afmæli. Vorum með skemmtiatriði 1. maí á baráttudagskrá hjá Vökli og Foss. Skemmtum einnig á fundi bæjarstjóra víðs vegar af landinu föstudaginn 7. maí. Og á morgun verður Sigrún með Línu langsokks uppákomu hjá leikskólanum.

Svo hefur ljósadeildin verið að lýsa skemmtanir hingað og þangað, þorralót, dagskrána: „Með allt á hreinu“ (sú dagskrá var einnig sýnd á Broadway), lánað kastara hingað og þangað svo eitthvað sé nefnt. Ég vil þakka ljósadeildinni vel unnin störf.

Hlaðan okkar! Hvað eigum við að gera? Niðri í salnum vantar borð og stóla, það þarf að ganga frá eldhúsinu, koma þessu í stand! Uppi, þrengt er að búningum, þeim sem eftir eru. Þarf ekki að fara að skoða allt búningasafnið og hreinsa og þrifa? Leikstjóraíbúðin? Það er mín skoðun að umsjónarmaður útleigu verði að vera innan stjórnar. Þetta þarf allt að skoðast. Viðhald? Hvað þarf að gera? Leikstjóraíbúðin hefur verið í útleigu mest allt þetta ár og er leigð fram í september. Línudansarar hafa verið í Hlöðunni á þriðjudögum. Við verðum að ganga frá einhverri stefnu með þetta hús og reyna að skipa húsnefnd sem hefur með húsið að gera í umboði stjórnarinnar.

Veturinn hefur verið skemmtilegur! Þó er nauðsynlegt að velta fyrir sér stöðu mála.

Leikhópurinn í Bar þar var 12 leikarar. Af 7 manna stjórn léku 3 í sýningunni, 1 leikstýrði, 1 lýsti, 1 var sviðsstjóri og 1 í ýmsum hlutum. Það má því segja að hópurinn í kringum leiksýninguna hafi verið stjórnin + 11 aðrir eða um 18 aðilar. Þetta þýddi það bara að álagið á stjórnarmenn var þó nokkuð en þetta gekk allt upp. En er bakland félagsins ekki stærra? Þessi 6 manna hópur sem var fyrir utan leikarana, sá um leikstjórn, búninga, lýsingu, leikskrá, stjórnun, leikmuni, leikmynd, þríf. Þetta er allt of fámennt. Hvernig er með kynslóðaskiptin? Hvernig eigum við að stækka hópinn? Hvaða leiðir eru færar? 7 manna stjórn getur ekki rekið leikfélag ár eftir ár. Í eðlilegu umhverfi er hópur í kringum leiksýningu, stjórn, leikstjóri, framkvæmdanefnd sýningarinnar, búningar, tæknihópur og fleira og fleira.

Mánagarður! Nú hafa bæjaryfirvöld lýst yfir áhuga á því að leggja fjármagn í Mánagarð og efla það hús sem sviðslistahús. Undirritaður situr í nefnd ásamt Gísla Sverri, Jóhanni Morávek og Hauki Þorvaldssyni. Þar er verið að ræða um uppbyggingu í Sindrabæ og Mánagarði og á að setja verulega fjármuni í þessi verkefni.

Í Mánagarði er talað um að lengja sviðið, stækka opið, fella skápinn og kaupa mótstöðurekka, nýjan brunaútgang, mála og ganga frá, förðunaraðstöðu og fleira og fleira. Þarna yrði aðstaða leiklistar í sveitarfélaginu. Upphækkuð sæti og aðstaða fyrir tæknimenn, hljóðkerfi á sviðið og hátalara á bak við. Gera þetta að leikhúsi.

Það er alveg ljóst að langur tími getur liðið þar til Sindrabær verður aftur „Leikhúsið okkar“. Þó ber að geta þess að sú vinna sem að fram á að fara í Sindrabæ miðast líka að leikhúsaðstöðunni. Þær breytingar sem verða gerðar á bak við miðast að því að þar verði búningaherbergi og önnur aðstaða.

Hvað er framundan? Náum við að mynda starfhæfa stjórn fyrir næsta leikár? Eigum við að taka þátt í Hátíð á Höfn? Ef svo, hvernig? Ef við náum ekki að mynda stjórn, hvað gerum við þá? Allar þessar spurningar og margar fleiri hvíla á okkur á þessari stundu. Ég held að við eigum að nota sumarið til að vega og meta stöðuna og koma hress til starfa í haust. Eigum við að setja upp leikrit? Hvenær? Fyrir eða eftir áramót? Þessu verðum við að svara eftir sumarið.

Ég vil að lokum, fyrir hönd stjórnarinnar þakka öllum sem að starfi félagsins komu þetta leikárið og vonast til að sjá ykkur sem flest á næsta hausti. Takk fyrir!

Magnús J. Magnússon, formaður

Leikfélag Húsavíkur*Þjónn í súpunni*

höfundar María Sigurðardóttir og leikhópurinn, leikstjóri María Sigurðardóttir
 Þátttakendur: 8 Sýningar: 8 Áhorfendur: 350

Upp úr skúffunum

eftir ýmsa höfunda, leikstjóri Kristján Þór Magnússon
 Þátttakendur: 20 Sýningar: 1 Áhorfendur: 100



Nakinn maður og annar í kjólfötum

Leikfélag Hveragerðis*Nakinn maður og annar í kjólfötum*

höfundur Dario Fo, þýðandi Sveinn Einarsson, leikstjóri Sigurður Blöndal
 Þátttakendur: 12 Sýningar: 8 Áhorfendur: 211

Frakkarnir

höfundar og leikstjórar Anna Jórunn Stefánsdóttir og Ylfa Lind Gylfadóttir
 Þátttakendur: 15 Sýningar: 1 Áhorfendur: 200

Huldufólkið í hamrinum

höfundar og leikstjórar Anna Jórunn Stefánsdóttir og Ylfa Lind Gylfadóttir
 Þátttakendur: 15 Sýningar: 1 Áhorfendur: 120

Skýrsla stjórnar:

Síðasti aðalfundur var haldinn 2. júní 2003. Seinni partinn í júlí var farið að huga að því að endurnýja raflagnir og skipta um ljós í salnum í Völundi og var það unnið smátt og smátt fram yfir áramót. Þriðja október var hafist handa við að smíða ljósabúr aftast í salinn og það gerði Sæmundur vinur okkar og honum til aðstoðar voru Þórhallur og Sævar Logi.

17.–18. október kom Ágústa Skúladóttir með leiklistarnámskeið. Félögum á öllum aldri var boðið að vera með. Meiningin var að vinna áfram út frá námskeiðinu og jafnvel að fá Ágústu til að koma aftur seinna, en allir þeir fullorðnu gengu úr skaftinu og svo máttu unglíngarnir ekki vera að því að vera með, en börnin höfðu áhuga. Formaðurinn hélt því áfram að vinna með börnunum. Í fyrstu vorum við að reyna að finna tíma til að hittast tvisvar til þrisvar í viku, en börnin eru upptekin ekki síður en þeir sem eldri eru. Mánudagskvöldin virtust henta flestum og því varð úr að barnastarfinu var haldið áfram á mánudagskvöldum. Starfið var í námskeiðsformi og hélt áfram fram til 15. desember, en þá fórum við í jólafrí.

7. desember sá leikfélagið um dagskrána þegar kveikt var á jólatrénu, jólapakkar voru bornir í hús á aðfangadag að venju og jólasveinar fóru á Ás á þrettándanum.

5. janúar byrjaði mánudagsleikstarfið aftur og um mánaðamótin janúar febrúar kom Ylfa til aðstoðar. Við settum upp tvær stuttar sýningar með börnunum. Á árshátíð miðstigs í Grunnskólanum 11. mars sýndum við leikgerð á dæmisögunni Frakkarnir úr bókinni um tyrkneska skólakennarann Nasreddin og á sumardaginn fyrsta sýndi hópurinn á opnu húsi í Garðyrkjuskólanum Huldufólkið í Hamrinum, sem er staðfærð nútíma huldufólks saga. Hvor sýning var um 7 mínútna löng.

7. mars hófst samlestur á Nakinn maður og annar í kjólfötum eftir Dario Fo. Leikstjóri var Sigurður Blöndal. Aðalhlutverkið lék Steindór Gestsson og hélt með þessari sýningu upp á 30 ára leikafmæli sitt. Frumsýning var 24. apríl. Sýningar urðu alls átta og áhorfendur 211, sem gerir 26,375 manns pr. sýningu. (Ekki 26 þús. 375!!!!)

Að endingu, þakkar til allra þeirra sem lagt hafa starfi félagsins lið á liðnu leikári.

Anna Jórunn Stefánsdóttir, formaður

Leikfélag Hörgdæla*Klerkar í klípu*

höfundur Philip King, þýðandi Ævar R. Kvaran, leikstjóri Saga Jónsdóttir
 Þátttakendur: 9 Sýningar: 18 Áhorfendur: 1.198

Passíusálmur

höfundur Hallgrímur Pétursson
 Þátttakendur: 21 Sýningar: 1 Áhorfendur: 100

*Klerkar í klípu***Skýrsla stjórnar:**

Leikfélag Hörgdæla hóf starf sitt á haustmánuðum ársins 2003 á aðalfundi eins og venjulega. Komin í nýtt hús og horfðum fram á veginn með mikilli eftirvæntingu. Við höfðum jú úr meira plássu að moða bæði fyrir leikara og gesti, en það hefur oft þótt heldur þröngt á sviðinu á Melum. En þó að sviðið sem slíkt hafi ekki stækkað þá var senuop stækkað og loft í sal hækkað þannig að öll aðstaða til leiksýninga hefur verið stórbætt. Þó vofði yfir okkur að fjárhagurinn var ekki allskostar eins og við hefðum viljað hafa hann enda dýrt að fara í svona framkvæmdir. Því völdum við að setja upp í þetta skiptið sigildan farsa, þ.e. Klerka í klípu. Reynslan hefur sýnt okkur í gegnum árin að farsar ganga oftast vel á Melum. Þó voru á lofti efasemdaraddir sem töluðu um að þessi gamli farsa ætti sér ekki viðreisnarvon í nútímanum. Æfingar hófust svo upp úr áramótum undir leikstjórn Sögu Jónsdóttur. Verkið var frumsýnt 27. febrúar og fengum við strax góðar undirtektir og sýndum alls 18 sýningar sem þykir nokkuð gott hjá okkar leikfélagi.

Í samvinnu við sóknarprest Möðruvallaklaustursprestakalls stóð leikfélagið fyrir lestri passíusálma Hallgríms Péturssonar á föstudaginn langa í Möðruvallakirkju og er þetta í fjórða skiptið sem passíusálmarnir eru lesnir í kirkjunni.

Að auki hefur leikfélagið tekið að sé að sjá um kaffi við fundahöld og matarveislur fyrir stóra hópa.

Leikfélag Hörgdæla sendi 2 fulltrúa á aðalfund BÍL sem haldinn var á Húsabakka í Svarfaðardal.

Leikfélag Keflavíkur*Kalda borðið*

höfundur Jökull Jakobsson, leikstjóri Þór Jóhannesson
 Þátttakendur: 20 Sýningar: 3 Áhorfendur: 200

Með álfum og tröllum

höfundur Staffan Westerberg, þýðandi Úlfur Hjörvar, leikstjóri Steinn Ármann Magnússon
 Þátttakendur: 19 Sýningar: 10 Áhorfendur: 760

Götuleikhús á Ljósanótt

hópvinnu leikhópsins
 Þátttakendur: 12 Sýningar: 2 Áhorfendur: 2.500

*Með álfum og tröllum*



Smúrtsinn

Leikfélag Kópavogs

Smúrtsinn

eftir Boris Vian, þýðandi Friðrik Rafnsson, leikstjóri Hörður Sigurðarson
Þátttakendur: 6 Sýningar: 6 Áhorfendur: 250

Jólaöktturinn

höfundur Ármann Guðmundsson, leikstjóri Hörður Sigurðarson
Þátttakendur: 6 Sýningar: 6 Áhorfendur: 250

Alveg að koma

höfundur Karl Ágúst Úlfsson, leikstjóri Þorgeir Tryggvason
Þátttakendur: 2 Sýningar: 1 Áhorfendur: 60

Hinir gullnu bogar hugrekkisins

höfundur Hrund Ólafsdóttir og leikhópurinn, leikstjóri Hrund Ólafsdóttir
Þátttakendur: 6 Sýningar: 2 Áhorfendur: 110

Biðstöð (Biðstöðvartvileikur)

eftir Harold Pinter, þýðandi Ingunn Ásdísardóttir, leikstjóri Hörður Sigurðarson
Þátttakendur: 5 Sýningar: 2 Áhorfendur: 110

Skýrsla stjórnar:

Það leikár sem er nú að baki var að ýmsu leyti óvenjulegt. Grimmsævintýri eða „sýningin sem vildi ekki deyja“ eins og sumir vilja kalla hana, var aðalverkefni haustsins hjá félaginu. Farið var með Grimms til Litháen til að taka þátt í AIDAS leiklistarhátíðinni í Jonava. Forsvarsmenn leikhússins í Jonava höfðu hrifist af Grimms á Arosiahátíðinni í Svíþjóð sumarið 2002 og boðið okkur í kjölfarið til Litháen.

Áður en farið var út þurfti að gera ýmsar ráðstafanir til að koma sýningunni aftur á fjalirnar. Helsti þröskuldurinn var að þau Birgitta og Magnús, sem voru í upprunalega leikhópnum, voru nú orðin nemendur við leiklistardeild Listaháskóla Íslands. Reynt var að fá leyfi til þátttöku fyrir þau en ekki var við það komandi hjá deildarstjóra leiklistardeildarinnar þó meðlimir í deildarráði væru jákvæðir gagnvart því. Þegar loks var orðið ljóst að ekki væri hægt að setja Grimms upp með upprunalegum hópi var Frosti Friðriksson fenginn inn í hópinn. Sýningin var æfð upp að nýju og kom Frosti inn í sum þeirra hlutverka sem Magnús og Birgitta höfðu gegnt en einnig tóku þeir sem fyrir voru að sér ný hlutverk.

Ákveðið var í æfinga- sem og fjáröflunarskyni, að sýna nokkrum sinnum hérlendis áður en haldið væri í víking. Sýnt var í Höfuðbólínu til að koma fleiri áhorfendum að auk þess sem aðstæður þar líktust meira þeim sem biðu okkar í Litháen. Var sýnt fjórum sinnum við þokkalega aðsókn. Nokkur blæbrigðamunur var á þessari sýningu og þeirri upprunalegu sem eðlilegt var, en kjarninn var þó augsýnilega til staðar.

Einnig var haldin fjáröflunarskemmtun til styrktar ferðinni og sýndu ýmsir vinir okkar úr öðrum félögum vinskapa sinn í verki með því að troða upp. Af upptökum má nefna að formaður félagsins flutti leikþáttinn „Alveg að koma“, í leikstjórn Þorgeirs Tryggvasonar, Leikfélagið Sýnir flutti leikþáttinn „Konan frá Nam Suang“, Ágústa Eva flutti ævintýrið um Rauðhettu við undirleik Sváfnis Sigurðarsonar og Ljótu hálfvitarnir tróðu upp með nokkrum misþekktum slögurum. Það var svo engin önnur en Helga frá Hrífunesi sem kynnti herlegheitin með dyggri aðstoð Huldar Óskarsdóttur. Skemmtunin tókst vel en aðsókn hefði mátt vera betri.

Miðvikudaginn 24. september 2003 hélt hópurinn loks af stað til Jonava. Ferðasöguna má lesa í smáatriðum á vef félagsins en í stuttu máli má upplýsa að ferðin tókst mjög vel í alla staði og við sýndum Grimms í Jonava laugardaginn 27. september og gerðum stormandi lukku eins og vant er. Við eignuðumst marga góða vini meðal gestgjafa og nýverið kom í ljós að leikhúsið í Jonava verður með sýningu hér á Íslandi á leiklistarhátíðinni á Akureyri. Við hlökkum að sjálfsögðu til að taka á móti þeim þá og endurgjalda þeim gestrisnina. Þess má geta að danskur leikhópur, Jaegerspris Teater var með sýningu á AIDAS og nokkrum vikum eftir að hópurinn kom heim barst boð frá þeim um að sýna Grimms eða einhverja aðra sýningu á leiklistarhátíð í Danmörku nú í sumar. Að þessu sinni var ákveðið að afþakka boðið, því þó leikferðir séu gríðarlega gefandi og skemmtilegar, kosta þær einnig mikið í orku, tíma og svo auðvitað peningum.

Eftir áramót hófust æfingar á Smúrtsinum eftir Boris Vian í leikstjórn Harðar Sigurðarsonar. Sex leikarar tóku þátt í uppsetningunni sem var að mörgu leyti öðruvísi en þær sýningar sem félagið hefur sett á svið á undanförunum árum. Um var að ræða hálftrar aldar gamalt verk sem þótti framúrsteftnulegt þegar það var sýnt á sínum tíma og þykir það jafnvel enn þann dag í dag. Smúrtsinn er nokkuð drungalegt verk og reyndist að mörgu leyti erfitt í uppsetningu fyrir hópinn. Allt hafðist það þó að lokum og frumsýnt var 12. mars. Smúrtsinn var sýning sem hreyfði við þeim sem sáu enda virtust allir hafa skoðun á verkinu en ekki þó allir þá sömu. Dómar um sýninguna birtust á Leiklistarvefnum og í Morgunblaðinu og voru mjög jákvæðir. Lárus Vilhjálmsson sagði m.a. á Leiklistarvefnum að Smúrtsinn væri „...besta sýningin sem ég hef séð á þessu leikári“. Sýningar urðu 5 talsins og áhorfendur um 250.

Nauðsynlegt er einnig í þessu samhengi að geta framlags Þorleifs Eggertssonar sem af miklum dugnaði og ósérhlífni hannaði og smíðaði, lítinn en sjarmerandi leikhússal á met tíma. Kann félagið honum bestu þakkir fyrir.

Þegar sýningum á Smúrtsinum lauk í lok apríl fór af stað vinna við leikþætti. Stefnt var að sýningum á einþáttungahátíð sem halda átti í tengslum við Aðalfund BÍL að Húsabakka í Svarfaðardal seinnipart maí. Hrund Ólafsdóttir setti upp leikþáttinn „Hina gullnu boga hugrekkisins“ sem byggður var á teiknimyndasögu og Hörður og Huld snéru út úr leikþáttinum Biðstöðinni eftir Harold Pinter og settu upp „Biðstöðvartíleik“. Þættirnir voru frumfluttir á einþáttungahátíðinni á Húsabakka og fengu góðar viðtökur. Þeir voru síðan endurfluttir á dagskrá í Hjáleigunni þann 4. júní ásamt tveimur þáttum frá Hugleik og nýjum þætti eftir Frosta Friðriksson sem höfundur lék sjálfur, í leikstjórn Harðar Sigurðarsonar. Alls tóku um 10 manns þátt í uppsetningu og flutningi þessara leikþátta.

Þess má síðan einnig geta að 4 meðlimir félagsins voru styrktir til náms í Leiklistarskóla BÍL sumarið 2003, þau Ástþór Ágústsson, Frosti Friðriksson, Hrund Ólafsdóttir og Hörður Sigurðarson.

Línur hafa verið lagðar fyrir næsta leikár og má þar m.a. nefna spennandi samstarf við Hugleik undir stjórn Ágústu Skúladóttur. Þá er einnig verið að kanna möguleika á að fá Sigrúnu Sól Ólafsdóttur til að setja upp nokkra leikþætti, öðrum þræði með það í huga að sýna þá á „Margt smátt“, stuttverkahátíðinni sem verður í Borgarleikhúsinu í október.

Það veldur þó erfiðleikum í allri áætlanagerð að enn höfum við lent í vandræðum með að fá greiddan umsaminn rekstrarstyrk frá Kópavogsbæ. Ekki er t.d. hægt að semja við leikstjóra og leiðbeinendur fyrr en ljóst er hvernig fjárhagsstaðan verður. Vonir standa þó til að úr því rætist fljótt og vel.

Hörður Sigurðarson, formaður

Leikfélag Mosfellssveitar

Litla hryllingsbúðin

höfundur Charles B. Griffith, þýðandi Gísli Rúnar Jónsson, leikstjóri Lára Sveinsdóttir

Þátttakendur: 14 Sýningar: 6 Áhorfendur: 327

17. júní dagskrá

eftir ýmsa höfunda, leikstjóri Pétur R. Pétursson

Þátttakendur: 4 Sýningar: 1 Áhorfendur: 1100

Barnaskemmtun á sumardaginn fyrsta 2003

eftir ýmsa höfunda, leikstjóri Herdís Þorgeirsdóttir

Þátttakendur: 14 Sýningar: 2 Áhorfendur: 144

Lúbarinn

höfundur og leikstjóri Birgir J. Sigurðsson

Þátttakendur: 29 Sýningar: 14 Áhorfendur: 676

Bara innihaldið

eftir Sævar Sigurgeirsson, leikstjóri Herdís Þorgeirsdóttir

Þátttakendur: 3 Sýningar: 2 Áhorfendur: 450

Jólasveinar í Mosfellsbæ

höfundur Pétur R. Pétursson, leikstjóri Herdís Þorgeirsdóttir

Þátttakendur: 5 Sýningar: 1 Áhorfendur: 800

Vert þú úti

höfundur og leikstjóri Lárus Jónsson

Þátttakendur: 4 Sýningar: 1 Áhorfendur: 200

Skýrsla stjórnar:

Leikfélag Mosfellssveitar hefur nú bætt við sig einu ári frjórna framkvæmda þar sem leikgleði, sköpun og hópefli hafa ráðið ríkjum. Mikið hefur gerst á árinu enda félagarnir duglegir við að taka þátt og leggja sitt af mörkum til menningarauka bæði sér og öðrum til ánægju.

Hætt var að sýna eina dýrustu uppfærslu sem LM hefur sett upp fyrir fullu húsi í vor – kom þar í ljós hversu mikilvægt er leikfélagi sem okkar að stilla strengi fólks saman í upphafi og gera hópnum ljóst mikilvægi þess að hafa tíma til að framkvæma það sem hann tekur sér fyrir hendur. Svo dýrt leikrit sem Hobbittinn varð þarf að bera ávöxt fyrir rekstur lítills leikfélags.

Vorgleði var haldin á leikhúsplaninu í lok maí þar sem gott var grillað og tekið í glas.



Lúbarinn



Lúbarinn

17. júní kom síðan fallegur en blautur. Í fyrra var það Aldís Davíðsdóttir sem fór með hlutverk fjallkonunnar. Ég sjálfur tók að mér að vera kynnrir og var í trúðslíki allan tímann sem fór mér bara ansi vel. Þær stóllur Dóra Wild og Harpa Svavarsdóttir fluttu síðan stuttan leikþátt við góðar undirtektir viðstaddra.

Sumarið leið og krakkarnir áttu sviðið í Bæjarleikhúsinu.

Leikgleði hófst með hefðbundnu sniði í fyrra og var leiðbeinandi sumarsins 2003 Lára Sveinsdóttir sem skilaði starfi sínu með sóma. Fjölmörg börn tóku þátt og ríkti ánægja í hópnum með námskeiðin. Stærsta upptökin tengd Leikgleði í fyrra var uppsetning elsta hópsins á Litlu hryllingsbúðinni. Sýndar voru fjölmargar sýningar og skiluðu þær hagnaði til félagsins.

Haustið kom á tilsettum tíma og var þá hafist við að enduruppfæra Hobbitann. Bjarney Lúðvíksdóttir var fengin til að leikstýra. Hópurinn var æfður upp með nýjum leikurum. Áherslumunur var á leikstjórninni og þótti mörgum vel til heppnast. Sýningar urðu fáar og aðsókn dræm og því miður náðist ekki að keyra stykkið upp eins og ætlað var.

Samstarfssamningur var gerður við Mosfellsbæ. Við vinnslu samningsins kom berlega í ljós hugur forsvarsmanna Mosfellsbæjar til leikfélagsins. Það er ekki á færi allra bæjarfélaga sem okkar að eiga fjársjóð sem LM. Samningurinn kveður á um samstarf um þætti sem unnir hafa verið gegn styrkveitingu undanfarin ár. Lítil breyting er á formi þess framlags sem leikfélagið leggur til bæjarins undanskilið því að nú ríkir um það skriflegt samkomulag gegn ákveðinni greiðslu. Fjármagn bæjarins til leikfélagsins er nú hærra í krónum talið en áður og er ein föst tala á ári. Stjórn félagsins ber síðan ábyrgð á að ákvæði samningsins séu uppfyllt og mun gera það með sama trausti og félagarnir bera til hennar að stjórna félaginu.

Lúbarinn var sett upp eftir áramótin. Í fyrstu átti að setja upp dagskrá sem samansett var úr stuttum farsakenndum þáttum en úr varð hið bráðskemmtilega leikrit – Lúbarinn. Á annan tug leikara og fylgifylks tók þátt og sýndar voru fjórtán sýningar. Ákveðið var að kynna leikritið mjög vel í fjölmiðlum og gerðar voru bæði dagblaðs og sjónvarpsauglýsingar. Um 10 þús. bæklingum var dreift víðsvegar um höfuðborgarsvæðið. Safnað var í drjúgan sjóð til markaðssetningarinnar sem stóð straum af kostnaði kynningarmála. Um 700 manns sáu Lúbarinn. Fæstir borguðu sig inn á leikritið enda var mikið um boð á sýninguna. Þó svo hafi verið var afkoman af stykkinu ágæt þar sem áfengi og sælgæti var selt svo um munaði á sýningum.

Um þessar mundir er Leikgleðin að hefjast og mun Alexía Jóhannesdóttir sjá um að leiða börnin í skemmtilegum upptökum í sumar.

Í júlí er fyrirhugað að vígja leikhústorgið á plani Bæjarleikhússins.

Á haustdögum er fyrirhugað að Örn Árnason gamanleikari leikstýri hjá okkur.

Pétur R. Pétursson, formaður

Leikfélag Sauðárkróks

Allt í plati

höfundur Pröstur Guðbjartsson, leikstjóri Sigurður Halldórsson
Þátttakendur: 13 Sýningar: 3 Áhorfendur: 387

Galdrakarlinn í Oz

höfundur L. Frank Baum, þýðandi Hulda Valtýsdóttir, leikstjóri Rósa Guðný Þórsdóttir
Þátttakendur: 31 Sýningar: 10 Áhorfendur: 490

Síldin kemur og síldin fer

eftir Iðunni og Kristínu Steinsdætur, leikstjóri Pröstur Guðbjartsson
Þátttakendur: 37 Sýningar: 11 Áhorfendur: 810



Síldin kemur og síldin fer

Skýrsla stjórnar:

Leikárið byrjaði snemma að þessu sinni með því að tveir trúðar frá félaginu, Toggi og Tóta, skemmtu krökkum á leikskólum á Sauðárkróki á sumarskemmtun í byrjun júní. Tókst þetta mjög vel og slógu þau Toggi og Tóta rækilega í gegn hjá börnunum.

Á þjóðhátíðardaginn 17. júní sýndi leikfélagið leikritið Allt í plati eftir Pröst Guðbjartsson í leikstjórn Sigurðar Halldórssonar. Upphaflega var ætlað að sýna tvær sýningar þennan dag, en vegna mikillar aðsóknar var þriðju sýningunni bætt við.

Í byrjun september var tiltektardagur í húsnæði leikfélagsins í Leikborg og verðlaunuðum við okkur með grillveislu um kvöldið.

Í lok september hófust svo æfingar á haustverkefninu sem að þessu sinni var barnasöngleikurinn Galdrakarlinn í Oz. Leikstjóri var Rósa Guðný Þórsdóttir. Frumsýning var í byrjun nóvember og sýndar voru 10 sýningar sem að okkar mati tókust vel en

áhorfendur hefðu mátt vera fleiri.

Þegar kveikt var á jólatré Sauðárkróksbæjar í byrjun desember voru persónur úr Galdrakarlinum í Oz fengnar til að skemmta börnum ásamt jólasveinum. Bæði var sungið við jólatréð og í Landsbankaútibúinu og vöktu þau Tinkarlínn, Fuglahræðan og Putalingarnir mikla lukku.

Rétt fyrir jól höfðum við milligöngu um að jólasveinar kæmu við á Kaffi Krók og svo skemmtilega vildi til að þar var fyrir fullt af börnum sem höfðu gaman af.

Í febrúar var haldin skemmtun fyrir 5–9 ára börn í íþróttahúsinu sem hét Sælustund barnanna. Þangað mættu ýmsar persónur úr leikritum félagsins, m.a. Lína Langsokkur, Boris skógarbjörn, vatnabúar og fleiri. Tókst sú skemmtun mjög vel í alla staði og var ekki laust við að persónurnar væru í ögn lélegra líkamlegu formi en börnin og líði eins og strengjabrúðum dagana á eftir.

Um miðjan mars hófust æfingar á Sæluvíkuleikritinu Síldin kemur og síldin fer eftir lðunni og Kristínu Steinsdætur í leikstjórn Prastar Guðbjartssonar, en frumsýnt var síðasta sunnudag í apríl. Loksins tóku Skagfirðingar við sér og mættu svo vel í leikhúsið að bæta þurfti við aukasýningu.

Í heild hefur þetta verið gott leikár og erum við stolt af okkar fólki fyrir dugnaðinn.

Guðbrandur J. Guðbrandsson, formaður

Leikfélag Selfoss

Gaukshreiðrið

höfundar Dale Wasserman og Ken Kesey, þýðandi Karl Ágúst Úlfsson,
leikstjóri Ólafur Jens Sigurðsson
Þátttakendur: 38 Sýningar: 16 Áhorfendur: 800



Gaukshreiðrið

Skýrsla stjórnar:

Sumarstarf leikfélagsins var bundið við hin árlegu námskeið sem haldin eru í samstafi við félagsmiðstöð sveitarfélagsins.

Að hausti var svo ákveðið að setja upp „Gaukshreiðrið“, og löngu búið að panta Ólaf Jens Sigurðsson til starfa hjá okkur. Skömmu eftir að æfingar hófust handarbrotnaði einn leikaranna, næst skaddaðist annar á hrygg, og þegar sýningin loksins var fullmönnuð, (sama dag og síðasti leikarinn var kominn til starfa) fótbrotnaði annar aðalleikaranna (illa).

Þá var ákveðið að taka pásu!!!!

Hugleikarar kíktu í heimsókn til okkar með verk sem höfðu verið í Borgarleikhúsinu. Takk fyrir komuna.

Eftir áramót náðist næstum allur hópurinn aftur til starfa, og að lokum var hægt að æfa sýninguna til fulls. Þótti við hæfi að frumsýna föstudaginn 13. febrúar, og eftir það gekk allt vel!! Sýningunni var vel tekið og áhorfendur urðu um 800 alls, á 16 sýningum.

Og Hornfirðingar komu í heimsókn með tvö verk. Verst að ekki skyldu fleiri koma að sjá gestasýningarnar hjá okkur, en annars...

Fínt leikár og við tökum brosandí á móti því næsta.

Ingvar Brynjólfsson, formaður



Silfur hafsins

Leikfélag Siglufjarðar

Silfur hafsins

höfundur Ragnar Arnalds, leikstjóri Linda María Ásgeirsdóttir
Þátttakendur: 20 Sýningar: 9 Áhorfendur: 600

Skýrsla stjórnar:

Í tilefni 100 ára afmælis síldarsögu Íslendinga ákvað L.S. (ein af koniáks-hugmyndum Brynju formanns og Signýjar símalínu) að láta skrifa fyrir sig leikverk þar sem sögusviðið er upphaf síldarævintýrisins. Til þessa verks var fenginn Ragnar Arnalds rithöfundur. Kom hann á haustdögum og kynnti drög að verkinu, Silfri hafsins, og hitti þá einnig að máli Elías Þorvaldsson,

skólastjóra Tónlistarskóla Siglufjarðar sem hafði tekið að sér að semja tónlistina við texta Ragnars. Það verður að segjast eins og er að þessir höfundar „smullu“ saman eins og flís við rass ef svo má að orði komast. Leikfélagi okkar, hún Linda María Ásgeirsdóttir var fengin til að leikstýra verkinu og með því var takmarkinu náð. Allt unnið af heimamönnum nema leikritunin. Þegar fólk var búið að jafna sig eftir jólin og áramótin hófust æfingar af kappi. Byrjað var í félagsheimilinu okkar og síðan farið á Kaffi Torg þar sem sýningar voru fyrirhugaðar.

Nokkur skjálfti var meðal stjórnarmanna og „hundvanra“ leikara um hvort okkur tækist að manna í 17 hlutverk + 3 undirspilara. Það gekk eftir og þegar upp var staðið vorum við með 3 reynda og 14 nýliða auk þess sem, að vanda, þurfti margt aðstoðarfólk. Allt gekk þetta eftir og Linda María hóf æfingar af krafti ásamt því að Elías æfði tónlistina.

Að frumsýningunni lokinni sem var 27. mars og þeim 8 sýningum sem fóru þar á eftir, er óhætt að segja að við fylltumst metnaði. Sýningargestir voru yfir sig ánægðir. Og virtist verkið höfða til allra aldurshópa.

Síðan þá hafa verið haldnir vinnufundir í félagsheimilinu þar sem verið er að bæta aðstöðuna og fyrirhugað að nýta það sem svefnpokapláss auk annarrar útleigu.

Þann 24. júlí verður aðaldagur hátíðahalda í tilefni 100 ára afmælis síldarsögunnar og mun þá verða hátíðarsýning á Silfri hafsins.

Þegar þetta er ritað er Linda María ásamt Víbekku Arnardóttur að undirbúa þátt L.S. í 17. júní hátíðahöldunum auk þess sem skemmt verður 16. júní á leikskólanum.

Brynja Svavarsdóttir, formaður

Leikfélag Sólheima

Latibær

höfundur Magnús Scheving, leikstjóri Edda Björgvinsdóttir
Þátttakendur: 50 Sýningar: 11 Áhorfendur: 2000

Sumarkabarett 2003

höfundur og leikstjóri Edda Björgvinsdóttir
Þátttakendur: 20 Sýningar: 18 Áhorfendur: 4000

Skýrsla stjórnar:

Leiklistarstarf Leikfélags Sólheima var afar blómlegt árið 2003–2004.

Leiklistarstarf er allan ársins hring á Sólheimum og er mjög mikilvægur þáttur í félagslífinu á staðnum. Leikárið hefst 1. júní og lýkur 31 maí. Leikfélag Sólheima hefur starfað í 73 ár og er eitt af elstu áhugamannaleikfélögum landsins. Það hefur þá sérstöðu að þar starfa saman fatlaðir, ófatlaðir, fullorðnir og börn af ýmsum þjóðernum á jafnréttisgrundvelli. Leikfélag Sólheima er einnig í hópi stærstu áhugamannaleikfélaga sem starfandi eru á Íslandi en félagar eru yfir 80 talsins sem þýðir að þorri íbúa á staðnum er í leikfélaginu.

Leikfélag Sólheima undir leikstjórn Eddu Björgvinsdóttur stóð fyrir fjölbreyttri dagskrá með sumarkabarettisýningum í kaffileikhúsinu Grænu könnunni. Dagskráin stóð yfir frá hvítasunnu og fram yfir verslunarmannahelgi. Þar má fyrst nefna söngdagskrá Leikfélags Sólheima þar sem hljómuðu Bitlalög, Abbalög, Gríslög og fleiri gamlir smellir. Á kabarettisýningunum komu oft fram leynigestir sem voru oftast úr hópi atvinnulistamanna, bæði á leiklistar og tónlistarsviðinu, einnig fatlaðir gestalistamenn svo sem Ævintýraklúbburinn, M&M dúettinn, Leikhópur frá Ásgarði, Blikandi stjórnur og margir fleiri. Leikfélag Sólheima stóð jafnframt fyrir sumarleikhúsi í íþróttaleikhúsinu og sýndi leikþáttinn „Í meðbyr og mótyr“ í leikgerð og leikstjórn Eddu Björgvinsdóttur og er hann unninn upp úr bók Jónínu Mikaelssdóttur um Sesselju Hreindísi Sigmundsdóttur, stofnanda Sólheima. Leikritið hefur vakið verðskuldaða athygli og hefur sýningin þótt áhrifamikil.



Latibær

Engar tvær helgar voru því eins og alltaf eitthvað nýtt og skemmtilegt að sjá og heyra. Fjöldi íbúa og velunnara Sólheima lögðu á sig ómældu vinnu helgi eftir helgi í sjálfboðavinnu með það að markmiði að vinna að sameiginlegri hugsjón, uppbyggingu Sólheima og vekja athygli stjórnvalda og almennings á því góða starfi sem þar fer fram. Dagskráin var hluti af Listasumri á Sólheimum sem var jafnframt hluti af listahátíðinni List án landamæra. Sumarsýningar leikfélagsins eru gríðarlega vinsælar og var sýnt fyrir troðfullu húsi allar helgar.

Stjórn leikfélags Sólheima valdi leikritið Latabæ eftir Magnús Scheving sem leikverkefni vetrarins. Sú hefð hefur verið í Leikfélagi Sólheima í 73 ár að frumsýna leikverk vetrarins á sumardaginn fyrsta. Leikstjóri var Edda Björgvinsdóttir. Haft var að leiðarljósi að allir fengju sitt draumahlutverk. Litlu stelpurnar á staðnum dreyndi til dæmis allar um að vera Solla stirða og eru því fimm um hlutverk Sollu stirðu svo eitthvað sé nefnt. Allir leikararnir fegnu að velja sér hlutverk og því eru fleiri en einn leikari að glíma við hvert hlutverk. Við erum t.d. með tvo Sigga sæta og þrjá Magga mjóslegna. Með þessu móti verður til nokkurs konar „alter-egó“ leikhús þar sem persónan getur m.a. talað við sjálfa sig sem kemur mjög vel út.

Íþróttaálfurinn er leikinn af Katrínu Ösp Jónasdóttur sem er íslandsmeistari í almennum fimleikum, þriðja þrepi. Leikarahópurinn er fjölbreyttur og taka um 40 leikarar þátt í sýningunni og með hjálparfólki er hópurinn tæplega 50 manns. Nánast allir félagar leikfélagsins hafa lagt hönd á plóginn til að gera Latabæ að veruleika. Tónlistin er eftir Mána Svavarsson. Búningar og leikmynd er samvinnuverkefni félaga leikfélagsins. Gunnar Sigurðsson og Skúli Gautason sáu um hönnun lýsingar. Aðsókn á Latabæ fór fram úr björtustu vonum. Var uppselt á flestar sýningar og komu alls um 2000 manns að sjá þetta vinsæla barnaleikrit. Aðgangseyrir var með fjölskylduvænasta móti, 700 kr. fyrir fullorðna, 300 fyrir börn 7–12 ára, og ókeypis fyrir 0–6 ára.

Æfingar á Latabæ hófust í byrjun október og voru tvisvar til þrisvar í viku. Þannig var æfingum dreift yfir æfingatímabilið til að koma í veg fyrir langar æfingar og stress síðustu vikunnar fyrir sýningu sem er erfitt fyrir fatlaða hluta leikarahópsins.

Í byrjun var stefnt á að vera með sýningu í fullri lengd meðal annars til þess að leikfélagið hefði kost á að fá fullan styrk BÍL til leiklistarstarfsins. En á æfingartímanum kom í ljós að það var of mikið fyrir hinn þroskahamlaða hluta leikarahópsins, alls 30 manns, sem samanstendur meðal annars af fólki sem á við bæði líkamlega fötlun og greindarskerðingu að stríða og er þar að auki meiri hluti þeirra kominn á nokkuð háan aldur. Kom í ljós að þau höfðu hreinlega ekki þol til að halda út sýningu í fullri lengd. Fer stjórn leikfélags Sólheima þess því á leit við BÍL að tillit sé tekið til fötlunar leikaranna í verkinu og leikverkið verði tekið sem leikverk í fullri lengd. Nú er verið að gera átak um land allt í að vinna gegn mismunum í garð fatlaðra. Því væri við hæfi að BÍL léti fatlaða leikara leikfélags Sólheima ekki líða fyrir fötlun sína. Það liggur enda í augum uppi að það er miklu meiri vinna að endurskrifa leikrit eins og Latabæ og aðlaga það að þörfum fatlaðra. Þess vegna m.a. fer Leikfélag Sólheima fram á að það sé sérstaklega tekið tillit til þessa en ekki bara tímamælinga og mínútufjölda á myndbandi.

*Anna Margrét Bjarnadóttir, menningar- og fræðslufulltrúi
Sigríður Sigurðardóttir, formaður*

Leikfélag Vestmannaeyja

Litla ljót

höfundar Edda Antonsdóttir og Halldóra Magnúsdóttir, leikstjóri Sigrún Sól Ólafsdóttir

Þátttakendur: 36 Sýningar: 7 Áhorfendur: 867

Stone free

höfundur Jim Cartwright, þýðandi Magnús Geir Þórðarson, leikstjóri

Guðmundur L. Þorvaldsson

Þátttakendur: 30 Sýningar: 8 Áhorfendur: 538



Litla ljót

Skýrsla stjórnar:

Leikárið 2003–2004 hefur verið viðburðaríkt ár í sögu L.V.

Við hófum leikárið í september á námskeiðum sem var undirbúningur uppsetningar á barnaleikritinu „Litla Ljót“. Leikarahópurinn var samsettur úr hópnum sem tóku þátt í námskeiðinu. Þar sem mun fleiri voru í yngri hópnum var leikaravalið mjög ungt. Engu að síður var þetta hæfileikaríkt fólk sem vonandi mun taka mikinn þátt í starfi Leikfélagsins þegar fram líða stundir. Leikstjórn var í höndum Sigrúnar Ólafsdóttur. Aðsókn var mjög góð og tókst sýningin í alla staði vel. Alls sýndum við 7 sýningar, þær hefðu getað verið fleiri en vegna veikinda leikara og flutninga upp á land þurftum við að hætta sýningum.

Um miðjan vetur rættist langþráður draumur, við gátum loksins fjárfest í nýju ljósaborði. Það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan við hófum söfnun til kaupa á því. Án þeirra aðila sem styrktu okkur til kaupanna hefði þetta aldrei tekist. Styrkatakaðilar voru fyrirtæki og góðgerðarfélag hér í bæ, sem og Vestmannaeyjabær sem var aðalstyrktaraðilinn. Með nýju ljósaborði eru möguleikarnir óþrjótandi í spennandi uppsetningum. Sem sagt; núna státar L.V. af ljósaborði sem atvinnuleikhús væri stolt af.

Í febrúar kom hingað leikhópurinn Vesturport með sýninguna Brim eftir Jón Atla Jónasson. Var það samvinnuverkefni Vesturports, L.V. og Vestmannaeyjabæjar. Verkið var frumsýnt hér en leikhópurinn ferðaðist síðan vítt um landið með sýninguna. Það

var mikill heiður fyrir okkur að fá svo glæsilega sýningu til okkar þar sem leikritið fjallar um sjómennskuna. Leikhópurinn fékk frábærar móttökur hér í bæ og voru sýndar 4 sýningar.

Eftir áramót fengum við til liðs við okkur ungan Vestmannaeying, Guðmund Lúðvík Þorvaldsson til að leikstýra. Verkefnið var Stone Free eftir Jim Cartwright og var það unnið í samvinnu við Framhaldsskólann. Guðmundur byrjaði á námskeiði sem var svo grunnurinn að leikarahópnum. Auk þeirra sem voru á námskeiðinu bættust svo nokkrir í hópinn, þ.á.m. tónlistarstjórinn Sæþór Víðó sem fékk til liðs við sig heila hljómsveit. Enda byggist leikritið mikið til upp á tónlist frá hippatímanum. Þrátt fyrir að hafa fengið fína dóma var aðsóknin ekki sem skyldi. Sýndar voru 8 sýningar.

Eftir að sýningum lauk á Stone Free var ráðist í að setja upp Kárius og Baktus. Frumsýnt verður sjómanna dagshelgina en einnig er hugmynd að reyna að selja mótshöldurum Þæju- og pollamóts nokkrar sýningar. Svo er jafnvel möguleiki á að taka verkið aftur upp í haust meðan verið er að undirbúa næsta verk, ef aðsókn verður góð.

Leiklestur um Tyrkja-Guddu eftir Sigurgeir Jónsson, verður einnig frumsýndur um Sjómanna dagshelgina. Það er samvinnuverkefni Þórðar Svanssonar listamanns og L.V. Hugmyndin kom fyrir þó nokkru og var Sigurgeir fenginn til að semja texta um þetta efni. Þrír meðlimir L.V. leiklesa, Þórður sér um leikmynd og Andrés leikstýrir. Verkið verður sýnt uppi í Dalabúi. Þetta leikrit er hluti af stærri hugmynd, þ.e. að þróa verkið þannig að það verði þýtt á ensku og sýnt tústum. Andrés Sigurvinsson hefur yfirumsjón með verkinu.

Götuleikhús verður starfrækt í sumar en með öðru sniði en áður. Hópur í vinnuskóla Vestmannaeyjabæjar mun hafa það með höndum. Verður það gert í samvinnu við L.V. þar sem lánaður verður búnaður og búningar götuleikhúss sem L.V. á.

Noregsverkefnið margumtalaða verður í gangi frá 5.–15. júlí. Nú hefur verkefnið stækkað og munu auk Norðmannanna koma hingað 2 Færeyingar. Verkefnið mun standa í 10 daga þar sem unnið verður að verkefnum tengdum sögum við sjóinn. Ásta Steinunn er tengiliður L.V. við verkefnið.

Byrjað er að þæla í verkefnum fyrir næsta vetur sem og leikstjórum. Þannig að það er alltaf nóg að gera hjá okkur!

Hjalti Tómasson, formaður

Leikfélagið Grímni, Stykkishólmi

Lukkuriddarinn

höfundur J. M. Synge, þýðandi Jónas Árnason, leikstjóri Jón Svanur

Pétursson

Þátttakendur: 31

Sýningar: 5

Áhorfendur: 550

Skýrsla stjórnar:

Aðalfundur haldinn 25.maí 2003 kaus nýja stjórn í Grímni og er hún þannig skipuð:

Halldóra Ragnarsdóttir formaður, Jón Svanur Pétursson varaformaður, Ingveldur Eypórsdóttir gjaldkeri, Margrét Ásgeirsdóttir ritari, Þórður

Magnússon meðstjórnandi, Erna Guðmundsdóttir varamaður og Jón Á Ingólfsson varamaður.

Stjórnin hélt alls 9 formlega fundi á leikárinu og einn félagsfund. Fyrsti fundurinn var haldinn 10. júní 2003. Það fyrsta sem þurfti að gera var að finna lausn á slæmri fjárhagsstöðu leikfélagsins sem var þannig að skuld félagsins við Búnaðarbankann í Stykkishólmi nam um 700.000 kr. og voru fyrrverandi stjórnarmenn í persónulegum ábyrgðum. Stjórnin ákvað að óskað skyldi aðstoðar bæjaryfirvalda til að leysa það mál, og var það gert með bréfi til bæjarstjóra. Lyktir í því máli urðu svo þær að bæjarsjóður greiddi 120.000 kr. eign leikfélagsins í félagsheimilinu upp í skuldina. Afgangurinn, ca. 600.000 var greitt af bæjarsjóði og skyldi leikfélagið greiða lánið niður með væntanlegum styrkjum sem það vinnur til frá Stykkishólmsbæ.

Nauðsynlegt var að gera andlitslyftingu á húsnæði félagsins að Silfurgötu 7, og var það gert. Jón Svanur hafði veg og vanda að því að húsið var málað að utan og innandyra var gólf slípað og lakkað. Tiltekt og þríf voru einnig framkvæmd af stjórnarfólki.

Starfsemi komandi leikárs var nokkuð erfitt mál, vegna framangreindrar fjárhagsstöðu og ekki grundvöllur til að ráða leikstjóra. Eftir nokkrar bollaleggingar var ákveðið að æfa og sýna leikritið Lukkuriddarinn, en það var fyrsta verk Grímnis er það var stofnað 1967. Jón Svanur núverandi varaformaður lék þá titilhlutverkið og samþykkti nú að taka að sér leikstjórn.

Formaður og ritari fóru á fund hótélstjóra á Hótel Stykkishólmi til að semja um afnot af félagsheimilinu til æfinga og sýninga. Samdíst svo um að félagið fengi félagsheimilið til afnota fyrir starfsemina og yrði þóknunin sú að sjá um skemmtidagskrá á jólahlaðborði. Verður þetta að teljast góður samningur.

Í byrjun október var svo hafist handa og gekk á ýmsu við að fá mannskap í hlutverkin. Það hafðist á endanum og 28.

nóvember 2003 var Lúkkuriddarinn frumsýndur í félagsheimilinu í Stykkishólmi, önnur sýning var miðnætursýning 29. nóvember. Var sýningunni vel tekið og uppselt var á báðar. 3. sýning var 4. desember 2003, 4. sýning þann 27. og 5. sýning 29. desember. Fleiri urðu sýningar ekki en alls voru áhorfendur um 550 talsins.

Sönghópur frá Grímni sá um skemmtidagskrá á jólahlaðborði 7. desember 2003 fyrir Hótelið í Stykkishólmi, og var það eins og að framan greinir þóknun fyrir afnot af húsnæði fyrir æfingar og sýningar á Lúkkuriddaranum.

Áformað var að fara leikferð með Lúkkuriddarann til Hveragerðis. Af því varð hins vegar ekki, vegna ýmissa anna hjá félögum.

17. júní nefnd fór þess á leit við félagið að vera með skemmtidagskrá á 17. júní. Ákveðið var að syngja nokkur lög úr Lúkkuriddaranum og mun Jón Svanur setja þá dagskrá saman.

Margrét ritari sótti aðalfund Bandalags íslenskra leikfélaga sem haldinn var að Húsabakkaskóla í Svarfaðadal 22. og 23. maí. Bauð hún fyrir hönd Grímnis að aðalfundurinn að ári færi fram í Stykkishólmi. Svar hefur ekki borist þegar þetta er ritað, en ganga verður út frá því að fundurinn verði haldinn hér á næsta ári. Margrét mun sjá um að skipuleggja þá framkvæmd.

Stjórn Leikfélagsins Grímnis

Leikfélagið Hallvarður súgandi, Suðureyri

Bróðir minn Ljónshjarta

höfundur Astrid Lindgren, þýðandi Þorleifur Hauksson, leikstjóri Elfar Logi Hannesson

Þátttakendur: 25 Sýningar: 4 Áhorfendur: 350

Leikfélagið Kex, Osló

Ólafía

höfundur Guðrún Ásmundsdóttir, leikstjórar Guðrún Ásmundsdóttir og Gísli Kærnested

Þátttakendur: 60 Sýningar: 1 Áhorfendur: 520



Ólafía

Skýrsla stjórnar:

KEX var með skemmtiatriði á þorablóti sem Íslendingafélagið í Osló stóð fyrir í byrjun febrúar 2003. Þetta var minni karla og kvenna í leikbúningi sem félagið hafði búið til. Leikendur voru Guðrún Una Jónsdóttir og María Sigurjónsdóttir. Leikstjóri var Gísli Kærnested.

KEX tók þátt í 17. júní hátíðahöldum í júní '03. Það sem leikfélagið stóð fyrir var að stýra leikjum barna á hátíðinni. Guðrún Una var stjórnandi í leikjunum með fleiri aðilum frá Íslendingafélaginu.

Um verslunarmannahelgina tóku formaður og tónlistarmaður úr KEXI þátt í hátíðahöldum í Norefjell með Íslendingafélaginu. Þar stjórnðu þeir meðal annars fjöldasöng.

Félagið tók þátt í Ólafíuhátíðinni 16. nóvember 2003. Hafinn var undirbúningur að þessu verkefni í ágúst 2003 með því að nokkrir áhugamenn hittust á heimili eins þeirra í tilefni af því að Guðrún Ásmundsdóttir leikritshöfundur Ólafíu kom til Noregs. Í kjölfar þess var stofnuð undirbúningsnefnd afmælishátíðar Ólafíuhátíðar. Undirbúningsnefndin fór þess á leit við leikfélagið KEX að það sæi um að setja upp leikritið Ólafía eftir Guðrúnu Ásmundsdóttir. Ólafíuhátíðin átti að bera allan kostnað af sýningunni svo og ágóða ef einhver yrði.

Þetta leikrit er saga Ólafíu Jóhannesdóttur sem starfaði í 17 ár að mannúðarmálum í Osló. Hún fæddist 1863 og þótti mönnum tímabært að halda upp á 140 ára fæðingarafmæli hennar með þeim hætti sem myndi verða henni til sóma. Undirbúningsnefndin fékk einnig Ískórin (Íslenski kórin í Osló) til að taka þátt í sýningunni þar sem tónlistarflutningur er nokkur hluti leikverksins. Það tók nokkurn tíma að fá leikritið þýtt yfir á norsku. Ákveðið var að flytja verkið á norsku svo Norðmenn ættu þess kost að skilja þýðingu Ólafíu fyrir mannúðarstarf meðal fátæklinga og vændiskvenna í Osló í byrjun 20. aldar. Ákveðið var að halda Ólafíuhátíðina 16. nóvember. Fimm vikum fyrir þann dag var handritið loksins komið á norsku. Upphófust þá æfingar öll kvöld og helgar fram að sýningu. Leikstjórar voru Gísli Kærnested sem stýrði æfingum fyrstu vikunnar og Guðrún Ásmundsdóttir. Guðrún kom fyrst eina helgi í október og æfði með leikhópnum. Hún kom svo aftur 10 dögum fyrir sýningu og leikstýrði leikhópnum með Gísla Kærnested sem þá var gerður að aðstoðarleikstjóra. Alls tóku 30 leikarar á ýmsum aldri þátt í leiksýningunni fyrir utan Ískórin sem var 30 manns undir stjórn kórstjórans Einars Jónssonar. Sýningin var í Jakobskirkjunni í Osló 16. nóvember að viðstöddu miklu fjölmenni. Kirkjan var full og vel svo, því það voru 500 sæti sem öll voru fyllt 10 mín. fyrir sýningu. Síðar var 20 manns í viðbót hleypt inn á sýninguna. Sýningin tókst vel og fór fram að viðstöddu ýmsu stórmenni svo sem fyrrverandi forseta Íslands, Vigdís Finnbogadóttur, Sigríði Dúnu, fyrrverandi formanni kvennalistans og bæði menningarmálaráðherra og dómsmálaráðherra Noregs og einn þingmaður frá Stortinget var viðstaddur. Einnig

mættu margir frá Det Hvite bånd sem er sú hreyfing sem Ólafía starfaði með í Noregi. Kirkens bymision var einnig fjölmenn á sýningunni. Guðrúnu Ásmundsdóttur var þar sérlega þakkað fyrir vel unnin störf við leikstjórn. Hún hefur einnig gefið eftir sinn hluta af höfundarlaunum og vænti ekki heldur launa vegna starfa sinna við leikstjórn. Formaður þakkaði henni sérstaklega fyrir hennar störf og framlag til að sýningin mætti verða sem best.

Eins og félagsmenn vissu átti sýningin að vera leikfélaginu að kostnaðarlausu, en í febrúar kom beiðni frá Ólafíunefndinni um að félagið tæki að sér að borga laun Gísla Kærnested, leikstjóra. Þetta var vegna taps á hátíðinni. Leikfélagið sótti um fjárstyrk til safnaðarnefndar íslenska safnaðarins vegna þessa. Umsókninni var hafnað. Leikfélagið situr því uppi með skuld upp á 45 þúsund norskar krónur vegna Ólafíu.

Ákveðið var að sækja aftur um þátttöku í Bandalagi íslenskra leikfélaga eftir nokkura ára hlé. Þetta var ákveðið vegna möguleika á að fá fjárstyrk, sem virðist vera nauðsynleg forsemda þess að hægt sé að setja upp sýningar vegna mikils kostnaðar við uppsetningu. Leikfélagið er 10 ára 2005 og er þá fyrirhugað að setja upp leikrit í fullri lengd.

Formaður félagsins þakkar Guðrúnu Unu Jónsdóttur, fyrir vel unnin störf sem ritari leikfélagsins KEX. Hún hverfur nú til baka til heimalandsins og mun yfirgefa Noreg í júní 2004. Formaður óskaði henni, fyrir hönd félagsmanna KEX, heilla í framtíðinni.

Það hefur komið fram beiðni frá Íslendingafélaginu í Osló um að KEX verði með skemmtiatriði á 17. júní hátíðinni sem verður haldin laugardaginn 12. júní. Því miður verða ekki margir af félagsmönnum í Osló þennan dag og vikuna fyrir 12 júní. Þess vegna verður ekki hægt að verða við þessarri beiðni Íslendingafélagsins. Formaður hefur samband við Íslendingafélagið og lætur vita að við getum ekki verið með skemmtiatriði á hátíðahöldunum.

Leikfélagið Kex verður 10 ára á næsta ári. Í tilefni þess stefnir félagið að því að setja upp leikrit til að marka tímamótin. Ekki er ennþá ákveðið hvaða leikrit eða uppákoma verður fyrir valinu enn, það verður skoðað nánar í haust.

Kosning nýrrar stjórnar:

Finnborg Scheving var endurkosin sem formaður félagsins

Helga Hilmarisdóttir var kjörin ritari.

María Sigurjónsdóttir var endurkosin gjaldkeri félagsins.

Dagbjört Gunnarsdóttir meðstjórnandi.

Skúli Levy meðstjórnandi.

Espen Egeberg var kosinn endurskoðari reikninga félagsins.

Finnborg Scheving, formaður

Leikfélagið Ofleikur, Reykjavík

Date

höfundur og leikstjóri Jón Gunnar Þórðarson

Þátttakendur: 38

Sýningar: 12

Áhorfendur: 1.450

Leikfélagið Sýnir, starfar á landsvísu

Draumur á Jónsmessunótt

höfundur William Shakespeare, þýðandi Helgi Hálfðanarson, leikstjóri Þorgeir Tryggvason

Þátttakendur: 35

Sýningar: 4

Áhorfendur: 300

Lásasál

höfundur og leikstjóri Árni Kristjánsson

Þátttakendur: 2

Sýningar: 1

Áhorfendur: 200

Konan frá Nam Xuang

eftir leikhópin og leikstjórn Ágústu Skúladóttur

Þátttakendur: 11

Sýningar: 2

Áhorfendur: 250

Vökvum lífsblómið

höfundur Lárus H. Jónsson, leikstjóri Hrunn Ólafsdóttir

Þátttakendur: 3

Sýningar: 1

Áhorfendur: 200

Leikfélagið Ultima Thule, Álalborg, Danmörku

Marokkó - Kattarkóngurinn

höfundur Daði Halldórsson, leikstjóri Iben Højen Larsen

Þátttakendur: 25

Sýningar: 2

Áhorfendur: 90



Draumur á Jónsmessunótt

Leikhópurinn Lopi, Höfn í Hornafirði*Petta er allt vitleysa Snjólfur*

höfundur Guðjón Sigvaldason, leikstjóri Magnús J. Magnússon
 Þátttakendur: 20 Sýningar: 5 Áhorfendur: 205

Allt í plati

höfundur Pröstur Guðbjartsson, leikstjóri Magnús J. Magnússon
 Þátttakendur: 17 Sýningar: 6 Áhorfendur: 325

Skýrsla stjórnar:

Almennur félagsfundur var haldinn í félaginu í byrjun september. Góð mæting var að venju og mættu um 30 áhugasamir áhugaleikarar. Eftir skemmtilegar umræður og ýmsar vangaveitur var ákveðið að hefja æfingar á leikritinu „Petta er allt vitleysa Snjólfur“ eftir Guðjón Sigvaldason. Hófst æfingar þegar í stað og stóðu fram að frumsýningu 21. nóvember. Þátttakendur í sýningunni voru 17. Sýndar voru 5 sýningar í Sindrabæ og tókust þær allar vel. Geta má þess að hópurinn sýndi hluta úr verkinu við ýmsar uppákomur í bæjarfélaginu. Var þetta 14. verkefni leikhópsins en hann var stofnaður haustið 1993.

Strax í byrjun janúar var haldinn annar félagsfundur. Var þar ákveðið að taka til sýningar, sem vorverkefni, leikrit Þrastar Guðbjartssonar, „Allt í Plati“. Strax var sett í gang að æfa og leikritið var frumsýnt 7. mars í Mánagarði. Sýndar voru 5 sýningar. Sýningin tókst afar vel. Þeir 12 leikarar sem að tóku þátt í uppfærslunni svo og 8 manna aðstoðar- og tæknihópur voru reynslunni ríkari. Þetta verkefni var 15. verkefni leikhópsins.

Farið var með sýninguna í leikferð á Selfoss og var sýning þar laugardaginn 17. apríl. Mjög vel tókst til og var ferðin bæði skemmtileg og gagnleg.

Aðalfundur félagsins var haldinn í lok maí. Var þetta bara ósköp venjulegur aðalfundur. Þar ræddu menn leikárið sem lokið var svo og það sem framundan er. Leikhópurinn er með verkefni á Humarhátíðinni í byrjun júlí og svo er framundan nýtt starfsár.

Leikhópurinn Lopi var tilnefndur til Menningarverðlauna Hornafjarðar fyrir árið 2003. Þótti þetta mikill heiður fyrir leikhópin og setti aukakraft í starfsemi okkar.

Magnús J. Magnússon, formaður

Leikhópurinn Vera, Fáskrúðsfirði*Götuleiksýning*

eftir leikhópin og leikstjóran Jónas Steinsson
 Þátttakendur: 25 Sýningar: 4 Áhorfendur: 600

Dagur í lífi Dúmm fjölskyldunnar

höfundar Elsa Busk og Anna Jörunn Stefánsdóttir, leikstjóri Snorri Emilsson
 Þátttakendur: 20 Sýningar: 5 Áhorfendur: 27

Fretspæjarinn

höfundur og leikstjóri Snorri Emilsson
 Þátttakendur: 5 Sýningar: 5 Áhorfendur: 27

Illt til afspurnar

höfundur Jóhannes Geir Einarsson, leikstjóri Snorri Emilsson
 Þátttakendur: 15 Sýningar: 7 Áhorfendur: 137

Einfalt ævintýr

höfundur Guðjón Sigvaldason, leikstjóri Snorri Emilsson
 Þátttakendur: 15 Sýningar: 6 Áhorfendur: 300

Nýir vinir

höfundur Guðmundur Bragi Kristjánsson, leikstjóri Snorri Emilsson
 Þátttakendur: 9 Sýningar: 6 Áhorfendur: 107

Ævintýrið á harða diskunum

höfundur Ólafur Haukur Simonarson, leikstjóri Snorri Emilsson
 Þátttakendur: 34 Sýningar: 5 Áhorfendur: 27



Allt í plati



Hluti leikhópsins á æfingu



Ævintýrið á harða diskunum

Skýrsla stjórnar Leikhópsins Veru:

Haldnir voru 4 stjórnarfundir á leikárinu.

Við byrjuðum leikárið á því að senda Maríu með 2 unglinga norður á Akureyri á landsmót fjöllistamanna.

Haldið var námskeið í götuleikhústækni í byrjun júlí. Við fengum Jónas Steinsson til okkar frá Akureyri, hann kenndi börnunum ýmsar kúnstir og endaði þetta með frönskum dögum síðustu helgina í júlí. Byrjað var á því á föstudagskvöld að senda púka inná Búðargrund til að taka á móti fólki sem var að koma á varðeldinn, síðan var eldsýning, svo var byrjað í götunni eftir hádegi á laugardeginum og verið þar í ca. 2 tíma að sýna ýmsar listir, eldsýning á þaki félagsheimilisins Skrúðs á laugardagskvöldinu og svo var verið á sunnudeginum í götunni með ýmsar listir, en við urðum að flýja inn vegna rigningar og það varð ekki eins mikið úr þessu og ætlað var.

Brynhildur Guðmundsdóttir var send á búninga og leikgervanámskeið sem haldið var í Reykjavík í september.

Snorri Emilsson var ráðinn til að setja upp 6 einpáttunga, og var byrjað að æfa í byrjun október. Það var ákveðið að fara með 1 einpáttunginn suður í Borgarleikhúsið á Margt smátt og varð Einfalt ævintýr, eftir Guðjón Sigvaldason, fyrir valinu, og var ákveðið að Snorri og Brynhildur færu með krökkunum. Einpáttungarnir 6 voru svo frumsýndir 14 nóvember.

Við sendum engan á einpáttungahátíðina eða aðalfund Bandalagsins norður í Svarfaðardal þar sem allir voru uppteknir við annað sýsl.

Stjórn Leikhópsins Veru

Hamslaus

Leikklúbburinn Saga, Akureyri**Hamslaus**

eftir leikhópin og leikstjórnann Laufeyju Brá Jónsdóttur

Þátttakendur: 11

Sýningar: 6

Áhorfendur: 360

Skýrsla stjórnar:

Starf leikklúbbsins Sögu fór á fullt þegar danski leikhópurinn Ragnarock sótti okkur heim á Akureyri í júlí sumarið 2003. Þar með var ákveðið áframhaldandi samstarf þessara tveggja leikhópa og ákveðið að Saga héldi til Danmerkur 26. júlí sumarið 2004 til að sýna leiksýningu sem unnið yrði að um veturinn. Þann 17. september síðastliðinn var svo kjörin ný stjórn Leikklúbbsins Sögu sem skipuð er sjö meðlimum hópsins.

Kjörnir voru: Eyrún Unnarsdóttir – formaður, Jóhanna Vala Höskuldsdóttir – tengiliður, Lilja Guðmundsdóttir – ritari, Valdís Anna – gjaldkeri, Hafliði Arnar Hafliðason – auglýsingastjóri, Katla Sól – aðstoðarauglýsingarstjóri og Vilhelm Einarsson – reddari.

Gerðar voru ýmsar áherslubreytingar um verkaskiptingu og meðal annars lögð megináhersla á jafnari ábyrgðarskiptingu og samvinnu. Gekk það mjög vel eftir og hefur stjórnarsamstarfið sjaldan verið betra. Strax í upphafi eftir heimsókn Dananna var stefnan tekin hátt. Við ætluðum okkur að gera frá grunni verk sem byggt væri á hugmyndum okkar um hinn blákalda raunveruleika, um sorg, gleði og myrkt eðli mannsins. Einnig var nauðsynlegt að sýningin yrði skiljanleg hvort sem þú ert frá Íslandi eða Timbúktú. Til þess að aðstoða okkur í þessu flókna verkefni fengum við leikstýruna Laufeyju Brá Jónsdóttur sem skilaði sínu framar björtustu vonum. Afraksturinn var frumsamin sýning, Hamslaus, sem sýnd var í Ketilhúsinu við góðar undirtektir alls fimm sinnum. Áætlaðar sýningar í Danmörku eru 3 talsins, ýmist í Humlebæk eða í Kaupmannahöfn. Í upphafi gerðum við okkur grein fyrir því að uppfærsla sem þessi væri afar kostnaðarsöm. Því gengum við strax í það að safna styrkjum og auglýsingum, bæði frá fyrirtækjum og stofnunum. Að okkar mati gekk sú söfnun vel og náðum við með hjálp Akureyrbæjar að skila sýningunni með örlitlum hagnaði. Ungt fólk í Evrópu hefur einnig ákveðið að styrkja okkur duglega til Danmerkurferðarinnar og má því segja að allt ferlið hafi gengið afskaplega vel. Auðvitað komu alltaf upp einhverjir erfiðleikar, en erfiðleikarnir eru jú bara til að komast yfir þá. Þá sannaði bæði stjórnin og leikhópurinn, en einungis tveir meðlimir hópsins eru ekki í stjórninni, hvers við erum megnug ef við leggjum okkur öll fram um að skila okkar bestabesta.

Að fá hugmynd, hrinda henni í framkvæmd, sjá hana verða að veruleika og njóta afrakstursins er frábær tilfinning. Þar komumst við svo sannarlega í sannleikann um að ef viljinn er fyrir hendi eru ungu fólki allar leiðir greiðar. Þetta hvetur okkur til enn frekari dáða í framtíðinni, hvort sem það verður á sviði leiklistar eða á öðrum sviðum lífsins.

Næsta leikár er eitt stórt spurningamerki því engin ákvörðun hefur enn verið tekin um frekara samstarf hópanna tveggja þó háfleygar vangaveltur séu á lofti. Sú ákvörðun verður vonandi tekin í lok sumars ef allt gengur að óskum.

Lilja Guðmundsdóttir og Jóhanna Vala Höskuldsdóttir

Leikklúbburinn Spuni, Lúxemborg*Hvílík þjóð*

eftir leikhópin og leikstjórnann Sigrúnu Sól Ólafsdóttur
 Þátttakendur: 17 Sýningar: 3 Áhorfendur: 300

Skýrsla stjórnar:

Verkefni þessa starfsárs Spuna, sem er frá október 2003, eru búin að vera tvö. Við byrjuðum starfsárið á Hrekkjavökuballi (Halloween) fyrir börnin 1. nóvember 2003. Það tókst með miklum ágætum og mættu 110 manns.

Næsta og langstærsta verkefni starfsársins var svo undirbúningur að sýningunni „Hvílík þjóð“ sem sýnd var, eins og vera ber, á Þorablóti Félags Íslendinga í Lúxemborg. Leikstýra verksins var Sigrún Sól Ólafsdóttir og tónlistarstjóri Pálmi Sigurhjártarson.

Undirbúningur handrits hófst á haustdögum með vikulegum samningafundum sem urðu svo fleiri þegar nær dró komu leikstjóra. Rúmlega þremur vikum fyrir sýningu var svo hafist handa með miklum móð, marga tíma í senn á hverjum degi með smá hléum á milli. 17 manna hópur stóð á sviði að þessu sinni sem er óvenjulega fjölmennt.

Generalprufan fór fram 13. febrúar og aðal-aðal sýninging var svo laugardaginn 14. febrúar á Þorablóti Íslendinga í Lúxemborg. Okkur tókst bara vel upp enda ekki annað hægt þar sem við vorum leidd áfram af valinkunnum hljómlistarmönnum, nefnilega hljómsveitinni Snillingarnir, en þeir spiluðu einnig undir á dansleikum eftir á.

Þetta verk „Hvílík þjóð“ var stærra í sniðum en verið hefur í gegnum árin og tala ég þá aðallega um ljósa- og hljóðbúnað, sem var mjög stór biti að kyngja peningalega séð.

Að afloknu verki fóru allir þreyttir en glaðir til síns heima og nú eru rafhlöðurnar í endurhleðslu fram að næstu törn, sem sé næsta haust.

Bryndís Kristjánsdóttir, formaður

Leiklistardeild Umf. Tálknafjarðar*Biðstofan*

eftir Lárus Sigurbjörnsson í leikstjórn leikhópsins
 Þátttakendur: 7 Sýningar: 1 Áhorfendur: 90

Nýir vinir

höfundur Guðmundur Bragi Kjartansson, leikstjóri Pálína Hermannsdóttir
 Þátttakendur: 5 Sýningar: 1 Áhorfendur: 90

Einvígið

höfundur N. N., leikstjóri Heiðar Jóhannsson
 Þátttakendur: 6 Sýningar: 1 Áhorfendur: 90

Hjá tannlækninum

höfundur Calle N., leikstjóri Pálína Hermannsdóttir
 Þátttakendur: 8 Sýningar: 1 Áhorfendur: 90

Fötlun er ekkert grín

höfundar Jónas Snæbjörnsson og Hjalti Heiðarsson, leikstjóri Heiðar Jóhannsson
 Þátttakendur: 8 Sýningar: 1 Áhorfendur: 90

Latex-drottningin

höfundur Ármann Guðmundsson, leikstjóri Heiðar Jóhannsson
 Þátttakendur: 5 Sýningar: 1 Áhorfendur: 90

Rapp söngur

höfundar Jónas Snæbjörnsson og Valdimar Hermannsson, leikstjóri Heiðar Jóhannsson
 Þátttakendur: 4 Sýningar: 1 Áhorfendur: 90



Hvílík þjóð



Tálknafjarðar er á Vestfjörðum



*Nánar tiltekið þar sem * merkið er*



Saumastofan

Leiklistarfélag Seltjarnarness

Saumastofan

höfundur Kjartan Ragnarsson, leikstjóri Bjarni Ingvarsson
Þátttakendur: 25 Sýningar: 4 Áhorfendur: 520

Kardemommubærinn – hluti

höfundur Thorbjörn Egner, þýðendur Hulda Valtýsdóttir og Kristján frá Djúpalæk leikstjórnn leikhópurinn
Þátttakendur: 6 Sýningar: 1 Áhorfendur: 350

Skýrsla stjórnar:

Þegar við horfum til baka á starfsemi Leiklistarfélags Seltjarnarness síðastaliðið leikár, þá getum við félagsmenn verið stoltir. Við höfum árið með okkar fasta dagskrárlíð á 17. júní á Eiðistorgi, þar sem við sýndum þátt úr Kardemommubænum, tókst það með miklum ágætum.

Í nóvember tókum við síðan þátt í upplestri á Norrænni bókasafnsviku, þar sem við leiklásum og vorum með upplestur, þemað í ár var Grænland.

Þegar allir voru búnir að ná sér eftir jólin var ákveðið að setja í gang námskeið undir handleiðslu Bjarna Ingvarssonar. Námskeiðið sóttu 12 manns og fengum við hjá félaginu marga góða áhugaleikara sem okkur tekst vonandi að halda til að efla starfsemina enn frekar.

Að loknu námskeiðinu var mikill hugur í mönnum og eftir nokkra umræðu var ákveðið að ráðast í uppsetningu á leikritinu Saumastofan eftir Kjartan

Ragnarsson, í leikstjórn Bjarna Ingvarssonar. Bjarni var nú búinn að kynnast okkur á námskeiðinu og vissi svolítið hvað í flestum okkar bjó.

Frumkýningum við 21. apríl og er skemmst er frá því að segja að sýningin tókst mjög vel, hún var sett upp á nokkuð nýstárlegan hátt þar sem tölvutæknin var tekin í notkun, þótti það takast vel hjá okkur. Einhverjum varð að orði eftir sýningu hjá okkur að það væri ótrúlegt og frábært, að þetta væri hægt, að hafa áhugaleikhús aftur á Seltjarnarnesi eftir áratuga hlé, kannski er hægt að segja sem svo, að loksins séum við búnir að festa okkur í sessi eftir 6 ára starfsemi.

Sýndar voru 4 sýningar af Saumastofunni og vegna fjölda áskorana er fyrirhugað að taka sýninguna aftur upp í haust.

Komið hefur til tals að Seltjarnarneskaupstaður kaupi af okkur nokkrar sýningar og bjóði bæjarbúum í leikhús í tilefni 30 ára kaupstaðarafmælis Seltjarnarness.

Á vormánuðum sendum við í fyrsta skiptið fulltrúa á Ársfund Bandalagsins, Grétar og Jóhanna fóru norður til Dalvíkur og voru þar eina helgi. Var það mjög fróðlegt og gaman að hitta og heyra hvað önnur leikfélög á landinu eru að vinna og berjast við. Ég mæli með að við stefnum að því að senda fulltrúa á næsta ársfund.

Allir félagsmenn gengu glaðir út í sumarið eftir vel heppnað leikár, með það fyrir augum að mæta hress til starfa með haustinu.

Jóhanna Ástvaldsdóttir, formaður

Leiknefnd Umf. Grettis, Miðfirði

Frænka Charley's

höfundur Brandon Thomas, þýðandi Úlfur Hjörvar, leikstjórar Guðrún Kloer og Regína Þórarinsdóttir
Þátttakendur: 18 Sýningar: 3 Áhorfendur: 200



Úlfur Hjörvar þýðandi

Litli leikklúbburinn, Ísafirði*Jóladraumur*

leikgerð eftir sögu C. Dickens, leikstjóri Elfar Logi Hannesson
 Þátttakendur: 5 Sýningar: 3 Áhorfendur: 46

Ísaðar gellur

höfundur Paul Harrison, þýðandi Guðrún J. Bachmann, leikstjóri Ingrid Jónsdóttir
 Þátttakendur: 5 Sýningar: 8 Áhorfendur: 214

*Ísaðar gellur***Nafnlausí leikhópurinn, Kópavogi***Enginn veit*

höfundar Jónína Leósdóttir og Kjartan Árnason, leikstjóri Ásdís Skúladóttir
 Þátttakendur: 16 Sýningar: 2 Áhorfendur: 51

Reykvíska listaleikhúsið*Líknarinn*

höfundur Brian Friel, þýðandi Stefán Hallur Stefánsson, leikstjóri Ólafur Steinn Ingunnarson
 Þátttakendur: 4 Sýningar: 7 Áhorfendur: 360

*Líknarinn***Skýrsla stjórnar:**

Reykvíska listaleikhúsið (kt. 440504-2640) er sjálfstætt starfandi áhugaleikhús leiklistarnema í Listaháskóla Íslands. Með stofnun þess viljum við nýta nám okkar í verki, ögra sjálfum okkur og öðlast nýja og víðtæka reynslu. Fyrir okkur er leikhúsið miðill til að vekja fólk til umhugsunar um umhverfi sitt og þann raunveruleika sem það býr með. Að segja sögu er kraftmikil og áhrifarík leið til að ná til fólks.

Líknarinn eftir Brian Friel var fyrsta viðfangsefni Reykvíska listaleikhússins. Leikritið fjallar um þrjár manneskjur sem komnar eru að krossgötum í sínu lífi og til að þau geti tekið ákvörðun um hvaða leið skuli velja rifja þau upp það sem á undan er gengið. Frank er farandheilari sem efast um sjálfan sig. Grace, kona hans, reynir að losa sig við drauga fortíðarinnar. Teddy er umboðsmaðurinn sem lifir lífi sínu í gegnum aðra. Hvert af öðru segja þessar persónur frá sameiginlegri fortíð út frá eigin sjónarhorni en hver er að segja sannleikann? Verkið var byggt upp á einleiksformi þ.e.a.s. þremur eintölum hjá þremur leikurum sem aldrei áttu samskipti sín á milli. Frumsýning var 24. júlí 2003. Sýnt 7 sinnum fyrir ca. 360 áhorfendur.

Samskipti kynjanna taka á sig ýmsar myndir. Þessar myndir eru ekki alltaf fallegar. Á yfirborði hamingjunnar er þunnur ís örvæntingar. Samspil sektarkenndar, fyrirgefningar og sjálfseyðingar blundar í hjörtum manna. Að bregðast þeim sem standa manni næst. Misnotkun trausts. Heimilið er orðið vígvöllur tilfinninga. Hamslausar, bitrar tilfinningar sem særa svo sviður undan. Angar slíkra skæra teygja sig langt. Svo langt að enginn er óhultur. Flestir hafa á einhvern hátt orðið vitni að afleiðingum kúgunar. Þau spor marka okkur djúpt. Oft svo djúpt að ljósið hverfur og við týnumst. Hvert förum við þá? Hvert fer maður þegar maður treystir ekki lengur sjálfum sér? Það er til annar heimur. Heimur fólks með særðar og afmyndaðar sálir. Þessi heimur er allt í kringum okkur. Hann er óþægilegur, óhugnanlegur en óskaplega nálægur. Hann þrífst á blekkingarvef, yfirhyllingum og afneitun. Samfélag okkar er ágæt uppspretta.

Við viljum rannsaka þessi hugðarefni sumarið 2004 og vinna út frá leikverki eftir Jón Atla Jónasson sem nefnist Kráðplíser. Leikstjórn verður í höndum Ólafs Egils Egilssonar. Frumsýning er áætluð 25. júlí 2004. Reykvíska listaleikhúsið stefnir að því að koma upp félagslegu tengslaneti í kringum verkefnið. Að ná sambandi við þá hópa innan samfélagsins sem tengjast efni leikverksins, beint eða óbeint. Hér er um að ræða forvarnarsamtök, félagsmiðstöðvar og hjálparsamtök sem einbeita sér að fólki sem glímir við vandamál tengd samfélaginu, líkt og einelti.

Stefán Hallur Stefánsson, formaður

*Götuleikhús á Írskum dögum***Skagaleikflokkurinn, Akranesi***Írskir dagar – götuleikhús*

eftir leikhópin og leikstjórn VÍking Kristjánsson

Þátttakendur: 20

Sýningar: 1

Áhorfendur: 500

Skýrsla stjórnar:

Skagaleikflokkurinn fékk VÍking Kristjánsson til að vinna götuleikhúsverkefni með unglíngum og var það hluti af vinnu þeirra í Vinnuskólanum. Þau voru síðan stanslaust á ferli dagana 10.–12. júlí sem kallast Írskir dagar á Akranesi.

Skagaleikflokkurinn er búinn að vera á hrakhólum með húsnæði síðan vorið 2000 en í haust leystist úr því þegar samkomulag var gert við Akraneskaupsstað. Bærinn leigir nú (til 5 ára) húsnæði að Suðurgötu 126 og lætur það til afnota fyrir starfsemi Skagaleikflokksins og leggur flokknum til rekstarstyrk að auki. Skagaleikflokkurinn skal sinna leiklistarstarfsemi, sérstaklega með ungt fólk í huga og taka þátt í hátíðum á vegum bæjarins. Þetta er góður salur, eldhús, búningageymsla og snyrtingar. Þarna er hægt að æfa, halda námskeið, sýna litlar leiksýningar og einnig góð félagsaðstaða. Í raun er allt hægt að gera nema smíða og sýna stórar sýningar. Þetta samkomulag var undirritað 4. september 2003 og var þá hafist handa um að flytja það litla sem hægt hafði verið að halda í. Einnig var lagt í innkaup á húsgögnum (borð og stólar).

Síðbúinn aðalfundur var haldinn í október og Ásthildur Ragnarsdóttir var kosinn formaður. Bangsapabbi og bangsamamma (Dýrin í Hálsaskógi) heimsóttu börn á Héraðsbókasafninu á bangsadaginn. Að venju var Skagaleikflokkurinn umboðsaðili fyrir jólasveina þegar kveikt var á jólatré frá vinabænum Tönder. Eftir áramót var Helga Braga Jónsdóttir með námskeið hjá okkur og sá hópur hittist áfram.

Aðalfundur ársins var haldinn 27. maí sl. og nýr formaður kosinn Steingrímur Guðjónsson.

Nú er verið að undirbúa götuleikhópin fyrir sumarið og hátíðarhöld í haust vegna 30 ára afmælis Skagaleikflokksins.

Guðbjörg Árnadóttir, gjaldkeri

Snúður og Snælda, Reykjavík*Rapp og rennilásar*

höfundur Gunnhildur Hrólfsdóttir, leikstjóri Bjarni Ingvarsson

Þátttakendur: 12

Sýningar: 14

Áhorfendur: 619

*Rapp og rennilásar*

Stúdentaleikhúsið, Reykjavík**1984 – Ástarsaga**

höfundar Þorleifur Örn Arnarsson og Arndís Dunja Þórarinsdóttir, leikstjóri
 Þorleifur Örn Arnarsson
 Þátttakendur: 25 Sýningar: 5 Áhorfendur: 480

101 Reykjavík

höfundar Hallgrímur Helgason, Harpa H. Haraldsdóttir, Friðgeir Einarsson og
 Hinrik Þór Svavarsson, leikstjóri Hjálmar Hjálmarsson
 Þátttakendur: 24 Sýningar: 10 Áhorfendur: 620



1984 – Ástarsaga

Skýrsla stjórnar:

Leikárið 2003–2004 sýndi Stúdentaleikhúsið að venju tvær leiksýningar.

Fyrir áramót var sett upp verkið 1984 – ástarsaga unnið upp úr hinni margrómuðu skáldsögu George Orwell. Leikgerðin var í höndum Þorleifs Arnarssonar og Arndísar Dúnju Þórarinsdóttur. Þorleifur sá einnig um leikstjórn og tókst afar vel til. Eftir langar og strangar æfingar, mátti líta sérstaklega vel samhæfða og agaða sýningu sem hlaut verðskuldað lof áhorfenda. Sýnt var í Tjarnarbiói.

Eftir áramót lenti Stúdentaleikhúsið í smávegis hremmingum í leikstjóramálum, þar sem ráðinn leikstjóri forfallaðist á síðustu stundu. Okkur tókst þó að hafa uppá frábærum manni í stöðuna, Hjálmar Hjálmarssyni. Ákveðið var að fara minna pólitíska leið í seinni sýningu leikársins, en við héldum okkur þó við skáldsögurnar og að þessu sinni var unnin leikgerð uppúr skáldsögu Hallgríms Helgasonar, 101 Reykjavík. Leikgerðina unnu þrír meðlimir leikfélagsins auk Hjálmars, í samstarfi við leikhópinn sjálfan. Sýnt var í gömlu húsnæði þvottahússins Grýtu að Keilugranda 1. Leikhópurinn, leikstjórinn og aðrir aðstandendur sýningarinnar unnu hörðum höndum að því að breyta skrifstofuhúsnæði og stórum sal þvottahússins í leikhús. Úr varð nýstárlegt, hrátt en skemmtilegt sýningarhúsnæði, sem hentaði sýningunni fullkomlega. Verkefnið í heild var skemmtilegt og krefjandi fyrir stjórn og meðlimi Stúdentaleikhússins og tókst mjög vel. Sýningin vakti mikla athygli, fékk afbragðs góða dóma áhorfenda og mikla umfjöllun í leikhússamfélaginu.

Að ári loknu eru meðlimir stjórnar Stúdentaleikhússins, sem og aðstandendur sýninganna beggja, afar ánægðir með unnin störf og útkomu sýninganna. Við hlökkum öll til að takast á við ný og spennandi verkefni á nýju leikári og engin hættu á að lagður verði minni metnaður og leikgleði í sýningar næsta árs, en undanfarin ár.

Ástbjörg Rut Jónsdóttir, formaður

Umf. Biskupstungna, leikdeild**Góðverkin kalla**

höfundar Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir
 Tryggvason, leikstjóri Gunnar Björn Guðmundsson
 Þátttakendur: 12 Sýningar: 14 Áhorfendur: 619



Góðverkin kalla

Umf. Dagrenning, leikdeild, Lundarreykjadal

Maður og kona

höfundar Emil Thoroddsen og Indriði Waage, leikstjóri Þórunn Magnea Magnúsdóttir

Þátttakendur: 25

Sýningar: 9

Áhorfendur: 477

Skýrsla stjórnar:

Eina verkefni leikársins var uppsetning á Manni og konu, leikgerð Emils Thoroddsen og Indriða Waage eftir sögu Jóns Thoroddsen. Æfingar hófust í október og frumsýnt var í lok nóvember. Leikstjóri var Þórunn Magnea Magnúsdóttir. Sýningar urðu alls 9 og áhorfendur um 500.

Leikdeildin er fámenn. Breytingar á samfélagsgerð virðast gera leikdeildum í sveitum erfiðara fyrir með að manna stórar sýningar. Við nutum hins vegar aðstoðar félaga í nærliggjandi leikdeildum og verður það seint fullþakkað.

Löngum hefur verið gott samstarf milli leikdeilda hér um slóðir varðandi tækniþúnað og ýmsa leikmuni. Hins vegar má gera ráð fyrir að í framtíðinni sé þörf á auknu samstarfi lítilla leikdeilda við mönnun á sýningum.

Stjórn leikdeildarinnar var kosin á aðalfundi Umf. Dagrenningar. Hana skipa nú Jón Gíslason, Ágústa Þorvaldsdóttir og Þór Þorsteinsson.

Jón Gíslason, formaður



Landsmótið

Umf. Efling, leikdeild, Reykjadal

Landsmótið

höfundar Hörður Þór Benónýsson og Jóhannes Sigurjónsson, leikstjóri Arnór

Benónýsson

Þátttakendur: 82

Sýningar: 25

Áhorfendur: 3.250

Skýrsla stjórnar:

Leikárið byrjaði með því að haldin voru námskeið, bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Þetta hefur reynst vel undanfarin ár því krakkar úr Framhaldsskólanum á Laugum eru alltaf að verða fleiri og fleiri og teljum við gott fyrir þá að byrja á námskeiði og taka svo framhaldsnámskeið næsta ár. Þessi námskeið eru öllum að kostnaðarlausu því allir gefa jú vinnu sína á leiksýningum. Þátttakendur voru 16 á byrjendanámskeiðinu og 14 á framhaldsnámskeiðinu. Voru þau haldin dagana 20. september til 10. október.

6. mars á síðasta leikári var gerður samningur við Jóhannes Sigurjónsson og Hörð Þór Benónýsson um að skrifa leikverk fyrir félagið. Fékk leikritið nafnið Landsmótið og var það í leikstjórn Arnórs Benónýssonar. Æfingar hófust 16. október 2003 og var æft til loka nóvember og þá gefið jólafrí. Strax á nýju ári var byrjað að æfa og veitti ekki af í svona mannmargri sýningu. Veður gerði smá strík í reikninginn því nokkrir leikarar þurftu að fara ansi langan veg á æfingar eða frá Húsavík og Bárðardal. En allt gekk þetta upp að lokum og frumsýnt var 13. febrúar 2004. Það er óhætt að segja að Landsmótið hafi gengið vel en leikritið hefur slegið öll met hjá félaginu bæði í sýningarfjölda og áhorfendafjölda, en búið er að sýna verkið 24 sinnum á Breiðumýri og tvisvar í Þjóðleikhúsinu og yfir 3000 manns búnir að sjá verkið. Hætt var fyrir fullu húsi í maí og er því búið að ákveða að taka það upp aftur í byrjun næsta leikárs.

Leikárið hefur því verið mjög gott hjá félaginu og allir mjög ánægðir og spenntir að byrja á því næsta.

Friðrika Björk Illugadóttir, gjaldkeri

Umf. Íslendingur, leikdeild, Borgarfirði

Borgarfjarðar Idol

eftir félagi í leikdeildinni, leikstjóri Jón Einarsson

Þátttakendur: 20

Sýningar: 1

Áhorfendur: 100

Tréhausinn 2004

Brund Ólafsdóttir notar vald sitt og veitir verðlaun áhugaleikhússins

Vegna fjölda áskorana sé ég mér ekki annað fært en að útteila Tréhausnum hans Togga (Þorgeirs Tryggvasonar) og halda þar með starfi hans áfram frá í fyrra. Skorað hefur verið á mig að nefna minn tréhaus Félagsheimilið og er það gert í sviga en í virðingarskygni við fyrirrennara minn kýs ég að halda heiti hans á þessari eftirsóttu viðurkenningu. Ég hef skrifað gagnrýni fyrir Morgunblaðið um þrjátíu og sex áhugaleikssýningar síðan í fyrrasumar auk þess að hafa séð tvær í viðbót hjá mínum leikfélögum og nefni ég þær aukalega neðanmáls en sleppi að sjálfsgöðu þeim sem ég tók sjálf þátt í. Þorgeir og Sveinn Haraldsson hafa skrifað um þær örfáu sýningar sem ég hef ekki komist til að sjá og einhverjar hafa ekki verið gagnrýndar hjá Morgunblaðinu. Ég held mig við flokkun Togga (og Óskars karlsins) í aðalatriðum og bæti einhverju við.

Og Tréhausinn 2004 hlýtur ...



Úr Gaukshreiðri Leikfélags Fljótsdalshéraðs

Besta leiksýning:

Gaukshreiðrið

Leikfélag Fljótsdalshéraðs
Leikstjóri: Oddur Bjarni Þorkelsson

Sýningin var afar vönduð og áhrifamikil, með firnasterkum heildarsvip niður í smæstu atriði, mjög vel unna bakgrunnsvinnu og leikaraleikstjórn sem skilaði sér í jafnbesta leik sem ég hef séð.

Mjög nálægt Héraðsbúum með mjög góðar sýningar eru Dalvíkingar með Svarfdælasögu í leikstjórn Ágústa Skúladóttur, Fúría Kvinnaskólans með Glæsta tíma í leikstjórn Bergs Þórs Ingólfssonar og Selfyssingar, einnig með Gaukshreiðrið í leikstjórn Ólafs Jens Sigurðssonar.

Besta leikstjórn:

Bergur Þór Ingólfsson

Glæstir tímar
Fúría, Leikfélag Kvinnaskólans

Man ekki eftir annari eins afslöppun í leik hjá framhaldsskólanemum og hér var raunin. Að vera þeir sjálfir og slaka bara á gekk algerlega upp sem meginaðferð þar sem krakkarnir notuðu auk þess eigið orðfæri og sýningin ríghélt frá upphafi til enda þar sem hver persóna naut sín til fulls í dásamlega tsékovskum anda.

Nokkrir aðrir leikstjórar eru nálægt Bergi, hver með sinn stíl: Ágústa Skúladóttir með Svarfdælasögu, Oddur Bjarni Þorkelsson með Gaukshreiðrið og Ronju ræningjadóttur, Ólafur Jens Sigurðsson með Gaukshreiðrið, Guðjón Sigvaldason með Fílamanninn, Saga Jónsdóttir með Klerka í klípu, Þróstur Guðbjartsson með Síldina, Ingrid Jónsdóttir með Ísaðar gellur og Smáborgarabruðkaup, Laufey Brá Jónsdóttir með Hamslaus og Þorleifur Örn Arnarsson með 1984.

Nýtt handrit:

Hjörleifur Hjartarson og Ingibjörg Hjartardóttir

Svarfdælasaga
Leikfélag Dalvíkur

Höfundarnir semja leikritið með sterkri vísun í íslenskan sagna- og tónlistararf og forn-grískan leiklistararf. Auk þess breyta þau handritinu þegar samvinnan við leikstjóran hefst, af auðmjúkri þjónustu við leiklistina. Húrra fyrir þessu handriti sem hefur í sér kímni, trega, sögulegt efni og virðingu fyrir menningararfi. Húrra fyrir handriti sem þjónar sýningunni!

Athyglisverðir handritshöfundar voru einnig þau Ragnar Arnalds með Silfur hafnsins hjá Leikfélagi Siglufjarðar, Þórunn Guðmundsdóttir með Kleinur hjá Hugleik, Ármann Guðmundsson, Hjördís Hjartardóttir, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason með Sirkus hjá Hugleik, Gunnhildur Hrólfsdóttir með Rapp og rennilása hjá Snúð og Snældu og Bergur Þór Ingólfsson með leikgerðina Glæsta tíma hjá Fúría.



Hrund Ólafsdóttir

Frumlegasta leiksýningin:

Svarfdælasaga

Í leikstjórn Ágústu Skúladóttur
Leikfélag Dalvíkur

Það er ekkert vafamál að Ágústa Skúladóttir átti mjög stóran þátt í að gera Svarfdælasögu svo frumlega og margbrotna sem raun bar vitni. Auk frábærs handrits og dásamlegrar tónlistar notaði hún grímur í sýningunni en þær vísuðu til forngríska leikhússins auk tónlistarinnar. Þess utan gerði auðvitað söguaðferðin í leikstílnum útslagið en það var unnið af einstakri fagmennsku. Flottur frumlegur stíll og yfirbragð sýningar sem þó vísaði stöðugt í þjóðlegar hefðir og alþjóðlegt andrúmsloft aldanna.

Svo var það uppsetning Halaleikhópsins á Filamanninum í leikstjórn Guðjóns Sigvaldasonar; allt öðruvísi sýning en þeirra Dalvíkinga en hún er með þeim óvenjulegustu og frumlegustu sem ég hef séð og hún snart mig mjög djúpt.

Fyndnasta leiksýningin:

Klerkar í klípu

Í leikstjórn Sögu Jónsdóttur
Leikfélag Hörgdæla

Þessi gamli, breski farsí er mjög vel skrifaður en aldrei verður of oft kveðin sú vísa hvað farsar eru vandmeðfarnir. Saga Jónsdóttir leikstjóri hefur þetta form algerlega á valdi sínu og

það er varla ofsögum sagt að ég hafi hlegið fyrir árið á þessari einu sýningu.

Í humáttina á eftir Hörgdælum kemur Ungmennafélag Biskupstungna með Góðverkin kalla, í leikstjórn Gunnars Björns Guðmundssonar, alveg argandi fyndin uppsetning.

Besti kvenkyns leikari í aðalhlutverki:

Krístúrún Jónsdóttir

Gaukshreiðrið
Leikfélag Fljótsdalshéraðs

Krístúrún (Dúrri) lék hið erfiða hlutverk Ratched frábærlega, hin grimma hjúkrunarkona var alltaf sjálfri sér samkvæm þegar hún fylgdi sannfæringu sinni sem fulltrúi óbifanlegra reglna samfélagsins en Krístúrún léði henni auk þess fínlegan kvala-losta þeirra sem lifa í óhamingju einsemdar og öfundar.

Aðrar leikkonur sem sköruðu fram úr í aðalhlutverki voru þessar: Hulda Björg Hákonardóttir sem Púríður skúringakona í Sirkus (veit ekki alveg hvort hlutverkið hennar var aðal eða auka, enda skiptir það sennilega engu máli), Fanney Valsdóttir sem prestsfrúin Penelópa í Klerkum í klípu, Íris Baldvinsdóttir sem símamærin Málfríður í Síldinni og Þóra Grétarsdóttir sem Ratched í Gaukshreiðrinu á Selfossi.

Besti karlkyns leikari í aðalhlutverki:

Sævar Sigurgeirsson

Kleinur
Hugleikur

Í hlutverki Sigga lék Sævar sér lipurlega að því að að vera aldrei degi yngri eða eldri en hann átti að vera; hann lék lítinn dreng, ungan mann, miðaldra og fjörgamlan; allt saman jafn náttúrulega, enda um einn færasta áhugaleikara okkar að ræða (og uppáhalds líka).

Þeir sem tölta á hæla Sævars eru Hilmar Guðjónsson sem Friðrik í Glæstum tímum, Guðmundur Karl Sigurdórsson í hlutverki McMurphys í Gaukshreiðrinu á Selfossi og Sigurvin Jónsson sem Klaufi í Svarfdælasögu.

Besti kvenkyns leikari í aukahlutverki:

Hulda Björg Hákonardóttir

Kleinur hjá Hugleik
Draumur á Jónsmessunótt hjá Sýni

Hulda er alveg einstaklega flink leikkona; í Kleinum var hún alveg sérstaklega fyndin sem gömul kona, eðlilega sjálfhverf og minnislaus en var líka makalaust hlægileg sem unga konan, fjórutíu árum fyrr. Frammistaða hennar í Sirkus var nefnd hér að ofan og í Draumi á Jónsmessunótt var hún dásamlega kynþokkafull og gargandi fyndin sem ástfangni leikstjórinn í verkamannaleikhópnum. Eins og Sævar er hún einn besti leikarinn okkar (og auðvitað uppáhalds).

Langflest hlutverk eru aukahlutverk ef út í það er farið og þess vegna er auðvelt að telja upp langan lista þeirra sem vöktu hrifningu mína á leikárinu en hér skulu þessar nefndar: Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir sem Sigþóra í Síldinni, Hulda Lind Eyjólfsdóttir sem Deborah í Ísuðum gellum, Kristín Ingi-björg Lárusdóttir sem Hrabby í Smáborgarabruðkaupi, Sesselja Ingólfsdóttir sem ungrú Skillon í Klerkunum, Íris Blandon sem Jakobína í Góðverkunum og þær Unnur Tómasdóttir, Rósa Björk Bergþórsdóttir, Anna Þórhildur Sæmundsdóttir og Jóna Guðný Arthúrsdóttir sem systurnar fjórar í Glæstum tímum.

Besti karlkynsleikari í aukahlutverki:

Sigurður Ingólfsson

Gaukshreiðrið
Leikfélag Fljótsdalshéraðs

Í hlutverki hins ofurviðkvæma Dale Hardings var Sigurður yndislega sannfærandi, persónan var fínlega unnin út í ystu æsar í tregablandinni kómik og er það hreint makalaust að þetta hafi verið frumraun Sigurðar á leiksviðinu.

Listinn er ennþá lengri hér en hjá konunum og grunar mig að það sé vegna allra bitastæðu karlhlutverkanna í verkunum eftir alla karlana en þessir leikarar lifa í minningunni: Halldór Magnússon sem Spóli í Draumi á Jónsmessunótt og sem faðirinn í Hamskiptunum, Þórður Steindórsson sem biskupinn í Klerkunum, Hálfán Helgi Helgason sem Billy Bibbit í Gaukshreiðinu á Egilsstöðum, Björn Sigurjónsson sem Njörður leyniþjónustumaður í Sirkus, Guðbrandur J. Guðbrands-son sem Lilli í Síldinni, Egill Jónsson sem Jökull Heiðar í Góðverkunum, Ingólfur Þórsson sem Skalla-Pétur í Ronju ræningjadóttur, Óðinn Davíðsson Löve sem Billy Bibbit og Ingvar Brynjólfsson sem Scanlon í Gaukshreiðinu á Selfossi, Daniel Pétur Daníelsson sem Halli í Silfri hafsins, Sigur-björn Hjörleifsson sem Grís gleðill í Svarfdælasögu, Magnús G. Guðfinnsson sem Magnús í Lúbarnum og Theódór Sölvi Thomasson sem Jón í Glæstum tímum.

Tónlist:

Guðmundur Óli Gunnarsson og Karlakór Dalvíkur

Svarfdælasaga
Leikfélag Dalvíkur

Það er ekki síst hin áhrifamikla og fallega tónlist Guðmundar Óla Gunnarssonar sem gerir Svarfdælasögu svo skemmtilega. Hann samdi tónlistina að beiðni höfundanna sem skrifuðu verkið frá byrjun með það í huga að karlakór Guðmundar Óla myndi flytja hana, ekki aðeins af bandi heldur líka á sviðinu. Fyrir utan það hvað tónlistin er falleg og hvað hún var vel flutt var áhrifamið að sjá þennan stóra kór á sviðinu þegar hann lagði út af atburðum í líkingu við kórana í grísku harmleikjunum.

Frumsamín tónlist Charles Ross í Gaukshreiðinu á Egilsstöðum kemur líka feikna sterk inn og svo var hljóðmynd Davíðs Kristjánssonar og Ólafs Jens í Gaukshreiðinu á Selfossi með því betra sem gerist.

Leikmynd:

Ólafur Jens Sigurðsson

Gaukshreiðrið
Leikfélag Selfoss

Það var fagaður heildarsvipur á stílhreinni, tímalausri sviðs-myndinni, búningum og lýsingu. Heildarsvipurinn náði einnig til staðsetninga leikaranna, þannig að minnti á myndlistarverk þar sem hlutföllin eru alltaf listrænt rétt en blágrámi sjúkra-stofnunar var ríkjandi litur. Bara glæsilegt hjá leikstjóranum!

Leikmyndarhönnun þeirra Viðars Eggertssonar leikstjóra, V. Kára Heiðdal, Hrefnu Friðriksdóttur og Hönnu Hallgrímsdóttur í Sirkus hjá Hugleik var ánægjulega áhrifamikil því að það er sko gaman að segja „VÁ!“ beint frá „hara“ þegar töfrum er beitt. Þetta var auðvitað vegna breytinganna úr svarthvítu yfir í lit. Leikmynd Þórarins Blöndals í Ronju ræningjadóttur hjá Freyvangsleikhúsinu var áberandi glæsileg þar sem grænn litur skógarins naut sín vel og verur spruttu fram úr engu og litlar verur skríktu og kraumuðu í öllu hornum. Ótalin er leikmynd Indridar Jónsdóttur í Ísuðum gellum hjá Litla leikklúbbum en hún var sú stærsta og óvenjulegasta sem sást á leikárinu.

Lýsing:

Benedikt Axelsson

Gaukshreiðrið
Leikfélag Selfoss

Samvinna Ólafs Jens og Benedikts var náttúrulega til fyrir-myndar í lýsingu og leikmynd en ég á vart orð til að lýsa fegurðinni sem bláleit lýsingin skapaði í kuldalegri sjúkra-stofnun.

Lýsing Ingvars Björnssonar og Ingvars Björns Ingvarssonar í Ronju ræningjadóttur var ævintýrlega falleg og lýsing Péturs Skarphéðinssonar í Svarfdælasögu var í yndislegu samræmi við heildarmyndina. Einnig verð ég að nefna áhrifamikla lýsingu Valgeirs Arnarsonar hjá Leikklúbbum Sögu í Hamslaus.

Búningar:

Dýrleif Jónsdóttir

Ronja ræningjadóttir
Freyvangsleikhúsið

Fjölbreyttir og litríkir búningar Dýrleifar hæfðu ævintýrinu alveg sérstaklega vel og féllu vel að leikmyndinni en Dýrleif hannaði einnig öll gervi og grímur.

Búningar Írisar Sigurjónsdóttur í Svarfdælasögu voru einstaklega fallegir og í samræmi við heildarmyndina og sömu sögu má segja um búningar Hönnu Ólafs Jens á Selfossi. Síðast en ekki síst koma svo búningar Hrefnu Friðriksdóttur sterk inn í svarthvítu og lituðu sýningu Hugleiks á Sirkus.

Frumlegasta nýting á leikrými:**Ingrid Jónsdóttir**

Leikmyndahönnun og leikstjórn
Ísaðar gellur
Litli leikklúbburinn

Leikið var í risastórum fiskvinnslusal og listræn upplifun að sjá lyftara sem flugvél og leigubíl, fiskvinnsluborð með fiski, stærðar fiskikar sem nýttist sem heitur pottur í heimahúsi, stæður með kóssum og margt fleira flott!

Ég stenst ekki mátið að nefna leikfélagið mitt hérna, Sýnir, sem sýndi Draum á Jónsmessunótt í Elliðaárdalnum og bjó þar til ævintýri sem engu var líkt í leikstjórn kollega míns Þorgeirs Tryggvasonar en þetta var dásamleg upplifun.

Besta kynningarstarf:**Leikfélag Fljótsdalshéraðs**

Gaukshreiðrið
í leikstjórn Odds Bjarna

Allt kynningarstarf og ytra útlit var til mikillar fyrirmyndar fyrir utan þá staðreynd að leikskráin er ein sú flottasta sem ég hef séð um ævina og allt var í samhengi við útlit sýningarinnar í heild.

Einnig vakti kynningarstarf Ofleiks hjá Hinu húsinu athygli mína þegar þau settu upp Date í fyrrasumar.

Ný þýðing:**Guðný María Jónsdóttir**

Ýkt kominn yfir þig
Borgarholtsskóli

Guðný María leikstjóri gerði sér lítið fyrir og þýddi þetta skemmtilega unglingsleikrit Marks Ravenhill, Totally over you, og tókst afburða vel upp með að íslenska og staðfæra unglingslang.

Bjartasta leikstjóravonin:**Þorleifur Örn Arnarsson**

1984, ástarsaga
hjá Stúdentaleikhúsinu

Þorleifur Örn setti mark sitt rækilega á þessa erfiðu og mannörgu uppsetningu með einhverjum töfrum slungnum glæsibrag þar sem heildaráhrifin bættu reynsluleysi og lélega aðstöðu verulega upp. Það verður spennandi að sjá til Þorleifs þegar hann kemur úr leikstjórnaráminu sínu.

Mín félög:

Leiksýningarnar sem ég sá en tók ekki þátt í hjá Leikfélagi Kópavogs og Leikfélaginu Sýni, Smúrtsinn í leikstjórn Harðar Sigurðarsonar og Draumur á Jónsmessunótt í leikstjórn Þorgeirs Tryggvasonar, voru vandaðar og góðar sýningar. Ég stóðst ekki mátið að nefna tvo leikara í Draumnum í tengslum við önnur hlutverk þeirra og nefndi líka ævintýrablaðinn sem fólst í því að leika Drauminn í skóginum. Þessar skoðanir mínar eru varla marktækar þar sem mér er málið of skylt. Hins vegar er ég sannfærð um að sýningarnar hlytu margar viðurkenningar hjá óvilhöllum gagnrýnendum. Og ekki orð um það meir.

Eftirfarandi sýningar voru lagðar undir Tréhaus:

Borgarholtsskóli: Ýkt kominn yfir þig
Freyvangsleikhúsið: Ronja ræningjadóttir
Fúría, Leikfélag Kvennaskólans: Glæstir tímar
Halaleikhópurinn: Filamaðurinn
Hugleikur: Sirkus
Hugleikur: Kleinur
Ungmennafélag Biskupstungna: Góðverkin kalla
Ungmennafélagið Dagrenning: Maður og kona
Leikfélag Blönduóss: Smáborgarabréðkaup
Leikfélag Dalvíkur: Svarfdælasaga
Leikfélag Hornafjarðar: Bar Par
Leikfélag Keflavíkur: Með álfum og tröllum
Leikfélag Fjölbrotaskólans í Garðabæ: Litla hryllingsbúðin
Leikfélag Fljótsdalshéraðs: Gaukshreiðrið
Leikfélag Hörgdæla: Klerkar í klípu
Leikfélag Sauðárkróks: Galdrakarlinn í Oz
Leikfélag Sauðárkróks: Síldin kemur og síldin fer
Leikfélag Verkmenntaskólans á Akureyri: Honk
Leikklúbburinn Saga: Hamslaus
Leikfélag Hafnarfjarðar: Hamskiptin
Leikfélagið Hallvarður súgandi: Bróðir minn Ljónshjarta
Leikfélag Hveragerðis: Nakinn maður og annar í kjölfötum
Leikfélag Mosfellssveitar: Lúbarinn
Leikfélag Siglufjarðar: Silfur hafsins
Leikfélag Menntaskólans á Ísafirði: Grettir
Leikfélags Menntaskólans við Hamrahlíð: Lísa í Undralandi
Leikfélag Nemendafélags Fjölbrotaskólans á Selfossi: Hey þú
Leikfélag Selfoss: Gaukshreiðrið
Leiklistarfélag Seltjarnarness: Saumastofan
Leikfélag Verzlunarskóla Íslands: Sódóma Reykjavík
Leikhópurinn Lopi: Allt í plati
Litli leikklúbburinn: Ísaðar gellur
Ofleikur: Date
Snúður og Snælda: Rapp og rennilásar
Stúdentaleikhúsið: 1984, ástarsaga
Thalía; Menntaskólanum við Sund: Bófaleikur á Broadway

Sýningar minna leikfélaga:

Leikfélagið Sýnir: Draumur á Jónsmessunótt
Leikfélag Kópavogs: Smúrtsinn

Leikferð til Litháen

Leikfélag Kópavogs hefur verið mikið á ferðinni undanfarin misseri, jafnt innanlands sem utan. Í fyrrahaust hélt hópur frá félaginu til Litháen og sýndi þar Grimmsævintýri. Þeir vita það sem reynt hafa, að leikferð á erlendri grundu er mikið ævintýri sem seint gleymist. Ferð LK á AIDAS leiklistarhátíðina í Jonava var engin undantekning og dró reyndar dilk á eftir sér sem mun væntanlega koma við sögu á Leiklistarhátíð BÍL á Akureyri árið 2005.

Frá Svíþjóð til Litháen

Grimmsævintýri var framlag Íslands á leiklistarhátíð NEATA í Västerås í Svíþjóð árið 2002. Sýningin hlaut þar feykilega góðar viðtökur og í kjölfarið var félaginu boðið að koma með sýninguna til þriggja landa, Litháen, Rússlands og Hvíta-Rússlands. Eftir þó nokkrar vangaveltur var ákveðið að þekkjast boð Litháanna. Undirbúningur hófst síðla vetrar 2003 og gekk hann að mestu út á að útvega fjármagn til ferðarinnar. Boð á leiklistarhátíð erlendis þýðir að öllu jöfnu að leikhópur þarf að koma sér til landsins en gestgjafar sjá um gesti sína frá því þeir koma inn fyrir landamærin og þar til þeir fara. Minnug mikils kostnaðar við flutning á leikmynd til Svíþjóðar árið áður var samið við gestgjafana um að þeir útveguðu stærstu stykkinn í leikmyndina. Þrátt fyrir það þurfti að flytja hluta upprunalegrar leikmyndar auk leikmuna og búninga.

Árla morguns, miðvikudaginn 24. september 2003 kom hópurinn saman við Félagsheimili Kópavogs og setti sitt hafurtask um borð í langferðabifreið sem þar beið. Flogið var um Kaupmannahöfn og eftir tíðindalitla en nokkuð lýjandi ferð, lenti hópurinn í Vilníus, höfuðborg Litháen seinnipart dags. Þar tóku á móti okkur þau Frosti og Lilja sem höfðu flogið frá Stokkhólmi fyrr um morguninn og þar voru einnig fulltrúar gestgjafanna þau Zivilé og Kaspas. Okkar beið langferðabifreið og eftir skamma stund brunuðum við eftir þjóðveginum í átt að Jonava þar sem leiklistarhátíðin fór fram.

Á leiðinni var Zivilé fararstjóri talin á að stoppa í vegasjoppu einni til að seðja sárasta hungrið og þorstann. Aumingja maðurinn sem var þar að afgreiða varð næstum viti sínu fjær af stressi þegar hópurinn réðist inn og keypti nánast upp ársbirgðir hans af bjór, snakki og exótískum innlendum gosdrykkjum sem báru nöfn á borð við Sex Blondine.



Grimms á sviðinu í Litháen



Greinarhöfundur

Aksturinn til Jonava tók um tvo tíma og var haldið beint í leikhúsið þar sem forráðamenn tóku á móti okkur af mikilli vinsemd og gleði og fullvissuðu okkur um að allar okkar leikhúsparfir yrðu uppfylltar. Þar næst var haldið í mótuneyti hátíðarinnar, Café Svetaine sem kom nokkuð á óvart enda minnti það okkur frekar á diskóklúbb frá því snemma á níunda áratugnum en matarstað. Var þar enda dynjandi „eighties“ popptónlist í hátölurum morgna sem kvöld, allan þann tíma sem við vorum á staðnum. Maturinn var þó góður og ekki hægt að kvarta yfir þjónustulund og viðmóti gestgjafanna. Loks var haldið á gististaðinn sem kallaði fram ýmsar samlíkingar á borð við „gamaldags geðsjúkrahús“ eða „elliheimili“. Þegar til kom reyndust aðstæður þó hinar ágætustu og vel fór um alla þegar búið var að raða niður á herbergi.

Valdi vinur okkar

Morguninn eftir var langferðabifreiðin mætt til að aka okkur í morgunverð á Café Svetaine. Þar upplifðum við eitt af þessum dásamlegu augnablikum sem verða að ógleymanlegri minningu. Er við stigum úr bifreiðinni kom á móti okkur glaðbeittur maður, leit á okkur stórum og björtum augum sem virtust lýsa því yfir að honum þætti óendanlega vænt um okkur öll og sagði hátt og snjallt: „Hello, My name is Valdas. I will be your friend for today“.

Engu laug hann Valdi vinur okkar um það enda vann hann hug og hjörtu alls hópsins það sem eftir lifði hátíðar.



Grimms á sviðinu í Litháen

Þennan dag fóru Valdi og kona hans Zivilé, (ekki sú sama og tók á móti okkur flugvellinum) með okkur í mikla skoðunarferð um héraðið. Meðal annars fórum við í litháískt „Árbæjarsafn“ sem var þó öllu meira að vöxtum en okkar. Slíkar safnaferðir eru ekki alltaf skemmtilegar en þessi reyndist framur vonum. Að einhverju leyti var það að þakka góðlegum leiðsögumanni sem mætti okkur við innganginn og fór með okkur um svæðið sem er nokkrir hektarar en svo var einfaldlega æði margt spennandi og skemmtilegt sem fyrir augu bar.

Valdas og Zivilé höfðu tekið með sér gríðarstóra nestiskörfu og eftir að hafa gert innihaldi hennar góð skil var haldið í heimsókn í nunnuklaustur eitt stórt og mikið sem hreinlega andaði á okkur sögunni úr öllum hornum. Á móti okkur tók nunna sem leiddi okkur um og sagði sögu staðarins sem var vægast sagt sviptingasöm og dramatísk. Konan sú arna virtist töfra alla í hópnum upp úr skónum. Hún geislaði af slíkri manngæsku og kærleika að hinir íslensku guðleysingar stöðu lotningarfullir á hana með opinn munninn án þess að mega mæla. Að lokinni „kyrrðarstund“ í tignarlegri kapellu klaustursins yfirgáfum við staðinn og var yfir öllum greinilegt yfirbragð æðri rósemdar, meira að segja mestu stuðboltunum í hópnum. Frá klaustrinu héldum við til Kaunas sem er næststærsta borg Litháen. Þar fékk hópurinn nokkra klukkutíma til að skoða sig um og versla ef svo bar undir. Á heimleið í



Nunnuklaustrið sögufræga

rútunni skenkti Valdas okkur síðan litháískt kryddbrennivín af einhverjum toga og losaði það um söngpípurnar sem voru óspart þandar. Eftir kvöldmat í Café Svetaine komum við heim í „Gervahverfi“ er farið var að kvölda. Eitthvað var um að opnaðar væru bjórflöskur og jafnvel eitthvað sterkara og upphófst nokkur gleði sem náði eitthvað fram á nótt.

Eitthvað er rotið í Danaveldi

Föstudagurinn 26. september rann upp bjartur og fagur en nokkuð svalur, meðan sólin var að reka burtu þokuslæðurnar. Að loknum morgunverði var skundað í Framhaldsskólann í Jonava þar sem okkar biðu þrjú og frjálsglegir litháískir nemendur sem höfðu undanfarið verið að læra um Ísland. Vorum við leidd um skólann eins og hefðarfólk, litum í heimsókn í leiklistarvartíma og var skipt upp í smærri hópa til að heimsækja nokkra bekki. Þar vorum við spurð spjörnum úr um Ísland og greinilegt að nemendur höfðu þegar lært sitt af hverju um landið okkar.



Fjórar blómarósir úr Leikfélagi Kópavogs

Eftir hádegi var síðan loks komið að leiklistinni. Grimmsævintýri var hugsuð sem einhverskonar rúsína í pylsunda því hátíðin snerist aðallega um samvinnuverkefni hins danska Jaegerspris Teater, leikhússins í Jonava og annars litháísks leikhúss sem ekki kom við sögu hér. Leikhúsin unnu hvert um sig upp sýningu á leikriti hins danska Kaj Nissen, Dauðinn í Dóná. Verkið er í raun 55 laustengd atriði sem segja sögu þeirra sem hafa druknað í ánni. Verkið í heild er um 6 tíma langt og því völdu leikhúsin sér atriði til að setja upp. Skemmst er frá því að segja að danska sýningin gerði ekki annað en að styrkja alla okkar fordóma um danskt leikhús. Hún var rúm 3 tímar á lengd, hæg, þung, stíð og gersamlega óáhugaverð. Það jók enn á þjáningarnar að um kvöldið átti að sýna útgáfu gestgjafanna á sama verki og var lítil tilhlökkun í hópnum. Það kom því einstaklega skemmtilega á óvart að litháíska útgáfan reyndist vera leikhús af bestu gerð, hugmyndaþrik og spennandi sýning sem hélt áhorfendum hugföngnum frá fyrstu mínútu til þeirrar síðustu. Litháarnir höfðu þar að auki vit á að hafa sýninguna aðeins klukkutíma langa. Eftir sýninguna vorum við spennt að heyra umræður um verkefnið en þær umræður reyndust merkingarlítið hjal um hluti sem litlu máli skiptu. Um kvöldið fóru allir snemma í háttinn því daginn eftir var komið að okkar sýningu.

„Af litlu bretti“

Laugardagurinn 27. var undirlagður af leiklist. Hluti af hópnum fór á leiksmíðju hjá Gytis Padegimas, um leikaðferðir Mikails Tsjekof og lét vel af honum, þ.e. Gytis. Þá hófst fyrsta

sýning dagsins sem var á vegum unglinga úr grunn- og framhaldsskóla. Hópur þeirra sérhæfir sig í uppsetningu litháískra þjóðsagna og gerir það bara skolli vel ef marka mátti þessa. Líflæg og frumleg sýning sem hélt okkur við efnið allan tímann.

Hádegisverðurinn ætlaði suma í hópnum lifandi að drepa, svo vel úti látinn var hann. Ávaxtasalat í forrétt, kjötsúpa í aðalrétt og steik í eftirrétt? Flestir voru ekkert að velta því frekar fyrir sér heldur gerðu sér bara að góðu. Bubulis og Dundulis voru næstir á dagskrá, ósköp krúttleg sveitasýning, en ekki mjög eftirminnileg, frá Palangaleikhúsinu sem leggur mesta áherslu á slíkar sýningar. Þegar Palangamenn höfðu hreinsað sviðið var loks komið að okkur. Framundan voru 5 klukkutímar til að koma upp leikmynd, stilla ljós og gera allt klárt fyrir sýningu klukkan átta. Nokkuð snúið var að koma upp leikmyndinni enda þurfti í raun að ímprovísiera með það efni sem tiltækt var á staðnum. Það var þó hátíð miðað við raunir Skúla ljósa-meistara sem mátti berjast við afar fornfálegt rússneskt ljósa-borð sem leit út fyrir að hafa verið notað til að koma Spútnik á sporbaug um jörðu. Með samstilltu átaki tókst þetta þó allt en þar sem tíminn var of skammur fyrir heilt rennsli var látið nægja að renna í gegnum einstaka senur.

Áhorfendur fylltu salinn og um áttaleytið hófst sýningin. Þrátt fyrir mikla velgengni Grimmsævintýra heima og erlendis og einróma jákvæða gagnrýni, er aldrei hægt að vera viss um hverjar viðtökur áhorfenda verða, ekki síst þar sem þeir Litháanna sem verið höfðu í Svíþjóð árið áður, voru búnir að byggja upp miklar væntingar fyrir hana. Til allrar hamingju stóðum við fyllilega undir því. Sýningin var reyndar langt frá því að vera með þeim betri en það aftraði áhorfendum ekki frá því að lifa sig inn í hana frá upphafi til enda, hlæja, klappa, hrópa, stappa og meira að segja missa sig í fagnaðarlátum þegar Nornin í Hans og Grétu endaði í ofninum. Í lokin stóð salurinn upp sem einn maður og ætlaði aldrei að hætta að klappa.

Einungis brjáláður maður hefði áfram verið í vafa um að sýningin stæði undir lofinu.



Leikhúsið í Jonava

Opnun og lok

Eftir sýninguna var enginn tími fyrir hópinn til að fagna vel heppnaðri leiksýningu. Svo undarlega sem það hljómar stóð opnun hátíðarinnar fyrir dyrum fyrir utan leikhúsið og beið bæjarstjórinn í Jonava og fleiri mektarmenn, eftir því að við kæmum út svo hefja mætti leik. Opnunin var til allrar hamingju ekki eins löng eins og hún hefði getað verið og niðri á Café Svetaine stóð fyrir dyrum lokahóf hátíðarinnar. Okkur þótti það eilítið einkennilegt að lokahófið fylgdi strax í kjölfar opunar en enginn gerði sér rellu yfir því og menn skemmtu sér hið besta



Snætt undir berum himni

fram eftir kvöldi við dans, drykkju og samveru með gestgjöfum, þátttakendum og hátíðargestum. Í reykfylltu bakherbergi var einnig ýmislegt rætt og m.a. lögð drög að því að leikfélagar okkar í Jonava kæmu til Íslands á leiklistarhátíð BÍL árið 2005. Er þetta er skrifað hafa þeir þegið boð frá stjórn Bandalagsins um að koma næsta sumar til Akureyrar og taka þátt í okkar hátíð.

Gleðinni var haldið áfram í „Gervahverfi“ ásamt danska hópnum fram eftir nóttu enda ekki laust við að erfitt væri að koma öllum á fætur morguninn eftir. Það var þó heldur betur þess virði því í boði var sýning Aglijaleikhússins á Birninum eftir Tsjekof. Teatro Studija Aglija er víða þekkt fyrir einstakar sýningar sem eru á mörkum þess að kallast dansleikhús. Ekki er hægt að segja að sýningin hafi talað til hjartans eins og einhver orðaði það en ótrúleg hæfni leikaranna og mögnuð sviðsetning gerði að einni eftirminnilegustu sýningu sem undirritaður hefur séð. Sjónarspil af bestu gerð.

Kveðjustund

Loks var síðan komið að kveðjustund. Gestum hátíðarinnar var ekið út í skóg þar sem beið grillmatur eins og hver gat í sig látið við undirleik hljómsveitar sem skipuð var Valdas vini okkar og stórfjölskyldu hans, eiginkonu, föður, móður og bróður. Við komumst að því að staðurinn sem við vorum á var áður heimili leikskáldsins Raimondas Samulevicius sem bjó í nágrenni Jonava, en var myrtur af KGB árið 1980. Höfum við velkst í vafa um hvaða stað við áttum í hjörtum vina okkar í Jonava varð það nokkuð ljóst þegar Jonas Andriulevicius, leikstjóri Jonavaleikhússins, kom með vínflösku til okkar sem hann kvað vera úr búi leikskáldsins látna. Hafði hann geymt flöskuna sem dýrgrip þar til rétta tilefnið gæfist til að draga úr henni tappann. Tilefnið merkilega í hans augum var heimsókn okkar auma íslenska leikflokks. Lá við að fólki súrnaði í augum yfir þeirri vináttu sem okkur var þarna sýnd. Getum við vart beiðið til næsta árs eftir að fá að endurgjalda gestrisni þá sem okkur var sýnd í Jonava í september 2003.

Hörður Sigurðarson



Hljómsveitin hans Valda